


**skoðun 16**

## 3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Enski boltinn










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

13. ágúst 2010 — 188. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000




## Vera syngur á frönsku

*Vera Sölvadóttir syngur inn á plötu með frönskum tónlistarmanni.*

**fólk 34**

## Undir einu þaki

*Sögusetur íslenska hestsins hefur aðsetur í hjarta Hólastaðar.*

**tímamót 22**



## Beinskeytt og ákveðið

*Leikaðferð Eyjólfs Sverrissonar gekk fullkomlega upp.*

**sport 30**

## veðrið í dag




**VÆTUSAMT** Í dag verða sunnan 5-10 m/s V-til annars hægari. Væta um mest allt land en þurrt að mestu austanlands. Fremur milt um allt land.

**VEÐUR 4**



**UPPSKERUNNI FAGNAÐ** Þær Helga Rún, Ósk og Sæunn voru kampakátar þegar þær sýndu fjölbreyttan afrakstur sumarsins í skólagörðunum í Gorvík í Grafarvogi í gær. Uppskera um land allt hefur verið afar góð eftir frábært sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hætt við bankakaup eftir hæstaréttardóm

**Erlendir fjárfestar höfðu áhuga á tæpum þrjátíu prósenta hlut í Íslandsbanka. Þeir hættu við eftir að Hæstiréttur dæmdi erlend gengislán ólögmæt. Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir viðhorf hér til erlendra fjárfestinga neikvæð.**

**VIÐSKIPTI** Erlendir fjárfestar misstu áhuga á kaupum á tæpum þrjátíu prósenta hlut í Íslandsbanka eftir að Hæstiréttur dæmdi erlend gengislán ólögmæt í júní. Þeir höfðu sett sig í samband við svissneska risabankann UBS, sem er með hlut skilanefndar Glitnis í bankanum í söluferli, og lýst yfir áhuga á honum.

„Þetta var komið í ágætan farveg en var sjálfhætt eftir gengisdóminn. Eftir hann hafði ekkert gengið,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis. Hann á jafnframt sæti í stjórn Íslandsbanka í krafti eignarhlutar kröfuhafa. Árni bætir við að óstöðugt fjármálaumhverfi hér hafi fælt fjárfestana frá og verði að byrja frá grunni. Hann vill ekki tjá sig um fjárfestana að öðru leyti.

Íslandsbanki er að mestu í eigu erlendra kröfuhafa en félag þeirra, ISB Holding, fer með 95 prósenta hlut. Ríkið á fimm prósentin sem upp á vantar. Fram kom á kynningarfundi skilanefndar í febrúarlok að verðmæti 95 prósenta hlutarins næmi hundrað milljörðum. Nýtt mat er væntanlegt í september.

> Fjárfestar vilja ekki láta koma aftan að sér en það hefur gerst of oft á síðustu mánuðum og misserum.
>
> **FINNUR ODDSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS

Fréttablaðið greindi frá því í mars að þýskir kröfuhafar Glitnis hefðu sett sig upp á móti yfirtöku skilanefndar á 95 prósenta hlut í Íslandsbanka í fyrrahaust og vilji ekki eiga hann til frambúðar. Af þeim sökum setti skilanefnd hlut sinn í bankanum í söluferli snemma á árinu. UBS-bankinn er ráðgjafi við söluna og stefnir skilanefnd að því að nýir eigendur komi að Íslandsbanka á næstu þremur til fimm árum. Söluandvirðið fer upp í kröfur í þrotabú Glitnis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins setja erlendir fjárfestar fyrir sig gjaldeyrishöft, eða vilja að búið verði að koma skikki á gengismál með einhverjum hætti eigi þeir að hafa áhuga á að festa fé sitt hér á landi til langframa.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir þetta ekki koma sér á óvart. Fjárfestar, íslenskir sem erlendir, séu hikandi, kippi jafnvel að sér höndum þegar vinnubrögð stjórnvalda séu jafn tilviljunarkennd og nú og viðhorf neikvætt í garð erlendrar fjárfestingar. „Fjárfestar vilja ekki láta koma aftan að sér en það hefur gerst of oft á síðustu mánuðum og misserum. Þar kemur ýmislegt til, svo sem umræddur gengislánadómur, nýlegar hugmyndir um þjóðvæðingu í orkugeiranum eða breytingar á lögum um yfirtökuskyldu sem eru í raun afturvirkar,“ segir hann.

- jab

Lokað fyrir tölvupóst Jónínu:

## Fátt um svör í ráðuneytinu

**STJÓRNSÝSLA Viðskiptaráðuneytið staðfestir að Jónína S. Lárusdóttir, fyrrum ráðuneytisstjóri, hafi fengið upplýsingarnar um heimild til gengistryggingar, sem viðskiptaráðherra hefur kennt Seðlabankanum um að ráðherra hafi ekki vitað af á sínum tíma.**

**„Það er víst rétt að hún fékk afrit af þessu,“ segir Benedikt Stefánsson, aðstoðarmaður ráðherra, en ekki náðist í Gylfa Magnússon ráðherra.**

**Benedikt segist ekki vita hvort Jónína hafi þá dreift gögnunum víðar, því hún hafi lokað fyrir tölvupóst sinn þegar hún hætti störfum í júlí.**

**Spurður nánar um feril málsins, eftir að Jónína fékk gögnin, segist Benedikt ekki vilja vitna í samtöl sín við Jónínu, né vill hann gefa upp síma hennar. Hann lét Jónínu þó vita af áhuga blaðsins, en hún hafði ekki samband.**

- kóþ / sjá síðu 12

Keppir með hönnun sína:

## Vörubílstjóri í fatahönnun

**FÓLK** Vörubílstjórinn Jóhanna Eva Gunnarsdóttir tekur þátt í fatahönnunarkeppni á vegum Iceland Fashion Week í byrjun september. Hún hefur lagt stund á fatahönnunarnám í Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbraut í Breiðholti og nú síðast í Tækniskólanum. Hún hefur verið með merkið sitt, JEG Fashion, í kollinum í smá tíma og saumað aðeins fyrir sína nánustu.



JÓHANNA EVA GUNNARSDÓTTIR

„Ég hef haft áhuga á saumaskap síðan ég man eftir mér og fékk mína fyrstu saumavél fimm ára,“ segir hún.

- áp / sjá síðu 34







## SPURNING DAGSINS



*„Steindór, fáið þið storminn í fangið?“*

„Við gefumst ekki upp þótt á móti blási.“

Fjárfestingar sjávarúvegsfyrirtækisins Storms Seafood hafa verið í umræðunni vegna aðkomu erlendra fjárfesta að félaginu. Steindór Sigurgeirsson er eigandi Storms Seafood.

Borgarstjóri segir vinnu við fjárhagsáætlun hafa verið eðlilega:

# Gagnrýna seinagang í borgarráði

**STJÓRNMÁL** Minnihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur lagði í gær fram bókun á fundi borgarráðs þar sem seinagangur í vinnu við fjárhagsáætlun borgarinnar er gagnrýndur. Jón Gnarr, borgarstjóri, segir vinnuna hafa verið eðlilega og bendir á að botninn detti úr stjórnsýslu Reykjavíkur yfir hásumarið vegna sumarfría.

„Ég held að þetta sé nú bara að vinnast allt eðlilega. Það voru auðvitað kosningar og svo skömmu eftir þær tóku við sumarfrí og það er bara þannig að þá dettur botninn úr stjórnsýslu Reykjavíkurborgar eins og ég hef upplifað,“ segir Jón Gnarr en bætir við að eftir sinni bestu vitund sé vinnan við fjárhagsáætlunina á áætlun.



JÓN GNARR

Í bókun minnihlutans kemur fram að samkvæmt tímaáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun borgarinnar hafi fagráð borgarinnar átt að nota tímann frá byrjun júní til að ljúka vinnu við stefnumótun og forgangsröðun vegna fjárhagsáætlunarinnar. Nú um miðjan ágúst hafi hins vegar enn ekki neinir fundir verið boðaðir vegna þeirrar vinnu í nokkru fagráði borgarinnar. Að auki er bent á að aðgerðahópur borgarráðs vegna fjármála hafi heldur ekki fundað á þessu tímabili og því liggi formlega ekkert fyrir um þá vinnu sem framundan er vegna fjárhagsáætlunar fyrir komandi ár.

Jón Gnarr segist ekki þekkja eða muna hvaða tímaáætlanir hafi verið lagðar fram en taldi víst að vinnan hefði farið eðlilega fram. **- mþl**



**RÁÐHÚSIÐ** Borgarstjóri segir botninn detta úr stjórnsýslu borgarinnar yfir hásumarið vegna sumarfría. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtakssjóður fær leyfi FME:

## Mega eiga allt að 32,5 prósent

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóður lífeyrissjóðanna hefur fengið skilyrta undanþágu frá tilboðsreglum laga um verðbréfaviðskipti vegna Icelandair Group. Lögin kveða á um að gera verði öðrum eigendum yfirtökutilboð nái einhver yfirráðum yfir 30 prósenta eignarhlut eða meiri í skráðu félagi.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið að Framtakssjóðurinn megi fara með allt að 32,5 prósent hlutafjár í Icelandair vegna þátttöku sjóðsins í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Aðkoma sjóðsins markar mikilvægt skref í endurskipulagningunni og uppfyllir sjóðurinn því skilyrði laganna um undanþágu, að mati FME. **- óká**

Auðgunarbrot til rannsóknar:

## Debetkortaupplýsingum stolið

**LÖGREGLUMÁL Kærð hafa verið til lögreglu auðgunarbrot þar sem afritum segulranda á debetkortum og upplýsingum um PIN númer þeirra hefur verið náð af viðskiptavinum hraðbanka.**

**Meint brot uppgötvuðust þegar tekið var út af debetkortum sex Íslendinga í hraðbönkum í Frakklandi án leyfis í byrjun mánaðarins. Áttu einstaklingarnir það sameiginlegt að hafa fest debetkort sín í hraðbanka í Reykjavík og fengið aðstoð frá erlendum karlmanni við að losa það og gefið upp PIN númer sín í leiðinni.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er um að ræða þekkta blekkingaraðferð. - mþl**

## HELLA

### Bruni í timburhúsi

Eldur kom upp í íbúðarhúsi úr timbri á Hellu í gærkvöldi. Skemmdir urðu nokkrar en enginn var inni í húsinu.

# Í tísku að fjarlægja svitakirtla úr holhönd

**Aðgerðum vegna of mikillar svitamyndunar snarfjölgar á Íslandi. Framkvæmdar eru um fimm slíkar aðgerðir í mánuði hjá Domus Medica eftir tilkomu nýrrar tækni. Neyðarlegt vandamál fyrir marga, segir lýtalæknir.**

**HEILSA** Ný tækni í lýtalækningum hefur gert það að verkum að aðgerðir í handarkrikum vegna of mikillar svitamyndunar hafa færst í vöxt. Guðmundur Már Stefánsson, lýtalæknir hjá Domus Medica, segir að gerðar séu um fimm slíkar aðgerðir í mánuði og kosti á bilinu 100 til 150 þúsund krónur.

„Nýja tæknin gerir það að verkum að það myndast ekki ör í handarkrikanum eins og áður og í því liggur þessi tískubylgja,“ segir Guðmundur.

Aðgerðin er framkvæmd með skafsogi. Megnið af svitakirtlum undir höndunum er eyðilagt sem gerir það að verkum að svitamyndun minnkar til muna. Lítið gat er gert á húðina og farið er með lítið tæki þar inn undir sem eyðileggur á milli 70 og 80 prósent kirtlanna. Upphaflega var aðgerðin framkvæmd á þann veg að stór hluti af húðinni undir höndunum var skorinn burt. Jaðrarnir voru síðan losaðir upp, færðir til og saumaðir saman.

„En því fylgir ör eftir holhöndinni endilangri og eru margar konur ekki hrifnar af því,“ segir Ólafur Einarsson, annar lýtalæknir hjá Domus Medica. „En það er skárra en að vera alltaf lyktandi.“

Ólafur segir marga hafa þurft að líða fyrir of mikla svitamyndun árum saman og það sé algjör óþarfi. Vandamálið sé ekki síður hjá körlum en konum.

„Ég man sérstaklega eftir einum lögreglumanni sem var búinn að eyðileggja nokkra einkennisbúninga með svita og leið mikið fyrir. Hann fór svo í þessa aðgerð og eyðilagði ekki fleiri lögreglubúninga eftir það.“



**VANDAMÁL** Margir glíma við of mikla svitamyndun og líða fyrir það árum saman, að sögn lýtalæknis hjá Domus Medica. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Baldur Tumi Baldursson, húðsjúkdómalæknir á Landspítalanum, segir aðgerðina tiltölulega hættulausa og oft á tíðum virka mjög vel fyrir þá sem þjást af of mikilli svitamyndun undir höndum. Hann segir brottnám svitakirtla ekki orsaka aukna svitamyndun annars staðar á líkamanum. Þó telur hann að Botox-sprautur séu notaðar undir hendurnar í fleiri tilfellum heldur en aðgerðirnar, en slíkt minnkar einnig svitamyndun. Þó þarf að endurtaka Botox-meðferðina með hálfs árs millibili.

Um tuttugu prósent þeirra sem fara í svitakirtlaaðgerð með skafsogi þurfa að koma aftur í aðgerð og í einstaka tilvikum þarf að framkvæma aðgerðina þrisvar.

**sunna@frettabladid.is**

Stjórnarandstaðan vill fund:

## Krafist skýringa á ferli málsins

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Framsóknar tóku í gær undir með þingmönnum Hreyfingar og kröfðust nefndarfundar á þingi um vinnubrögð stjórnvalda vegna gengistryggðra lána og ferils upplýsinga um þau í stjórnkerfinu.

Fyrir fundinn verði kallaðar meðal annarra fyrrum ráðuneytisstjóri og núverandi lögfræðingur viðskiptaráðuneytis.

Á Vísi í gær sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, að viðskiptaráðherra og ríkisstjórnin öll ætti að víkja. **- kóp**

Íslendingur handtekinn:

## Tekinn með dóp í Litháen

**LITHÁEN Íslenskur karlmaður hefur verið handtekinn í Vilnius, höfuðborg Litháen, vegna 1 kílógramms af fíkniefnum, kókaíni og hassi, sem fundust við húsleit.**

**Eftir því sem fram kom í kvöldfréttum RÚV fékk alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra tilkynningu um málið frá yfirvöldum í Litháen í morgun. Haft var eftir Smára Sigurðssyni, yfirmanni alþjóðadeildar, að maðurinn hafi áður komið við sögu lögreglunnar á Íslandi. - jhh**

Íslendingar í útlöndum:

## Kortavelta jókst um 37 prósent

**VIÐSKIPTI** Kreditkortavelta landans erlendis sýnir að Íslendingar eru byrjaðir að taka upp veskið á nýjan leik í útlöndum enda hefur kaupmáttur landans á erlendri grund aukist undanfarið með styrkingu krónunnar.

Í júlí nam kreditkortavelta landans erlendis 3,6 milljörðum króna og jókst um 37 prósent að raungildi frá sama mánuði fyrra.




Hópur slökkviliðsmanna frá Reykjavík og Akureyri sinnir verkfallsgæslu í dag:

# Spenna í viðræðum í gærkvöldi

**VERKALÝÐSMÁL** Flest benti til þess að slitna myndi upp úr viðræðum slökkviliðsmanna við sveitarfélögin þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Verkfall myndi því hefjast klukkan átta í dag og standa til miðnættis.

Frá slökkviliðinu í Reykjavík verða menn sendir norður til Akureyrar strax í bítið til að sinna verkfallsvörslu. Þeir halda síðan til Húsavíkur síðar í dag ásamt slökkviliðsmönnum frá Akureyri, þar sem mæða mun á verkfallsvörslunni þegar flugið flyst þangað eftir að verkfallið skellur á klukkan átta á Akureyrarflugvelli.

Slökkviliðsmenn á Akureyri eru afar ósáttir við fyrirætlanir Isavia, Akureyrarbæjar og slökkviliðsstjórans á Akureyri um að senda bíl slökkviliðsins í annað sinn til Húsavíkur til að sinna þar öryggisstörfum á verkfallstímum.

Sigurður Hermannsson, umdæmisstjóri Isavia á Norðurlandi og flugvallarstjóri Akureyrarvallar, óskaði eftir heimild fyrir notkun á sömu slökkvibifreið á Húsavíkurflugvelli og í síðustu viku.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia, fullyrðir að bifreiðin muni ekki verða færð til Húsavíkur og í stað hennar muni Isavia notast við slökkvibifreið frá Bakkaflugvelli, en hún uppfylli allar tilskildar öryggiskröfur.

Sigurður Hermannsson gat þó ekki staðfest að bifreiðin frá Akureyri myndi ekki fara til Húsavíkur, né hvort sú frá Bakka væri komin á staðinn. **- sv/gb**



**KJÖRUNUM MÓTMÆLT** Á meðal þess sem slökkviliðsmenn krefjast er að laun þeirra endurspegli sérþekkingu þeirra og sérþjálfun sem starf þeirra krefst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Njóttu helgarinnar
Merkið tryggir gæðin!
HAGKAUP Grillkjöt
TILBOÐ 15% afsláttur við kassa
LAMBA LÆRISSNEIÐAR
1.953 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
TILBOÐ 15% afsláttur við kassa
LAMBA KÓTILETTUR
1.953 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
TILBOÐ 15% afsláttur við kassa
LAMBA FRAMPARTUR
1.358 kr/kg.
Merkt verð 1.598.-
Holta
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
594 kr/kg.
Merkt verð 849.-
Heill kjúklingur
ferskur
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.796 kr/kg.
Merkt verð 2.395.-
Kjúklingabringur
í Texas kryddlegi
Holta
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
318 kr/kg.
Merkt verð 398.-
Kjúklingavængir
ferskir
SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
2.121 kr/kg.
Merkt verð 2.828.-
Lærissneiðar
kryddlegnar
Spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!
Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
Maísstönglar
Balsamikmarinerað grænmeti
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu
TILBOÐ
TEXAS KJÚKL. LEGGIR
647 kr/kg.
TILBOÐ
HAUST HAFRAKEX
279 kr/pk.
TILBOÐ
PRINS POLO MINI BITAR
299 kr/pk.
TILBOÐ
SÚKKULAÐI KAKA
999 kr/stk.
Eld Bökuð
TILBOÐ
16" PIZZA 2 TEGUNDIR
998 kr
TILBOÐ
WEETOS
499 kr/pk.
TILBOÐ
WEETABIX
499 kr/pk.
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
BAGUETTE
159 kr/stk.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 15. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## GENGIÐ 12.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,37 | 119,93 |
| Sterlingspund | 186,26 | 187,16 |
| Evra | 153,02 | 153,88 |
| Dönsk króna | 20,536 | 20,656 |
| Norsk króna | 19,19 | 19,304 |
| Sænsk króna | 16,159 | 16,253 |
| Japanskt jen | 1,3987 | 1,4069 |
| SDR | 180,67 | 181,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,6701

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íhugað verður að greina frá fjölda kynferðisbrotamála sem upp hafa komið innan kirkjunnar:

# Starfsmanni kirkjunnar vikið úr starfi

**ÞJÓÐKIRKJAN** Starfsmanni í æskulýðsstarfi innan kirkjunnar var vikið úr starfi í fyrra vegna kynferðisbrota gegn barni. Ekki hefur verið greint frá því hversu mörg mál hafa komið til kasta fagráðs kirkjunnar um kynferðisbrotamál á þeim tólf árum sem það hefur verið starfrækt. Sú ákvörðun verður endurskoðuð að loknum sumarleyfum, að sögn Gunnars Rúnars Matthíassonar, formanns ráðsins.

Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum skoraði í gær á fagráðið að gefa upp fjölda mála. Kirkjan þarf að tryggja að hvergi sé hylmt yfir, sagði Guðrún í samtali við Stöð 2.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir hefur óskað eftir fundi með kirkjuráði til þess að ræða hvernig kirkjan getur tekið betur á kynferðisbrotum. Guðrún Ebba er dóttir Ólafs Skúlasonar, fyrrverandi biskups, sem var sakaður um kynferðisbrot af konum sem leitað höfðu til hans sem sóknarprests.

Í bréfi sínu segir Guðrún Ebba að hún telji nauðsynlegt að kirkjan taki skýra afstöðu gegn kynferðisofbeldi og lýsi því yfir að það sé synd. Þá kemur þar fram að kirkjan eigi að taka virkan þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og jafnframt að efla forvarnarstarf og tryggja að þeir sem ráðnir séu til starfa innan kirkjunnar hafi ekki gerst sekir um slíkt ofbeldi. Samkvæmt fundargerð kirkjuráðs á að boða Guðrúnu Ebbu á fund ráðsins í september.

Femínistafélag Íslands tók undir með Guðrúnu Ebbu í gær. Segir félagið að prestar og trúarleiðtogar séu í valdastöðu og misnotkun á slíkri stöðu sé gríðarlega alvarleg. Þá fagnar félagið þeim skrefum sem kirkjan hefur þegar tekið til að bregðast við kynferðisofbeldi. **- þeb**



**BISKUP** Fagráð á vegum kirkjunnar hefur tekið á kynferðisbrotamálum sem hafa komið upp undanfarin ár en ekki hefur verið greint frá því hversu mörg þau eru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BANDARÍKJUNUM MÓTMÆLT** Hundruð þorpsbúa lokuðu vegi skammt frá höfuðborginni Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þorpsbúar mótmæla:

## Segja saklausa hafa látið lífið

**AFGANISTAN, AP** Hundruð íbúa þorpsins Zarin Khil í austanverðu Afganistan lokuðu þjóðvegi og hrópuðu vígorð gegn Bandaríkjunum í gær. Þeir fullyrtu að bandarískir hermenn hefðu orðið þremur saklausum þorpsbúum að bana.

Bandaríkjaher neitar þessu, en segist hafa drepið nokkra grunaða uppreisnarmenn og tekið talibanaforingja höndum.

Mótmælin koma í beinu framhaldi af fréttum um að mannfall meðal almennra borgara hafi aldrei verið meira síðan Vesturlönd réðust inn í Afganistan árið 2001. **- gb**

## LEIÐRÉTTING

### Vantar í grein Ögmundar

Fyrir slysni féllu niður nokkrar setningar í grein Ögmundar Jónassonar, alþingismanns, sem birtist í blaðinu í gær undir fyrirsögninni: Í tilefni skrifa rithöfundar og prófessors. Á þessu er beðist velvirðingar. Greinina í réttri mynd má lesa á vísir.is.

# Sakborningar svara spurningum vestra

**Sjö fyrrum eigendur og stjórnendur Glitnis banka hafa verið boðaðir til að gefa munnlegan vitnisburð í New York í lok þessa mánaðar. Vitnisburðurinn er vegna kröfu þeirra um að máli slitastjórnar Glitnis á hendur þeim vestra verði vísað frá.**

**DÓMSMÁL** Sakborningar í málshöfðun slitastjórnar og skilanefndar Glitnis á hendur sjö fyrrum eigendum og stjórnendum Glitnis fyrir dómi í Bandaríkjunum þurfa undir lok þessa mánaðar að mæta til New York og gefa munnlegan vitnisburð vegna frávísunarkröfu sinnar á málið.

Farið var fram á frávísun á þeim grundvelli að bandarískir dómstólar hefðu ekki lögsögu í málinu og vegna þess óhagræðis sem það hefði í för með sér fyrir sakborninganna að reka mál sitt vestra. Þetta kemur fram í málsskjölum sem birt hafa verið á vef dómstólsins.

Jón Ásgeir Jóhannesson og sex aðrir fyrrum eigendur og stjórnendur Glitnis banka eru í stefnu skilanefndarinnar krafðir um sem nemur 260 milljörðum íslenskra króna fyrir að hafa staðið að meintu samsæri um að svíkja lánsfé út úr bankanum til að nota í eigin fyrirtæki. Málshöfðunin vestra byggir á því að meint brot sjömenninganna beinist gegn hagsmunum bandarískra lögaðila því þar hafi farið fram skuldabréfaútboð þar sem bankanum hafi verið aflað lánsfjár.

Gert er ráð fyrir því að vitnisburðurinn hjá hverjum og einum geti tekið tvo daga. Jón Ásgeir er boðaður til að gefa vitnisburð mánudaginn 23. ágúst næstkomandi og svo mæta koll af kolli hvern virkan dag þar á eftir, Þorsteinn Jónsson, Jón Sigurðsson, Lárus Welding, Pálmi Haraldsson, Hannes Smárason og Ingibjörg Pálmadóttir, allt til 31. ágúst. Vitnaleiðslurnar fara fram á lagaskrifstofum Steptoe & Johnson í New York og hefjast allar klukkan tíu árdegis.



**Á GLITNISFUNDI** Lárus Welding, fyrrum forstjóri, og Þorsteinn Jónsson, fyrrum stjórnarformaður Glitnis, á aðalfundi bankans í febrúar 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Framlagning gagna og mótgagna vegna frávísunarkröfu sakborninganna og annarra krafna í málinu stendur fram í október næstkomandi, en 12. þess mánaðar verður frávísunarkrafan sjálf tekin fyrir.

Í skjölum sem birt hafa verið á vef dómsins kemur fram að skilanefndin krefur sjömenningana um ítarleg gögn. Má þar nefna gögn varðandi ferðir þeirra, búsetu, eignir, viðskipti, eignarhald fyrirtækja og umfang fyrirtækjarekstrus í Bandaríkjunum.

Þannig er krafa um gögn frá Jóni Ásgeiri í 72 liðum. Í þeim fyrsta er krafist gagna sem staðfesti hvern dag sem hann hefur dvalið í New York, í öðrum hvern dag sem hann hefur dvalið í Bandaríkjunum, og þeim þriðja gögn sem staðfesti hvern dag sem hann hefur dvalið á Íslandi frá byrjun þessa árs.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, hafði ekki kynnt sér af hverju sóst væri eftir þessum gögnum í gær. Hún á von á því að niðursaða fáist í málið öðru hvoru megin við næstu áramót.

**olikr@frettabladid.is**

Bílamál Jóns gagnrýnd:

## Segja borgarstjóra hafa brotið siðareglur

**STJÓRNMÁL Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna segja Jón Gnarr borgarstjóra brjóta siðareglur borgarstjórnar með því að semja við fyrirtæki um ókeypis notkun á bifreið fyrir embætti sitt.**

**Tilkynnt var um það síðastliðinn föstudag að Jón Gnarr hefði tekið í notkun vistvænan Ford Explorer bíl sem embætti borgarstjóra hefði verið lánaður tímabundið. Samningur um notkun bílsins var gerður við Íslenska Nýorku, sem er í eigu nokkurra opinberra aðila og þriggja erlendra fyrirtækja.**

**Jón Gnarr segist ekki sammála því að hann hafi brotið siðareglur borgarstjórnar og segir um að ræða saklaust og skemmtilegt verkefni sem farið hafi verið í til að vekja athygli á kostum og göllum vistvæna ökutækja. Hann ætlar að láta skoða hvort hann hafi gerst sekur um brot. - mþl**

BSRB styður verkfallsrétt:

## Vill deiluaðila að borðinu

**KJARAMÁL** Stjórn BSRB áréttar í tengslum við kjaradeildu Landsssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna að verkfallsréttur stéttarfélaga er neyðarréttur þeirra. Mikilvægt sé að hann sé virtur af öllum sem hlut eiga að máli.

Þetta kemur fram í ályktun frá stjórn BSRB. Bandalagið tekur fram að um löglega boðaðar aðgerðir sé að ræða og öll inngrip þar í séu ólíðandi. Hvetur stjórnin deiluaðila til að setjast aftur að samningaborði og leysa málin, það sé eina leiðin. **- jab**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Það dregur úr vætu til morguns en það verður yfirleitt úrkomulítið á morgun og bjart suðaustanlands. Á sunnudag eru horfur á vænum skammti af vætu með fremur stífri sunnanátt en þá má búast við talsverðum hlýindum norðaustanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 19° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 25° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 20° |
| París | 23° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51042 08/10






+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar aðra leiðina. Miðað við flug frá 8. október.

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú landbúnaðarráðherra hafa hagsmuni almennings að leiðarljósi í mjólkurmálinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 17,6% |
| Nei | 82,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að hið opinbera eigi að niðurgreiða smokka á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Blaðalestur dregst saman yfir hásumarið samkvæmt könnun Capacent:

# Nær helmingi fleiri lesa Fréttablaðið en Mogga

**FJÖLMIÐLAR** Ný könnun Capacent á lestri dagblaða kom út í gær. Samkvæmt henni er meðallestur Fréttablaðsins í maí til júlí 61,4 prósent en meðallestur Morgunblaðsins 32,1 prósent hjá öllum aldurshópum. Lestur Morgunblaðsins hefur ekki áður mælst minni í könnunum Capacent. Samkvæmt þessu hefur Fréttablaðið 91,3% meiri lestur en Morgunblaðið.

Lestur á báðum blöðum hefur dregist saman frá síðustu könnun, sem náði til febrúar, mars og apríl. Þá var lestur Fréttablaðsins 64,0 prósent en lestur Morgunblaðsins 34,8 prósent. Þetta er svipuð þróun og undanfarin ár en blaðalestur dregst yfirleitt saman á sumrin. Á sama tímabili í fyrra lásu 61,1 prósent landsmanna Fréttablaðið en 39,1 prósent Morgunblaðið.

Alls hafði 81,0 prósent lesið að minnsta kosti eitt tölublað Fréttablaðsins í hverri viku en 54,2 prósent að minnsta kosti eitt tölublað Morgunblaðsins. Í síðustu könnun var uppsafnaður lestur Fréttablaðsins 81,6 prósent en Morgunblaðsins 57,7 prósent.

Munurinn á blöðunum er mestur í hópnum 18 til 49 ára á höfuðborgarsvæðinu þar sem 74,9 prósent lesa Fréttablaðið daglega en 24,9 prósent lesa Morgunblaðið. Það er munur um 210 prósent. **- mþl**



**FRÉTTABLAÐIÐ OG MORGUNBLAÐIÐ** Lestur beggja blaða dregst saman frá síðustu könnun en það er sama þróun og sést yfirleitt á sumrin.



**BÓLUSETNING** Búist er við að svínainflúensa gangi sem árlegur faraldur eftirleiðis, en án viðlíka skaða og haustið 2009.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðbúnaður vegna flensu:

## Af hættustigi yfir í óvissuna

**HEILBRIGÐISMÁL Viðbúnaðarstig vegna svínainflúensu (H1N1) hefur verið lækkað úr því að vera hættustig og niður á óvissustig, að því er fram kemur á vef Almannavarna.**

**Breytingin kemur í kjölfar yfirlýsingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá því á miðvikudag um að heimsfaraldur inflúensu sé genginn yfir. Stofnunin hvetur þó til ýtrustu árvekni því reynslan hafi sýnt að heimsfaraldrar gangi yfir í síðari bylgjum sem erfitt sé að spá fyrir um.**

**Fram kemur að helmingur Íslendinga hafi þegar verið bólusettur, en hér sé líka til nægilegt bóluefni gegn flensunni sem nota megi þyki ástæða til. - óká**

Fá meira fyrir kindakjötið:

## Salan lítið breytt milli ára

**LANDBÚNAÐUR** Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) ákvað á fundi sínum á mánudag að nýta heimild og gefa út nýtt viðmiðunarverð á kindakjöti. Verðskráin hækkar um fimm prósent frá í fyrra, sem er sambærilegt við hækkun vísitölu neysluverðs á sama tíma.

Verðlagning á kindakjöti er frjáls en LS hefur heimild til að gefa út viðmiðunarverð til bænda.

Í tilkynningu frá stjórn samtakanna kemur fram að sala á kindakjöti hafi verið með svipuðu móti innanlands á fyrstu sex mánuðum ársins og í fyrra. **- jab**

# Ríkið gæti tapað á Sjóvá

**Hópur fjárfesta vinnur að tilboði í Sjóvá. Hið opinbera setti tæpa tólf milljarða króna í reksturinn til að bjarga félaginu frá gjaldþroti fyrir rúmu ári. Fjöldi fjárfesta hafði áhuga á rekstrinum en taldi verð of hátt.**

**VIÐSKIPTI** Kaupendur tryggingafélagsins Sjóvár gætu þurft að reiða fram rúma sex milljarða króna fyrir hlut í félaginu eigi núverandi eigendur að koma út á sléttu. Að öðrum kosti gætu þeir síðarnefndu tapað háum fjárhæðum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ríkið, skilanefnd Glitnis og Íslandsbanki lögðu sextán milljarða inn í Sjóvá til að forða félaginu frá gjaldþroti fyrir rúmu ári. Ríkissjóður lagði fram 11,6 milljarða.



**HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON**



**ÁRSÆLL VALFELLS**

Viðskiptablaðið greindi frá því í gær að viðræður væru langt komnar um kaup hóps fjárfesta á rúmum fjörutíu prósenta hlut í Sjóvá. Ekki hefur náðst endanleg sátt um verð.

Fjárfestarnir Heiðar Már Guðjónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, og Ársæll Valfells, lektor við Háskóla Íslands, leiða hópinn ásamt systkinunum Guðmundi og Berglindi Jónsbörnum, kenndum við útgerðarfyrirtækið Sjólaskip. Fjórmenningarnir kaupa helming á móti fagfjárfestum, svo sem lífeyrissjóðum. Hvorki náðist í Heiðar né Ársæl í gær.

„Við vonum að niðurstaða af eða á fáist á næstu vikum,“ segir Haukur Benediktsson, forsvarsmaður Eignasafns Seðlabankans, sem fer með 73 prósenta hlut ríkisins í tryggingafélaginu. Skilanefnd Glitnis á átján prósenta hlut og Íslandsbanki níu.

Margir munu hafa haft áhuga á Sjóvá eftir að Íslandsbanki setti félagið í söluferli í byrjun árs en talið félagið of dýrt, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það mun óvissa um virði eigna Sjóvár, ekki síst skuldabréf félaga á borð við Askar Capital, sem farið er í þrot.

Ekki er vitað hvort viðræður eigenda og væntanlegra fjárfesta hafi skilað sér í lægra verði. Talið er að einhver lending hafi náðst þar sem viðræður séu komnar þetta langt. Fari verðið undir sex milljarða króna sé ljóst að núverandi eigendur þurfi að færa tap í bækur sínar. **jonab@frettabladid.is**



**SJÓVÁ** Verðmiðinn á Sjóvá mun hafa verið of hár í upphafi. Lending er sögð í farvatninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Sjóvá var í raun gjaldþrota

Fjárfestingarfélagið Milestone keypti Sjóvá árið 2006. Félagið var í eigu bræðranna Karls og Steingríms Wernerssona. Skilanefnd Glitnis tók Milestone yfir eftir fall bankanna haustið 2008. Um miðjan maí í fyrra var tilkynnt að Sjóvá uppfyllti ekki skilyrði laga um gjaldþol og að tíu milljarða króna vantaði til að eigið fé teldist jákvætt. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu og uppstokkun á rekstrinum eignaðist ríkið, skilanefnd Glitnis og Íslandsbanki félagið. Þá gerði embætti sérstaks saksóknara húsleit í húsakynnum Milestone, Sjóvár og á heimilum stjórnenda fyrirtækjanna í júlí í fyrra vegna gruns um brot á lögum um hlutafélög, starfsemi tryggingafélaga eða umboðssvik. Rannsókn á málinu stendur enn yfir hjá embættinu.



KRAFTUR

Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein

# Takk fyrir stuðninginn

*„Upplifum vellíðan saman í sumar í formi hreyfingar og ánægjulegrar samveru"*

Það er öllum mikilvægt að stunda heilbrigða útiveru og hreyfingu og þá ekki síst ungu fólki sem hefur greinst með krabbamein.

Í sumar hefur hópur fólks á vegum Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, staðið fyrir átaki undir kjörorðinu hér að ofan.

Markmiðið er að hvetja félagsmenn okkar og aðstandendur til að drífa sig út í sumarið og njóta hreyfingar og samveru. Hitt markmið átaksins er að safna peningum til stuðnings félaginu og starfsemi þess.

## Eftirfarandi fyrirtæki veittu Krafti sérstakan stuðning í sumar:

**Reykjavík:** Afltækni ehf G & K Seafood ehf 7.is hef A. Wendel ehf AB varahlutir ehf Aðalvík ehf Alþýðusamband Íslands, www.asi.is Arctic rafting ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns Arkform, T.G.M. ráðgjöf Arkitektastofan OG ehf Arkís ehf arkitektar og ráðgjöf Athygli ehf Á.K. Sjúkraþjálfun ehf B.K.flutningar ehf BabySam á Íslandi Bati - sjúkraþjálfun ehf Betri bílar hf, bifreiðaverkstæði Bifreiðaverkstæði H.P. ehf Bílasmiðurinn hf Bílaverkstæði Auðunns Ásberg ehf BJ endurskoðunarstofa ehf Björnsbakarí ehf v/Skúlagötu Blaðamannafélag Íslands Blikksmiðja Reykjavíkur Boreal ehf Bókaútgáfan Hólar ehf Bókaútgáfan Örn og Örlygur ehf Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf Bóksala kennaranema Brauðhúsið ehf Brúskur Hárstofa ehf Bryndís K. tannsmíðastofa ehf BSRB CCP hf Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf Danica sjávarafurðir ehf Dún- og fiður ehf Efling stéttarfélag Egill Kolbeinsson tannlæknir Eignamiðlunin ehf Einar Jónsson Skipaþjónusta Elding / Hvalaskoðun Reykjavík ehf Endurskoðendaþjónustan ehf Englabörnin ehf Ernst & Young hf Evrópulög ehf Fagmálun -Litaval sf Farmanna- og fiskimannasamband Íslands Fasteignamarkaðurinn ehf Fasteignasalan Garður ehf Finnbogi Helgason, tannsmiður Fiskbúð Hólgeirs í Mjódd Fiskmarkaðurinn veitingahús Fraktflutningar ehf Frumherji hf Fröken Júlía ehf Fuglar ehf Gátun ehf GB Tjónaviðgerðir ehf Geotek ehf Gestamóttakan ehf - Your Host in Iceland GlaxoSmithKline Gnýr sf Grásteinn ehf Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili Guðmundur Arason ehf - smíðajárn Gullsmiðurinn í Mjódd Gunnar Rósarson - Tanngo ehf Háfell ehf Heilsa ehf Helgi Björnsson Hið íslenska biblíufélag Hjálpræðisherinn á Íslandi HM Bókhald ehf Hollt og gott ehf Hótel Reykjavík HRM Legal ehf Húsalagnir ehf Hylling ehf - Verslunin Brim Hyrningur ehf Höfðakaffi ehf Ice Consult ehf Iceland Seafood ehf IceMed á Íslandi ehf Iðnaðarlausnir ehf Inter Cultural Ísland ehf Intrum á Íslandi ehf Íslandsfundir ehf Íslandspóstur hf Íslensk erfðagreining Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf Íþróttafélagið Fylkir J. S. Gunnarsson hf JK Bílasmiðja ehf Jón Ásbjörnsson hf Jónar Transport hf JP Lögmenn ehf Karl K. Karlsson hf Kaþólska kirkjan á Íslandi Kjöthöllin ehf Kleifarás ehf Knattspyrnusamband Íslands KOM almannatengsl Kristján F. Oddsson ehf Landsnet hf Lifandi vísindi Litir og föndur - Handlist ehf Litla kaffistofan Líf, snyrtistofa Lyfjaver ehf Margt smátt ehf Marport ehf Mentor ehf Mótorverk ehf Múrþjónusta Braga ehf Nautica ehf Nethönnun ehf Neytendasamtökin Nobex ehf Nonnabiti Nordica ráðgjöf ehf Oddgeir Gylfason, tannlæknir OMX Nordic Exchange Iceland ORKUVIRKI ehf Ó. Johnson & Kaaber ehf Ólafur Hans Grétarsson, tannlæknir Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf Passamyndir ehf, Hlemmi Páll V. Einarsson ehf Pálmar ehf Pixel ehf www.pixel.is Pixlar ehf Prentlausnir ehf Rafbogi ehf Rafha ehf Rafsvið sf Rangá sf Ráðgjafar ehf Reykjavíkurborg Reykjavíkurprófastsdæmi eystra Rikki Chan ehf Rimaskóli Ríkiskaup RJ Verkfræðingar ehf Rolf Johansen & Co ehf S.K.bólstrun ehf Samtök atvinnulífsins SFR stéttarfélag í almannaþjónustu Sigurboginn ehf Sjálfstæðisflokkurinn Skorri ehf Skóarinn í Kringlunni ehf Skólavefurinn.is Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs SM kvótaþing ehf Smith og Norland hf Stansverk ehf Starfsgreinasamband Íslands Staukur ehf Stálbyggingar ehf Steindór Jónsson ehf Stig ehf Stilling ehf Stólpi ehf Tandur hf Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur ehf Tannlæknastofa Kjartans Arnars Þorgeirssonar Tannlæknastofa Ólafs Páls Jónssonar Tannlæknastofa Sigurðar Björgvinssonar Tannlæknastofa Sigurjóns Tannlæknastofa Þórðar Birgissonar ehf Toppfiskur ehf Tónheimar ehf Trausti Sigurðsson tannlæknir Túnþökuþjónustan ehf sími: 897 6651 Tölvu- og tækniþjónustan ehf Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf V.R. Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf Varahlutaverslunin Kistufell Vectura ehf Vegamót www.vegamot.is Veiðivon Veitingahúsið Caruso Verkfræðistofan Skipatækni ehf Verslunarskóli Íslands Verslunartækni ehf Vélaverk ehf Vélaverkstæðið Kistufell ehf Viðlagatrygging Íslands Vilhjálmsson sf Vinnumálastofnun Vífilfell hf Víkurvagnar ehf VSÓ Ráðgjöf ehf VT þjónustan ehf www.ibudagisting.is www.madurlifandi.is Ögurvík hf **Seltjarnarnes:** About Fish Íslandi ehf Falleg gólf - parketþjónusta frá 1984 Studio V ehf **Vogar:** V.P.vélaverkstæði ehf **Kópavogur:** Allianz á Íslandi hf Arnardalur sf Bakkabros ehf Bílaþvottastöðin Löður ehf Bílhúsið ehf BJ-verktakar ehf Blikkform ehf Bókun sf endurskoðun Byggðaþjónustan ehf dk hugbúnaður ehf., www.dk.is Fjölvirki ehf Goddi ehf Guðjón Gíslason ehf Gunnar Leifsson ehf Gæðaflutningar ehf Hagblikk ehf Ingimundur Einarsson ehf málari Íslandsspil sf KB Ráðgjöf Kjötpól ehf Kópavogsbær Kríunes ehf Litlaprent ehf Ljósvakinn ehf Lögmannsstofa SS ehf Marás ehf Norm X ehf Nýmót ehf Ókeypis prjónaklúbbur www.tinna.is Óskar og Einar ehf Point á Íslandi ehf Prentsmiðjan Viðey ehf Prófíll - tannrétting slf Rafbreidd ehf Réttingarverkstæði Trausta Smurstöðin ehf Svansprent ehf Söluturninn Smári Tannbjörg ehf, Elva Björk Sigurðard. tannlæknir Tannlæknastofa Láru Ólafsdóttur Tannlæknastofa Tinnu Kristínar Snæland Tannlæknastofan Smárinn Vatnsvirkjar ehf, almenn pípulögn og þjónusta Vaxa ehf Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf Vilji ehf Vídd ehf, flísaverslun Þokki ehf **Garðabær:** Álheimar ehf Endurskoðun og ráðgjöf ehf Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf G.M. Byggir ehf Garðaflug ehf Geislatækni ehf Laser-þjónustan H.Filipsson sf Ísafoldarprentsmiðja ehf Klínisk tannsmiðja Kolbrúnar, 895-7096 Miklatorg hf - IKEA Nýþrif ehf Rafboði Garðabæ ehf Samhentir - umbúðalausnir ehf Tannlæknastofa Úlfhildar Leifsdóttur Úranus ehf Vistor hf Öryggisgirðingar ehf **Hafnarfjörður:** Actavis hf Aðalskoðun hf Airbrush & makeup gallery Fiskvinnslan Útvík ehf Format / Akron ehf Fura málmendurvinnslan ehf Gullfari ehf Hafnarfjarðarhöfn Heilsubúðin Héðinn Schindler lyftur hf Icetransport ehf J.B.G fiskverkun ehf J.K. Lagnir ehf Kæling ehf Pylsuvagninn í Hafnarfirði Raftækjavinnustofa Sigurjóns Guðmundssonar ehf Skógræktarfélag Hafnarfjarðar Snati.is Stál og suða ehf Svarti Pétur ehf Sæli ehf Umbúðamiðlun efh Verkalýðsfélagið Hlíf Vélaverkstæði Hjalta Einars ehf Viðhaldsverk ehf **Álftanes:** Erlendur Björnsson ehf **Reykjanesbær:** Ásberg fasteignasala ehf Aflbinding ehf ÁÁ verktakar ehf., viðhald fasteigna s: 898 2210 B & B Guesthouse Bílrúðuþjónustan ehf DMM Lausnir ehf Fitjavík ehf Helga Ragnarsdóttir HS Orka hf Húsanes ehf, byggingarverktakar Ísfoss ehf Íslenska félagið ehf Kaplavæðing ehf Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs Olsen Olsen Rafiðn ehf Ráin, veitingasala Reykjanesbær Samkaup hf Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf Skipting ehf Starfsmannafélag Suðurnesja Suðurflug ehf Tannlæknast Einars Magnúss ehf Toyota, Reykjanesbæ Verkfræðistofa Suðurnesja hf Verslunarmannafélag Suðurnesja **Grindavík:** Einhamar Seafood ehf Grindavíkurkirkja Grindin ehf, trésmiðja H.H. Smíði ehf Haustak ehf Vísir hf www.stafholthestar.is **Sandgerði:** Þensla ehf **Garður:** GSE ehf Gunnar Hámundarson ehf Sveitarfélagið Garður **Mosfellsbær:** Byggingarverktaki Ari Oddsson ehf Elektrus ehf - löggiltir rafverktakar Garðyrkjustöðin Gróandi Glertækni ehf Ingimundur Magnússon Kraftlagnir ehf Kvenfélag Lágafellssóknar Mosi ehf Nonni litli ehf Reykjabúið ehf Seljabrekka ehf **Akranes:** Akraborg ehf Apótek Vesturlands ehf Bjarmar ehf vélaleiga Byr AK-120 Ehf, Álmskógum 1 Gísli og Kristján sf Model ehf Síldin AK 88 Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar Straumnes rafverktakar Verkalýðsfélag Akraness Vélaleigan Þróttur Vignir G. Jónsson hf GT Tækni ehf **Borgarnes:** Bjarni, Guðrún og Þorgerður Bókhalds- og tölvuþjónustan sf Ferðaþjónustan Húsafelli ehf Kvenfélag Stafholtstungna Skógræktarfélag Borgarfjarðar Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf Sæmundur Sigmundsson ehf Vegamót, þjónustumiðstöð Vélabær hf bíla- og búvélaverkstæði Vélaverkstæði Kristjáns ehf Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf **Reykholt Borgarfirði:** Garðyrkjustöðin Varmalandi **Stykkishólmur:** Sæfell Sæmundarpakkhús, Stykkishólmi Sæferðir ehf Tindur ehf **Grundarfjörðu:** Berg - vélsmiðja ehf Ferðaþjónustan Áning Kverná Soffanías Cecilsson hf **Ólafsvík:** Fiskiðjan Bylgja hf Steinunn ehf **Hellissandur:** Esjar SH-75 Ingibjörg ehf KG Fiskverkun ehf Kristinn SH-112 Nónvarða ehf **Búðardalur:** Rafsel Búðardal ehf **Ísafjörður:** Hamraborg ehf Skarphéðinn Gíslason Stál og Hnífur ehf Teiknistofan Eik ehf Tréver sf Ferðaþjónustan í Heydal s: 456 4824 www.heydalur.is **Hnífsdalur:** Verkstjórafélag Vestfjarða **Bolungarvík:** Jakob Valgeir ehf Klúka ehf Sigurgeir G. Jóhannsson ehf **Súðavík:** Súðavíkurhreppur **Flateyri:** Sytra ehf **Patreksfjörður:** Oddi hf, fiskverkun Tjaldur BA 68 **Tálknafjörður:** Gistiheimilið Bjarmalandi ehf TV - verk ehf **Þingeyri:** F&S Hópferðabílar ehf Skjólskógar á Vestfjörðum **Staður:** Bæjarhreppur Kvenfélagið Iðunn **Hólmavík:** Thorp ehf **Drangsnes:** Útgerðarfélagið Gummi ehf **Norðurfjörður:** Hótel Djúpavík ehf **Hvammstangi:** Selasetur Íslands ehf Þorbjörn Ágústsson **Blönduós:** Grettir sf, fjölritunarstofa Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda Samband austur-húnvetn kvenna Húnavatnshreppur **Skagaströnd:** Vélaverkstæði Skagastrandar **Sauðárkrókur:** Kaupfélag Skagfirðinga K-Tak ehf Skagafjarðarveitur ehf Sveitarfélagið Skagafjörður - Ráðhús Verslun Haraldar Júlíussonar Vörumiðlun ehf **Varmahlíð:** Akrahreppur Skagafirði **Hofsós:** Vesturfarasetrið **Siglufjörður:** SR-Vélaverkstæði hf **Akureyri:** Akureyrarhöfn Bautinn og Smiðjan, veitingasala Bjarni Fannberg Jónasson ehf Blikkrás ehf Félagsbúið Hallgilsstöðum Friðrik Páll Jónsson, háls, nef og eyrnalæknir G. V. Gröfur ehf Garðar Guðmundsson Haukur og Bessi tannlæknar Hnýfill ehf Húsprýði sf Ísgát ehf Kjarnafæði hf Kollgáta ehf Líkamsræktin Bjarg ehf Ljósco ehf Lögmannshlíð lögfræðiþjónusta ehf Miðstöð ehf Myndlistaskólinn á Akureyri Netkerfi og tölvur ehf Norðurorka hf Pallaleigan ehf Raftákn ehf Samvirkni ehf Sjúkrahúsið á Akureyri Svalbarðsstrandarhreppur Tikk Takk Vélaleiga Halldórs G. Baldurssonar ehf Vélsmiðjan Ásverk ehf **Grenivík:** Darri ehf Stuðlaberg útgerð ehf **Grímsey:** Sæbjörg ehf Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf **Dalvík:** Vélvirki ehf, verkstæði G.Ben útgerðarfélag ehf Níels Jónsson ehf **Ólafsfjörður:** Freymundur ÓF-006 Sjómannafélag Ólafsfjarðar **Hrísey:** Eyjabúðin Norðurskel ehf **Húsavík:** Framhaldsskólinn á Húsavík Félagsbú Hvalaskoðun Höfðavélar ehf Sorpsamlag Þingeyinga ehf Trilla ehf Val ehf Öryggi ehf **Laugar:** Norðurpóll ehf **Raufarhöfn:** Önundur ehf **Bakkafjörður:** Hraungerði ehf **Vopnafjörður:** Mælifell ehf Vopnafjarðarhreppur **Egilsstaðir:** Austfjarðaflutningar ehf Bílamálun Egilsstöðum ehf Klausturkaffi ehf Verkfræðistofa Austurlands ehf Ylur hf **Seyðisfjörður:** Seyðisfjarðarkaupstaður **Mjóifjörður:** Sigfús Vilhjálmsson **Reyðarfjörður:** Launafl ehf Þvottabjörn ehf **Eskifjörður:** Bókabúðin Eskja Eskja hf Fjarðaþrif ehf **Neskaupstaður:** Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf Síldarvinnslan hf, útgerð **Fáskrúðsfjörður:** Loðnuvinnslan hf **Höfn í Hornafirði:** Erpur ehf Grábrók ehf Heilbrigðisstofnun Suðausturlands Hornabrauð ehf Skinney - Þinganes hf Skólaskrifstofa Hornafjarðar Vélsmiðjan Foss ehf **Selfoss:** Bakkaverk ehf Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf Bisk-verk ehf Búnaðarfélag Bláskógabyggðar Búnaðarfélag Villingaholtshrepps Búnaðarsamband Suðurlands Flóahreppur Grímsneshreppur og Grafningshreppur Guðmundur Tyrfingsson ehf Gufuhlíð ehf Jeppasmiðjan ehf Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps Kvenfélag Hraungerðishrepps Nesey ehf Pylsuvagninn Selfossi Ræktunarsamband Flóa og Skeiða S. G. Hús hf Selhús ehf Tannlæknastofa Halls og Petru Toppmenn ehf Veitingastaðurinn Menam Hveragerði Heilsustofnun NLFÍ **Hveragerði:** www.hnlfi.is **Þorlákshöfn:** Fiskmark ehf Frostfiskur ehf Sveitarfélagið Ölfus **Eyrarbakki:** Sólvellir heimili aldraðra **Stokkseyri:** Fjöruborðið veitingahús, Stokkseyri **Laugarvatn:** Ásvélar ehf **Flúðir:** Fögrusteinar ehf **Hella:** Gisti- og veitingahúsið Árhús, Hellu Trésmiðjan Ingólfs ehf Verkalýðsfélag Suðurlands Hvolsvöllur Héraðsbókasafn Rangæinga Búaðföng, Hvolsvelli Byggðarsafnið í Skógum Jón Guðmundsson Krappi ehf, byggingaverktakar Kvenfélagið Bergþóra Kvenfélagið Hallgerður Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli **Vík:** Byggingafélagið Klakkur ehf Kvenfélag Hvammshrepps Mýrdælingur ehf RafSuð ehf Víkurprjón ehf **Kirkjubæjarklaustur:** Ferðaþjónustan Hunkubökkum - hunkubakkar@simnet.is Kvenfélag Skaftártungu Skaftárhreppur Ungmennafélagið Ármann **Vestmannaeyjar:** Bessi hf Eyjablikk ehf Ísfélag Vestmannaeyja hf Miðstöðin ehf Ós ehf Pétursey ehf Skýlið Suðurprófastsdæmi Vélaverkstæðið Þór ehf Vöruval ehf

27 Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 21. ágúst 2010

Þeir sem vilja heita á Kraft eða önnur góðgerðarfélög í Maraþoni Íslandsbanka 2010 geta kynnt sér málið á **www.hlaupastyrkur.is**

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu háir skattar eru lagðir á smokka?*
2. *Hver er aðstoðarmaður viðskiptaráðherra?*
3. *Hversu lengi hefur verslunin Sautján verið á Laugaveginum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Stuðningur við ríkisstjórnina dregst saman samkvæmt könnun Capacent:

# Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 35 prósenta fylgi í nýrri könnun Capacent á fylgi stjórnmálaflokkanna sem unnin var 30. júní til 27. júlí. Fylgi Vinstri grænna mælist nú nítján prósent og Samfylkingarinnar 24 prósent. Stuðningur við ríkisstjórnina mælist 38 prósent og hefur ekki mælst minni.

Þær breytingar verða á fylgi flokkanna milli mánaða að Sjálfstæðisflokkurinn eykur fylgi sitt um tvö prósentustig og hefur ekki mælst jafn hátt síðan í apríl 2008. Vinstri grænir tapa tveimur prósentustigum og fylgi Samfylkingarinnar eykst um eitt prósentustig. Fylgi Framsóknarflokksins stendur í stað í tólf prósentum. Þá segjast tæplega fjögur prósent ætla að kjósa Hreyfinguna og sex prósent segjast myndu kjósu aðra flokka. Þar af ætla nálægt tveimur prósentum að kjósa Borgarahreyfinguna og sami fjöldi segist styðja Besta flokkinn.

Stuðningur við ríkisstjórnina mælist eins og áður sagði 38 prósent en í síðustu könnun sögðust 41 prósent styðja ríkisstjórnina.

Rúmlega ellefu prósent svarenda neituðu að gefa upp afstöðu sína og þá sögðust sautján prósent myndu skila auðu eða ekki kjósa ef kosningar færu fram í dag. **- mþl**



**ALÞINGI** Formaður Sjálfstæðisflokksins í ræðustól. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vatn streymir aftur í tjörnina:

# Hreinsun lokið í Tjarnargarði

**EGILSSTAÐIR** Vatn streymir nú á ný í tjörnina í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum, að því er fram kemur á vef Fljótsdalshérðaðs.

Lokað var fyrir vatnsstreymi til þess að auðvelda hreinsun. Nemendur og starfsmenn Vinnuskólans fjarlægðu gróður sem vaxið hafði á botni tjarnarinnar. „Í upphafi sumars var skrúfað fyrir innstreymi í tjörnina en það hafði lítil áhrif á vatnshæðina. Þann 4. ágúst var því ráðist í að dæla vatninu úr tjörninni,“ segir á vefnum, en hreinsun er nú lokið. **- óká**


**Kvöldskóli BHS haustönn 2010**

bhs.is

Innritun í málmiðnadeild kvöldskóla BHS verður eftirfarandi daga.

föstudag 13. ágúst kl: 17 - 19
laugardag 14. ágúst kl: 11 - 14

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar, s.s.MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða.

| Verklegir áfangar eru. | |
|---|---|
| HSU-102/212 | verkleg suða |
| HSU 232 | verkleg þunnplötusuða, ál / stál / ryðfr. |
| LSU-102/202 | verkleg suða |
| RSU-102/202 | verkleg suða |
| REN-103/203/303 | verkleg rennismíði |
| AVV-102/202 | verkleg aflvélavirkjun |

Upphaf kennslu: mánudag 23. ágúst frá 18:10 Lok kennslu: þriðjudaginn 30. nóv. frá 18:10

Ath: Áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa.
Sjá einnig á vef skólans www. bhs.is Skólameistari.



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


Átakið Á allra vörum hefst í dag:

# Stefna á að Ljósið fái eigið húsnæði

**SÖFNUN** Átakinu Á allra vörum verður hrint af stokkunum í dag, þriðja árið í röð. Í ár á að safna fé fyrir Ljósið, endurhæfingarstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur. „Það er ótrúlegt starf sem þarna er innt af hendi og mikið í sjálfboðavinnu. Ljósið á ekki eigið húsnæði og mikið af fjármunum þess fer í leigu. Markmið söfnunarinnar er að tryggja samtökunum eigið húsnæði,“ segir Elísabet Sveinsdóttir, einn þriggja aðstandenda átaksins.

Dorrit Moussaieff forsetafrú tekur við glossi á föstudaginn, en fé til stuðnings átakinu er meðal annars aflað með sölu á Dior-glossi. Þau kosta 3.500 krónur og þess má geta að upplagið er einungis 5.000 gloss í ár en ekki fengust fleiri gloss hjá Dior að þessu sinni.

Meginþungi söfnunarinnar fer þó fram í beinni útsendingu á Skjá einum að kvöldi 27. ágúst. „Allir sem koma að þeirri útsendingu eru sjálfboðaliðar og við höfum líka fengið mjög flott fólk í auglýsingaherferð með okkur, Diddú, Pál Óskar, Ragga Bjarna, Ómar og fótboltahetjurnar Katrínu Jóns og Söru Björk.“ **- sbt**



**UNDIRBÚA ÁTAKIÐ** Guðný Pálsdóttir, Gróa Ásgeirsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir eru á lokaspretti undirbúnings átaksins Á allra vörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Á allra vörum

Upphaf Á allra vörum má rekja til þess er Gróa greindist með brjóstakrabbamein og langaði til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn því. Í framhaldinu kviknaði sú hugmynd hjá henni og Guðnýju Pálsdóttur að safna fyrir tæki til að greina brjóstakrabbamein á frumstigi. Þær fengu Elísabetu í lið með sér og náðu því markmiði sínu að safna 50 milljónum. Eftir að fjöldi góðgerðarfélaga hafði haft samband við þær ákváðu þær að endurtaka leikinn og söfnuðu ríflega 50 milljónum fyrir hvíldarheimili fyrir krabbameinssjúk börn og fjölskyldur í fyrra.



**ÞEKKTIR UM BORÐ** Ted Stevens er til vinstri en meðal þeirra sem komust af er fyrrum forstjóri bandarísku geimferðastofnunarinnar, NASA, Sean O‘Keefe, til hægri. NORDICPHOTOS/AFP

Sex létust í flugslysi:

# Veiðiferð endaði hörmulega

**ALASKA** Fyrrum öldungadeildarþingmaður á bandaríska þinginu, repúblikaninn Ted Stevens, var á meðal þeirra sem létust í flugslysi í Alaska á mánudag. Níu manns voru um borð í vélinni og var hópurinn á leið í laxveiði eftir að hafa borðað hádegismat í veiðihúsi. Orsök slyssins er ekki ljós en svo virðist sem vélin hafi flogið beint á fjall eftir að hafa lent í þoku og rigningu. Skilyrði til flugs munu vera erfið á þessum slóðum. Slysið átti sér stað í grennd við bæinn Dillingham í suðvesturhluta Alaska.

Auk Stevens létust fimm aðrir, flugmaðurinn þar á meðal og sextán ára unglingur. Talsvert hefur verið fjallað um slysið í bandarískum fjölmiðlum og það rifjað upp að Ted Stevens, sem var 85 ára gamall, lifði af flugslys í Alaska árið 1978 en þá lést kona hans, Ann. **- sbt**


Sparidagar Ormsson í 10 ár

**ÓDÝRT Á SPARIDÖGUM**



SCO-5002

**Eldsnöggur og hörkuflottur 5 lítra blástursofn**

NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA

20 - 30% fljótari en hefðbundinn ofn og eyðir
70 - 80% minni orku

- Fyrir allar gerðir matvæla (grænmeti, hrísgrjón, súpur, kjöt, fiskur)
- Hægt að elda á 2 - 3 hæðum
- Sjálvirk eldun og heldur heitu
- Tryggir að matvælin viðhaldi næringagildum sínum
- Stærð: 30x39x34 sm (hxbxd)
- Þyngd: 5,65 kg

VERÐ: 15.900,-



SBM-4705

**Brauðvél**
750–900 gr
VERÐ: 15.900,-



SSM-2510

**Mínútugrill**
STÁL
VERÐ: 12.900,-

sinbo



SS-4022

**Rakvél**
2 hausar
Hleðslutæki fylgir
Má skola í vatni
VERÐ: 4.900,-



SCO-5014

**Hrísgrjónapottur**
1 ltr.
VERÐ: 5.990,-



SSM-2510

**Eldhúsvog**
Digital · 3 kg
VERÐ: 3.990,-

SPARI DAGAR 2·0·1·0

ORMSSON

Umboðsmenn um land allt!

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ



Coca Cola 69,-

# Allt FYRIR BERJATÝNSLU



FRÁ 499

**FRYSTIBOX**

- Frystibox, 2,5 dl, 10 í pk, kr 699
- Frystibox, 5 dl, 10 í pk, kr 699
- Frystibox, 10 dl, 6 í pk, kr 699
- Frystibox, 1 ltr, 8 í pk, kr 499
- Frysti- og örbylgjubox, 0,45 ltr, 10 í pk, kr 599



FRÁ 129

**SULTUKRUKKUR**



FRÁ 1690

**BERJATÝNUR**

- Berjatýna með plastgöfflum, kr 1690
- Berjatýna með vírgöfflum, kr 2490



FRÁ 299

**FRYSTIPOKAR M/RENNILÁS**

- 1 ltr, 25 í pk, kr 299
- 3 ltr, 20 í pk, kr 359



FRÁ 299

**FÖTUR**

- 5 ltr, kr 299
- 10 ltr, kr 399



FRÁ 259

**FRYSTIPOKAR**

- Frystipokar, 2 ltr, 75 í pk, kr 259
- Frystipokar, 6 ltr, 50 í pk, kr 279
- Frystipokar, 6 ltr, 100 í pk, kr 299



89 pr. stk

**PRINS POLO XXL**



990

**GEYMSLUKASSI - 31 LTR**

- 46 x 36 x 25 cm



2790

**STÍGVÉL**

- St 35-46



500 gr

299 pr. stk

**FORMKÖKUR - 500 GR**

- Tvær tegundir



10 ltr

7590

**STÁLPOTTUR**

- 10 ltr



799 pr. par

**ULLARSOKKAR - TRYSIL**

- Coolmax, st 28-46

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri



**SAMRÝMDIR HÆRUSAUÐIR** Í dýragarði í Madrid á Spáni stungu þessir tveir hærusauðir saman nefjum svo vart mátti greina andlitin í sundur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsmarkaðsverð á byggi hefur tvöfaldast á síðustu mánuðum:

# Búist við verðhækkun á bjór

**VIÐSKIPTI** Heimsmarkaðsverð á byggi hefur meira en tvöfaldast á síðustu mánuðum og eru þær hækkanir í samræmi við hækkanir á hveiti og öðrum kornvörum. Sökum þessa má reikna með að verð á bjór muni hækka töluvert á næsta ári.

Í umfjöllun um málið í Guardian segir að heimsmarkaðsverð á byggi hafi hækkað úr 85 pundum á tonnið og í 175 pund frá því snemma í sumar. Bruggverksmiðjur kaupa hins vegar sitt bygg tólf til átján mánuði fram í tímann þannig að ekki er reiknað með að áhrifanna af þessum hækkunum muni gæta í bjórverðinu fyrr en á sama tíma að ári.

Áhrifa af þessum hækkunum er farið að gæta hjá hluthöfum stærstu bruggverksmiðja heimsins. Þannig lækkuðu hlutir í Carlsberg um sex prósent í síðustu viku og hlutir í Budweiser og Stella Artois lækkuðu um fimm prósent á sama tíma. Hlutir í Heineken lækkuðu svo um fimm prósent í þessari viku.



**BJÓR** Búist er við að bjór eigi eftir að hækka í verði vegna verðhækkunar á byggi.

FIH bankinn á grænni grein:

# Búast við auknum hagnaði

**VIÐSKIPTI FIH bankinn í Danmörku, sem er í íslenskri eigu, hefur aukið við væntingar sínar um hagnað á þessu ári. Nú gerir bankinn ráð fyrir að hagnaðurinn nemi 450 milljónum danskra króna eða rúmlega níu milljörðum íslenskra króna eftir skatta.**

**Samkvæmt uppgjöri fyrir annan ársfjórðung hagnaðist bankinn um 102 milljónir danskra króna fyrir skatta. Til samanburðar var hagnaðurinn aðeins 24 milljónir danskra króna á sama tímabili í fyrra.**








**ÞEKKTIR FYRIR LANGLÍFI** Japanar hafa hingað til verið taldir verða allra þjóða elstir. NORDICPHOTOS/AFP

# Leita að elstu öldungunum

## Oft ekki tilkynnt um andlát aldraðra í Japan svo tryggingabætur hætti ekki að berast. Aðrir virðast svo hafa misst allt samband við ættingja.

**JAPAN, AP** Japanar státa sig af meira langlífi en aðrar þjóðir. Strik var þó sett í þann reikning í síðasta mánuði þegar í ljós kom að hundruð manna, sem hafa verið á skrá yfir elsta fólk Japans, eru ýmist löngu látnir eða ekkert hefur til þeirra spurst svo árum eða jafnvel áratugum skiptir.

Athygli japanskra fjölmiðla hefur síðan beinst mjög að sögum um ættingja sem eiga að hafa reynt að svíkja út tryggingabætur. Einnig hafa birst fréttir um önnum hlaðna starfsmenn félagsþjónustunnar og dapurlegar lýsingar á einangrun aldraðra sem hægt og rólega hafa glatað öllum tengslum við samfélagið.

Umræðan fór af stað eftir að Sogen Koto, sem talinn var elsti karlmaður í Tókíó, 111 ára gamall, reyndist þegar lögreglan fór að kanna málið hafa verið látinn í 32 ár. Lík mannsins fannst í íbúð hans, en ættingjar höfðu jafnan sagt hann við hestaheilsu en lítt mannblendinn. Ættingjarnir sæta nú lögreglurannsókn.

Þetta varð til þess að lögreglan hóf leit að öðru fólki, sem talið var á lífi í hárri elli. Sú leit skilaði hrollvekjandi niðurstöðum.

Þannig reyndist Fusa Furuya, kona sem talin var 113 ára gömul og þar með elsta konan í höfuðborginni, hvergi finnanleg. Í borginni Kobe hafa yfirvöld einnig árangurslaust reynt að hafa uppi á meira en hundrað manns, sem taldir voru eldri en hundrað ára, þar á meðal einni konu sem talin var 125 ára.

Fullvíst þykir að skrifa megi meint langlífi þeirrar konu, sem og þriggja annarra íbúa Kobe sem taldir voru eldri en 120 ára, á reikning embættismanna sem kastað hafa til höndunum þegar kom að skráningu íbúanna.

Samkvæmt opinberum skýrslum eru 40.399 manns í Japan orðnir hundrað ára eða eldri. Alvarlegar efasemdir hafa nú vaknað um réttmæti þessara upplýsinga.

„Fjölskyldurnar, sem eiga að vera nákomnastar þessu aldraða fólki, vita ekki hvar það er niðurkomið og hafa í mörgum tilvikum ekki einu sinni haft fyrir því að biðja lögreglu að grennslast fyrir um það," segir í leiðara dagblaðsins Asahi.

Í sama blaði er bent á eina skuggahlið þessa máls: Ef dauðsföll eru ekki tilkynnt til stjórnvalda halda lífeyrisgreiðslur áfram að berast og það virðist í sumum tilfellum hafa hvatt ættingja til þess að skýra ekki frá því þegar aldraðir falla frá.

gudsteinn@frettabladid.is

# BT

Allir sem kaupa fartölvu hjá BT í ágúst og september fara í pott og verður einn heppinn dreginn út 1. október og fær hann fartölvuna sína endurgreidda !

# Gerir skólann skemmtilegri...

## Acer

Acer AS5532-5509
AMD Athlon 64 TF-36
2GB DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) high-brightness TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 2,5klst
Windows 7 Home Premium

Geggjað verð!

79.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

## Acer

acer

Acer S5534-1121
AMD Athlon 64 X2 Dual-Core L310
4GB(2x 2GB) DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 3,5klst
Windows 7 Home Premium

99.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

# vaxtalaus raðgreiðsluhelgi! ...á fartölvum og sjónvörpum

## Acer

acer

Acer 5542 Bluray
15.6'' HD LED CineCrystal
AMD Athlon II X2 M300
4GB DDR2
512MB ATI HD4200
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Bluray drif

BluRay spilari

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

139.999
149.999

## Sjónvörp

Öll sjónvörp á vaxtalausum tilboðum í BT!

## Samsung

SAMSUNG

Samsung R530
15.6" HD 1366 x 768
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz
512 MB nvidia Geforce
310M skjákort
Windows 7 Home Premium

149.999

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

## Packard Bell

Packard Bell

TT TM94-RB-004
AMD Athlon II Dual-Core Mobile P320
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD4200 DX10.1 öflug skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

119.999

## Packard Bell

Packard Bell

TT TM86-GN-005
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB Core i HD Graphics
PCI-E2.0 DX10 Intel skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél,
kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

134.999

## Packard Bell

Packard Bell

TT TM85-JO-010
Intel Core i5-430M 2.26GHz, Dual Core örgjörvi
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
með allt að 1GB HyperMemory
500GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

149.999

## Hewlett Packard

hp invent

OKG62-a16EO
Intel® Pentium® P6000 processor
4GB
15.6" HD LED Brightview
Intel HD4500 skjástýring
320GB SATA 7200RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

119.999

## Hewlett Packard

hp invent

OKG62-a14EO
AMD Athlon II P320
4GB
15.6" HD LED Brightview
512MB ATI Mobility Radeon™ HD 4250
(allt að 1,5GB minni)
500GB SATA 7200RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

139.999

## Hewlett Packard

hp invent

OKDv6-2133eo
AMD Athlon II Dual Core M320
4GB
15.6" HD LED Brightview
1GB ATI Radeon HD 4650
(allt að 2,8gb minni)
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
500GB SATA 7200RPM
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium

Svínvirkar í leikina

BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða

159.999

BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is OPIÐ Í SKEIFUNNI TIL KL. 22.00 ALLA DAGA

**FRÉTTASKÝRING:** Hver er ferill samskipta og fullyrðinga um gögn Seðlabankans um heimild til gengistryggingar?

# Stoppar á fyrrum ráðuneytisstjóra

**Nýjasti kaflinn í langri sögu, um hvað hver vissi og hvenær um gögn Seðlabankans um heimild til gengistryggingar, er sá að ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins hafi vitað um málið strax í maí. Ekki næst í Jónínu S. Lárusdóttur í gegnum ráðuneytið og þar er ekki vitað hvort hún deildi upplýsingunum með fleirum. Hér að neðan er sagan rakin.**

**5. maí**
Kastljós RÚV fjallar um lögmæti erlendra lána.

**6. maí**
Seðlabankinn biður um álit Lex.

**12. maí**
Álit Lex berst til Sigríðar Logadóttur/Seðlabanka Íslands. Þar segir: „Að okkar mati er ljóst að óheimilt er að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Slíkt hefur þó engin áhrif á heimildir til að taka lán í erlendri mynt.“ Í tilkynningu frá Seðlabankanum, 9. ágúst, er lögð áhersla á að þetta álit hafi ekki falið í sér neina skoðun á útlánasöfnum bankanna, né á því hvort myntkörfulán bankanna séu erlend lán eða ekki.

**18. maí**
Dagsetning minnisblaðs Sigríðar Logadóttur, aðallögfræðings Seðlabankans. Þar segir hún að „töluverð lagaleg óvissa ríki um álitaefnið“. Sigríður segir að lokum að hún taki



JÓNÍNA S. LÁRUSDÓTTIR GYLFI MAGNÚSSON

undir álit Lex, en „hafa verður þó í huga að ekki eru allir lögfræðingar sammála um þessa túlkun og munu dómstólar eiga síðasta orðið reyni á álitaefnið fyrir dómstólum“.

Í maí ræða starfsmenn Seðlabanka og viðskiptaráðuneytis þessi mál sín á milli. Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, biður Sigríði Rafnar Pétursdóttur, lögfræðing ráðuneytisins, að vinna minnisblað um lánveitingar í erlendri mynt. Sigríður Rafnar biður Seðlabankann um aðstoð.

**27. maí**
Sigríður Rafnar fær álit Lex frá Seðlabankanum, „aðeins til eigin nota“, segir ráðuneytið. Sigríður Rafnar sendir álitið til Jónínu ráðuneytisstjóra.

**9. júní**
Minnisblað Sigríðar Rafnar Pétursdóttur, lögfræð-


RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR

ings viðskiptaráðuneytisins, til ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis. Sigríður Rafnar telur þar að lög um vexti og verðtryggingu og lög um neytendalán banni ekki lánveitingar í erlendri mynt, tengdar gengi erlendra gjaldmiðla. Hins vegar sé verðtrygging á lánum í íslenskum krónum „aðeins heimil ef grundvöllur verðtryggingarinnar er vísitala neysluverðs“. Álitaefni geti verið í hvert sinn, hvort lán sé í erlendum gjaldmiðli eða í íslenskum krónum. Þetta komi til álita fyrir dómstólum.

**12. júní**
Sigríður Logadóttir sendir Sigríði Rafnar tölvupóst með endursögn af minnisblaði sínu, sem reifar álit Lex. Ekki minnisblaðið sjálft. Ráðuneytisstjóri fær afrit af póstinum frá sigríði Rafnar.

**14. júní**
Hæstiréttur dæmir gengistryggingu lána ólögmæta.

**24. júní**
Ráðherra er kynnt efni minnisblaðs Sigríðar Rafnar, samkvæmt tilkynningu viðskiptaráðuneytis. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu var ráðherra ennfremur greint frá því að sérfræðingur ráðuneytisins hefði fengið minnisblað Lex sent frá Seðlabankanum í trúnaði. Þá var honum sagt að það gengi í sömu átt og minnisblað ráðuneytisins. Hann mun hafa stuðst við minnisblað ráðuneytisins þegar hann svarar Ragnheiði Ríkharðsdóttur 1. júlí.


LEX

MINNISBLAÐ

| | |
|---|---|
| Til: | Seðlabanki Íslands / Sigríðar Logadóttur |
| Frá: | LEX / |
| Dags: | 12. maí 2009 |
| Efni: | Heimildir til verðtryggingar samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu |

I.

**1. júlí**
Ragnheiður Ríkharðsdóttir þingmaður spyr viðskiptaráðherra á Alþingi hvort hann telji lögmæti myntkörfulána, lán sem séu „í raun hrein krónulán en með erlendu viðmiði“ hafið yfir allan vafa.
Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra svarar Ragnheiði með því að tala um lögmæti lána í erlendri mynt og segir lögfræðinga „bæði í viðskiptaráðuneytinu og annars staðar í stjórnsýslunni vitaskuld hafa skoðað það mál. Niðurstaða þeirra er að lánin séu lögmæt. En það er auðvitað ekki framkvæmdarvaldsins að skera úr um það.“ Svo segir Gylfi: „Telji einhverjir að þessi lán séu ólögmæt þá ligg[ur] beinast við að dómstólar skeri úr um það.“

**5. júlí**
Fundur efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar Alþingis um dóm Hæstaréttar. Spurningar lagðar fyrir FME og Seðlabankann.

**27. og 30. júlí**
Svör berast frá FME og Seðlabanka. Þingmenn stjórnarandstöðu vekja síðar máls á gögnum Seðlabanka. Hreyfingin telur að með þessa vitneskju hefði getað verið meirihluti á þingi fyrir því á sínum tíma að leiðrétta skuldir einstaklinga frekar en að „etja fólki út í dómsmál“.

**Seint í júlí**
Jónína S. Lárusdóttir hættir sem ráðuneytisstjóri og er ráðin framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka.

**10. ágúst**
Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir á RÚV að það sé „mjög óvenjulegt fyrirkomulag“ að Seðlabankinn hafi ákveðið að „upplýsa ekki ráðherra um þetta og afhenda lögfræðingi í viðskiptaráðuneytinu þetta með þessum formerkjum“. Sjálfur hafi hann ekki vitað um álitið fyrr en síðsumars eða um haustið. Í sama þætti segir Gylfi um svör sín við fyrirspurn Ragnheiður Ríkharðsdóttur frá 1. júlí: „Ég get ekki séð að ég hafi á neinn hátt gefið misvísandi upplýsingar. Þvert á móti sagði ég einfaldlega það, sem ég vissi að væri rétt.“ Sama dag segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra það óeðlilegt að henni hafi ekki verið kynnt álitið og krefur seðlabankastjóra skýringa, sem nú er unnið að.

**11. ágúst**
Sigríður Logadóttir segir í Fréttablaðinu að enginn fyrirvari hafi verið gerður um notkun viðskiptaráðuneytisins á tölvupósti sem hún sendi. Hins vegar hafi álit Lex ekki átt að fara víðar, enda tíðkist ekki að dreifa slíkum álitum á aðrar stofnanir.

**12. ágúst**
Benedikt Stefánsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir við Fréttablaðið að Sigríður Rafnar hafi talið að trúnaður ætti að gilda um öll skjölin, en væntingar Seðlabanka hafi, eftir á að hyggja, verið aðrar. Þetta sé misskilningur milli stofnana. Sama dag segir Sigríður Rafnar við Morgunblaðið að hún hafi kynnt ráðuneytisstjóra gögnin um leið og hún fékk þau.

**13. ágúst**
Benedikt Stefánsson staðfestir við Fréttablaðið að Jónína hafi fengið skjölin þegar þau bárust Sigríði Rafnar. Hann getur ekki svarað fyrir hvort Jónína hafi sent skeytin víðar, því hún hafi lokað fyrir tölvupóst sinn þegar hún hætti sem ráðuneytisstjóri. Hann vill ekki greina frá samtölum við hana um þetta, né gefa upp síma Jónínu. Sigríður Rafnar vill ekki tala við Fréttablaðið og Gylfi ráðherra er utan símasambands.


**Klemens Ólafur Þrastarson**
klemens@frettabladid.is

## Hefði átt að vita meira um málaflokkinn


BIRGIR HERMANNSSON

Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur minnir á að ráðherra beri pólitíska ábyrgð á sínum málaflokki og því sem embættismenn undir honum vinna að.
„Ef eitthvað fer úrskeiðis þá ber ráðherra ábyrgð gagnvart þinginu og verður að svara fyrir það,“ segir Birgir og nefnir sem dæmi að ef forveri Gylfa, Björgvin G. Sigurðsson, segðist ekki hafa vitað neitt í aðdraganda bankahrunsins, þá væri það engin afsökun.
„Það var á ábyrgð Björgvins að vita meira. Það má líka segja sem svo að Gylfi hefði mátt vita meira um þetta mál en hann vissi. Það mætti ræða það. En ég fæ ekki séð að hann hafi verið að villa fyrir eða segja ósatt.“

Birgir á bágt með að sjá að þetta kalli á afsögn ráðherra, eins og sumir hafa haldið fram. „Ég held að það þurfi nú margir að segja af sér ef þetta á að vera afsagnarsök.“

## Lögfræðiálit er ekki ígildi dóms


SIGURÐUR LÍNDAL

„Auðvitað fer vægi álits eftir því hvernig það er rökstutt. En sá sem biður um álit, hann leggur ákveðnar forsendur fyrir þann sem gefur álitið. Álitið getur verið pottþétt miðað við þessar forsendur. Hins vegar getur verið að það megi skoða málið frá öðru sjónarhorni og þá gæti vægi álitsins rýrnað,“ segir Sigurður Líndal lagaprófessor.

„Álit er aldrei ígildi dóms, því fyrir dómi hafa tveir aðilar lagt fram sitt mál og rökstutt og þau eru þar vegin og metin,“ segir hann. Rétt hafi verið af Seðlabankanum að birta ekki álitið opinberlega. „Því með því væri Seðlabankinn að gefa þessu aukið vægi. Álit Seðlabankans vegur auðvitað meira en einnar lögmannsstofu,“ segir hann.

Sigurður setur frekar spurningarmerki við afdrif málsins eftir að það kom í viðskiptaráðuneytið.

„Ef Seðlabankinn myndi senda mér svona mikið mál þá myndi ég vilja fá leyfi til að segja ráðherranum persónulega frá því, ég gæti ekki annað. Ég myndi ekki einu sinni nota tölvupóst,“ segir hann. Ráðuneytisstjórinn hefði því átt að fara lengra með málið. En hvað hefði gerst ef þetta hefði orðið opinbert á sínum tíma?

„Miðað við þessa ruglingslegu umræðu hefði þetta getað haft mjög truflandi áhrif á fjármálalífið,“ segir Sigurður. Hefði ráðherra sagt frá álitinu hefðu skuldarar ekki viljað borga og svo framvegis. Það hefði því verið afar varhugavert. Ráðherra hefði ef til vill átt að funda í trúnaði með bankastjórum viðskiptabankanna og reyna að knýja þá til aðgerða.



# Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!

## Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.

**74,9%**

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



**24,9%**



**MORGUNBLAÐIÐ**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

**Allt sem þú þarft...**



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FERSKT NÝTT ÍSLENSKT GRÆNMETI

369 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT SPERGILKÁL

159 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT HVÍTKÁL

289 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT KÍNAKÁL

359 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT BLÓMKÁL

159 KR. 1 kg
NÝJAR ÍSLENSKAR PREMIER KARTÖFLUR Í LAUSU

159 KR. 500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g

178 KR. 150g
ÍSLANDSÁLEGG SAMLOKUSKINKA 150G 7 SNEIÐAR

259 KR. 420g
MYLLU MÖNDLUKAKA 420G

698 KR.PK
FJÓLA WC PAPPÍR 9 RÚLLUR

198 KR. 2 STK
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK. SÚKKULAÐI OG KARAMELLU

98 KR. stk
GLERKRUKKA MEÐ LOKI FYRIR SULTU 290ml

498 KR. 500g
EUROSHOPPER OSTUR 27% RIFINN 500G

129 KR. 450g
EUROSHOPPER FROSNIR MAISSTÖNGLAR 450G

195 KR. 1000g
EUROSHOPPER SYKUR 1 KG.

1998 KR.PK
ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR

109 KR. 1 ltr.
BÓNUS APPELSÍNUSAFI 1 LTR.

98 KR.250ml

79 KR. 500ml

98 KR. 500ml

129 KR. 1 ltr.

178 KR. 250g
BKI KAFFI 250G

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1258
KR. KG
ÍSLANDSGRÍS GRÍSASTEIK M.BASIL OG TÓMÖTUM
898
KR. KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
30%
AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMB
1398 KR.KG
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
1708
KR. KG
ALI GRILL ÚRB. HUNANGSKÓTILETTUR
998
KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI
998 KR.KG
FJÖLBREYTT KJÖTÚRVAL
Í VERSLUNUM BÓNUS
194
KR. KG
KS FROSIN LAMBASVIÐ
35% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 298 KR.KG.
1598
KR. KG
ÍSLANDSLAMB GRILL-LÆRISNEIÐAR
ÍSLANDSFUGL
FROSINN KJÚKLINGUR
KJÚKLINGAFILLET 1199 kr.kg.
KJÚKLINGALEGGIR 359 kr.kg.
KJÚKLINGAVÆNGIR 159 kr.kg.
CA 300 KR. PAKKINN
111
KR.PK
599
KR. KG
1998
KR. KG
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
25% AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT KRYDDLEGINN NAUTAVÖÐVI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kirkjan má ekki hylma yfir kynferðisbrot:

# Trúnaður verður að ríkja

Baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi og barnaníði má aldrei linna. Um aldir lágu kynferðisglæpir í algeru þagnargildi. Þannig sátu þolendur uppi aleinir með afleiðingar þess níðs sem þeir höfðu orðið fyrir og gerendur fengu iðulega að halda áfram iðju sinni óáreittir. Umhverfið snéri sér bara undan og þóttist ekki sjá og vita.

Kynferðisglæpir hafa þrifist í skjóli valds og því miður einnig í skjóli þeirra sem eiga að liðsinna og hjálpa. Þannig hefur kynferðislegt ofbeldi því miður þrifist innan kirkjunnar um aldir.

Íslenska þjóðkirkjan hefur undanfarin misseri glímt við nokkur slík mál, bæði ný og gömul. Þegar kona sakaði þáverandi biskup, Ólaf Skúlason, um tilraun til nauðgunar meðan hann var sóknarprestur fyrir fjórtán árum hafði kirkjan enga burði til að taka á málinu. Sem betur fer hefur kirkjan þroskast síðan og komið hefur verið upp formlegum farvegi fyrir slík mál.

SKOÐUN



**Steinunn Stefánsdóttir**
steinunn@frettabladid.is

Íslenska þjóðkirkjan verður að halda áfram á þessari braut. Nú er formlegi farvegurinn til staðar en svo virðist sem enn vanti hugrekki til að vinna í kynferðisbrotamálum af einurð. Um það vitnar til dæmis sú leynd sem reynt er að viðhafa um störf og verkefni fagráðs um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar. Þegnar þjóðkirkjunnar hljóta að eiga rétt á að fá upplýsingar um fjölda og umfang slíkra brota innan kirkju þeirra. Formaður ráðsins hefur sagt að ákvörðunin verði endurskoðuð að loknum sumarleyfum. Vonandi fer þá fagráðið í gegnum starfshætti sína og ákveður að vinna á opinn hátt.

Í fyrra var einum starfsmann í æskulýðsstarfi vikið úr starfi vegna kynferðisbrota. Málinu var vísað til barnaverndar en biskup lagði áherslu á það í útvarpsfréttum í gærkvöldi að ekki hefði verið um lögreglumál að ræða. Svo virtist sem honum þætti það minnka vægi málsins. En spyrja má á móti: Hvers vegna í ósköpunum er kynferðisbrot á barni sem á sér stað innan vébanda kirkjunnar ekki lögreglumál?

Samfélagið hefur á síðustu árum horfst í augu við alvarleika kynferðisbrota af vaxandi raunsæi og þunga í stað þess að víkjast undan þeim af ótta og heigulshætti. Það hlýtur að verða krafan að þjóðkirkjan sé þarna samstíga þjóð sinni því forsenda þess að hægt sé að vinna á ofbeldinu er að viðurkenna það og alvarleika þess.

Ef kirkjan opnar ekki dyr sínar fyrir þolendum kynferðisbrota, horfist í augu við þá og býður þeim hjálp, heldur fer undan brotunum í flæmingi þá er hún að bregðast sínu fólki.

Biskup Íslands braut vissulega blaði í fyrra þegar hann bað konur og börn sem brotið hefði verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar á þeirri þjáningu og sársauka sem þau hefðu liðið. Sömuleiðis er ástæða til að fagna að kirkjan er vissulega betur búin til þess nú en fyrir fjórtán árum að takast á við kynferðislegt ofbeldi innan vébanda sinna. Ljóst er þó að hún verður að gera betur ef trúnaður á að ríkja á milli kirkjunnar og þeirra sem hún á að þjóna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

ÆGIR



TILBOÐ 690.000,-kr.

ÆGISVAGN
Tilboð kr. 690.000
(fullt verð kr. 1.190.000)
Erum að selja 2010 árgerð af Ægisvögnum okkar sem voru í leigu hjá okkur í sumar.

SEGLAGERÐIN ÆGIR
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í kröppum dansi

Jón Bjarnason, landbúnaðarráðherra, hefur legið undir ámæli undanfarna daga vegna hins svokallaða mjólkurfrumvarps. Jón hefur verið tregur til að tjá sig um frumvarpið í fjölmiðlum en í kvöldfréttum RÚV á þriðjudagskvöld var borin undir hann sú gagnrýni sem komið hefur fram á frumvarpið en Samkeppniseftirlitið hefur til að mynda sagt það festa í sessi fákeppni á mjólkurmarkaði.

### Góð og slæm fákeppni

Forvitnilegt var að fylgjast með því hvernig Jón svaraði þessari gagnrýni. Aðspurður gagnrýndi hann Samkeppniseftirlitið á móti fyrir að hafa staðið þannig að málum að hér ríki nánast fullkomin fákeppni á matvörumarkaði. Sá málflutningur verður ekki skilinn öðruvísi en að honum finnist fákeppni á matvörumarkaði hið versta mál en fákeppni á mjólkurmarkaði hið besta mál.



### Venesúela eða Kúba?

Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður birti grein á vefmiðlinum Pressunni á miðvikudag þar sem hann telur upp nokkur atriði sem hann virðist telja axarsköft núverandi ríkisstjórnar. Guðlaugur klykkir út með því að lýsa yfir að þetta séu ekki fréttir frá Venesúela eða Kúbu heldur frá Íslandi Jóhönnu Sigurðardóttur. Síðasta atriðið sem Guðlaugur telur upp áður en hann nefnir Venesúela og Kúbu er að utanríkisráðherra hafi kennt stækkunarstjóra ESB Evrópufræði. Vandséð er af hverju slíkar fréttir ættu að berast frá téðum löndum.



**magnusl@frettabladid.is**

HALLDÓR





# Hverjir vilja hringla með gengið?

Þjóðmál



**Sigmar Hróbjartsson**
ellilífeyrisþegi

Talið er nú að vel á annað hundrað aðilar séu handhafar kvóta til fiskveiða í landhelgi Íslands. Allt frá því að það fyrirkomulag var tekið upp, sem sjálfsagt var til að hamla gegn ofveiði, hefur átt sér stað sífelld og vaxandi togstreita um þessi kvótaréttindi. Var kvótinn bundinn við ákveðin skip, en án þess þó að það skip þyrfti endilega að veiða hann. Vandræðin hófust þegar þeir sem fengu kvótann ókeypis fóru að selja þessi réttindi dýrum dómum sín í milli og slá lán í fjármálastofnunum út á óveiddan fisk. Stundum tíðkaðist að hafa skipin bundin við bryggju og leigja kvótann eða selja. Nú er útgerðin sem heild stórskuldug, sem bendir til að einhvers staðar hafi verið maðkur í mysunni. Og ýmislegt fleira er nú til ama.

Í fyrsta lagi hafa núverandi stjórnvöld verið með tilburði til að koma á svonefndri fyrningarleið í sjávarútvegi til þess að vinda ofan af því misrétti og svindli sem þar viðgengst og tryggja að þjóðin fái sanngjarnan arð af þessari auðlind sinni. Í öðru lagi hefur Alþingi samþykkt að sækja um aðild að ESB. Með aðild að ESB myndi evran trúlega verða okkar framtíðargjaldmiðill, þar sem stjórnvöld gætu ekki hringlað með gengið eins og gert hefur verið með vesalings krónuna okkar eftir stundarhagsmunum LÍÚ á umliðnum árum. En kannski eiga einhverjir slíka drauma?

Þess vegna var landsfundur Sjálfstæðisflokksins látinn samþykkja að draga ætti þessa umsókn Alþingis til baka tafarlaust. Miklu moldroki er þyrlað upp til að ófrægja ESB og fátt til sparað.

Í slagtogi með þessu liði er svo bændaforystan sem telur sér ógnað með því að missa núverandi styrkjakerfi, þótt vitað sé að Ísland fellur allt undir ákvæði ESB um búskap á norðlægum slóðum og þau fríðindi sem því fylgja. Þetta nýja bláa-rauð-græna bandalag er samstiga félagsskapur sem nefnir sig „Heimssýn“ (mjög táknrænt nafn). Þar að auki hafa ýmsar tegundir af þjóðrembukverúlöntum viljað láta rödd sína heyrast í þessum endemis „þjóðkór“. Merkisberi þessarar fylkingar er svo sjálft Morgunblaðið, sem reyndar berst í bökkum fjárhagslega og lifir eins og tilberi á spena hinna stórskuldugu útgerðarkónga og -drottninga Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mjólkunarkvótar

ÍDAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Frjáls markaður er undursamlegt tæki til að koma vörum áleiðis til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Það er enginn einn maður eða ein stofnun sem heldur til dæmis utan um matardreifingu á Vesturlöndum.

Samt gengur sú dreifing alveg ótrúlega vel. Varanlegur vöruskortur þekkist ekki þar sem markaðurinn er frjáls. Ef það fer að vanta pylsubrauð mun einhver sjá sér hag í því að framleiða meira af þeim, og græða á því.

Ég fæddist og bjó í ríki með skipulögðu hagkerfi þar sem vöruskortur var nær því að vera regla heldur en undantekning. Það vantar fleiri pylsubrauð um verslunarmannahelgi en aðrar helgar, en ef einn opinber framleiðandi sæi um framleiðsluna hefði hann veikari hvata til að bæta í og pylsubrauðin myndu klárast. Fólk myndi bregðast við með eðlilegum hætti og byrja að hamstra pylsubrauð fyrir næstu verslunarmannahelgar.

Vöruskorturinn væri þar með orðinn varanlegt vandamál. Fljótlega myndi einhver ráðamaður gefa út yfirlýsingu um að nóg væri af pylsubrauðum fyrir alla, vandamálið fælist í hamstrinu. Í framhaldinu væru gefnir út skömmtunarmiðar.

Svona er sósíalísk framleiðsla. Menn ná sjaldan að framleiða rétt magn af vöru. Ef neytendur reyna að bregðast við því er það kallað hamstur. Ef framleiðendur reyna að bregðast við því er það kallað brask. Og hvort tveggja þykir afar mikilvægt að stöðva.

Kvótakerfi og framleiðslutakmarkanir hafa vissulega vitrænan tilgang þegar um er að ræða takmarkaða auðlind, eins og til dæmis í sjávarútvegi. Í mjólkurframleiðslu eru slíkir kvótar hins vegar algjört rugl. Hver skyldi takmarkaða auðlindin þar annars vera?

Hverja er verið að mjólka aðra en íslenska neytendur?

Einn alversti ráðherra ríkisstjórnarinnar, Jón Bjarnason, er nú um stundir að reyna að ýta í gegnum þingið sannkölluðu ruslfrumvarpi um mjólkurkvóta. Frumvarpið er nákvæmlega jafnvont og jafnfrelsishamlandi og búast má við af einhverju sem sósíalískur sveitarómantíker sendir frá sér, eftir að hafa notið liðsinnis helstu sérhagsmunaaðila innan greinarinnar.

Það hefur raunar áður verið gagnrýnt, meðal annars af ESB, hve stjórnsýsla landbúnaðarráðuneytisins sé í raun veik og hve mörgum af eðlilegum verkefnum ráðuneytisins hafi verið úthýst til Bændasamtakanna og annarra hagsmunaaðila. Það er varla hægt að sjá skýrari birtingarmynd þess en í þessu máli, þegar lobbýistarnir sjálfir eru bókstaflega farnir að skrifa frumvörp um eigin mál. Hvar annars staðar á byggðu bóli þætti slíkt boðlegt?

Sumir stuðningsmenn frumvarpsins hafa sagt sem svo að í frumvarpinu felist engin kerfisbreyting heldur sé einungis verið að „skerpa á lögunum“. Skerpingin felst í því að verið að leggja til kvalafullar refsingar á þá sem taka við mjólk sem framleidd hefur verið án ríkisstyrkja, eins sanngjarnt og rökrétt og það hljómar. Breytingin felur í sér að mjög erfitt ef ekki ómögulegt verður fyrir nýja aðila að koma inn á markaðinn í framtíðinni. Fyrirtækið Mjólka, hefði til að mynda ekki getað hafið rekstur í þessu nýja lagaumhverfi. Hver vill hefja rekstur á markaði sem er fullmettaður, lögum samkvæmt?

Mun nær hefði verið að „skerpa á lögunum“ með því að taka af öll tvímæli um að heimilt væri að framleiða mjólk að vild umfram kvóta og selja á markaði. Ef ríkið vill endilega tryggja ákveðið lágmarksframboð af mjólk með kvótum og niðurgreiðslum þá gott og vel, en hver í ósköpunum er hættan við það menn framleiði meira? Hvernig samræmist það atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar að gera svona lagað? Hvaða almannahagsmunir krefjast þess að framleitt sé nógu lítið af mjólk?

Ef til vill eru það sömu almannahagsmunir og krefjast þess að allir geti horft á handboltaleik frítt, eins og útvarpsstjóri og menntamálaráðherra vilja. Kannski er það fyrirsjáanleg afstaða hægrimanns, en ég skil ekki hvers vegna þeir sem vilja horfa á handbolta, geti ekki bara borgað fyrir það sjálfir.

Að mörgu leyti er þó hægt að vorkenna vinstrigrænum. Þeir komast til valda í slíkri dýrtíð að hefðbundin stefnumál þeirra, að allir fái alltaf frítt í allt, eru illframkvæmanleg. En þá má bara drepa framtakssemina og kæfa frumkvæðið á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Sýna þessum frjálsa markaði hver það er sem ræður.

# Blekking um ESB og deilistofna

Evrópumál



Friðrik J. Arngrímsson
framkvæmdastjóri LÍÚ

Það er blekking að aðild að ESB styrki samningsstöðu Íslands um hlutdeild í deilistofnum eins og sumir aðildarsinnar hafa haldið fram. Ýjað er að þessu í niðurlagi leiðara Fréttablaðsins þann 11. ágúst sl., þar sem fjallað er um makrílveiðar og hugsanleg staða gagnvart Noregi tekin sem dæmi.

Þjóðir innan ESB hafa hingað til veitt stærstan hluta makrílsins. Glíman um réttlátan hlut Íslands úr makrílnum er því aðallega við helstu fiskveiðiþjóðir sambandsins. Við inngöngu í ESB færðist glíman við þær á annan vettvang. Helsta vopn okkar í samningum um stjórn og nýtingu deilistofna eins og makríls er að sem fullvalda þjóð getum við sjálf ákveðið veiðar úr þessum stofnum í lögsögu okkar ef ekki nást ásættanlegir samningar. Þetta vopn yrði slegið úr höndum okkar við inngöngu í ESB. Menn geta svo velt því fyrir sér hvað þá yrði um kröfur okkar um sanngjarnan hlut úr makrílnum í viðræðum við Breta, Dani, Íra, Spánverja, Portúgala og Hollendinga sem fengju minna í sinn hlut en nú.

AF NETINU

## Sjálfstæðara Alþingi

Ein lexía af klúðrinu um lögfræðiálit Seðlabankans, stofnun sem heyrir undir framkvæmdavaldið, er að Alþingi verður að fara að vinna á sjálfstæðari hátt.

Alþingi verður að fara að taka frumkvæðið um lagasetningu og hafa á sínum snærum hóp sérfræðinga óháða frá framkvæmdavaldinu. Nefndir Alþingis þurfa að vera a.m.k. jafn upplýstar um mál líðandi stundar og fulltrúar framkvæmdavaldsins.

Án sjálfstæðrar upplýsingaveitu getur Alþingi ekki sinnt sínu starfi og mun halda áfram að verða háð framkvæmdavaldinu um hvað og hvenær það fær skammtaðar fréttir af mikilvægum málum sem viðkemur kjósendum.

Það getur aldrei talist lýðræðislegt að ókosnir fulltrúar framkvæmdavaldsins hafi upplýsingar sem kosnir fulltrúar kjósenda hafa ekki tímanlegan aðgang að.

blog.eyjan.is/andrigeir
Andri Geir Arinbjarnarson


# Skóladagar í miðborginni



Framundan er langur laugardagur!

LANGUR LAUGARDAGUR 14. ÁGÚST

Í miðborginni okkar finnur þú bækurnar, námsgögnin, fatnaðinn, gleraugun, úrin og allt sem þú þarfnast fyrir haustið og veturinn.

Njótum þess að versla, nærast og mærast saman í miðborginni okkar um helgina.

*Sjáumst!*

Útimarkaðir á Hjartatorgi, Hljómalindarreit og Lækjartorgi

MIÐBORGIN OKKAR

Hinn frábæri farandkvartett 3 raddir & Bítur skemmtir á Ingólfstorgi kl. 14:00 og heldur þaðan að Lækjartorgi, Hjartatorgi, Skólavörðustíg og Laugavegi til kl. 17:00

FRÍTT Í BÍLASTÆÐAHÚS! • VERSLANIR OPNAR TIL KL. 17:00

# Hvað er títt af Suðurnesjum?

Orkumál

Sveindís Valdimarsdóttir
fyrrverandi bæjarfulltrúi Samfylkingar í Reykjanesbæ

Einu sinni, ekki svo alls fyrir löngu, var til bær á Suðurnesjum sem hét Keflavík. Þetta var fremur rólegur bær sem byggði afkomu sína að miklu leyti á bandarískum her sem var staðsettur fyrir ofan bæinn, á hinni mannskæðu Miðnesheiði. Hin meginatvinnugreinin, sem setti mikinn svip á litla bæinn, var útgerð, rekin af miklum myndarbrag af útvegsbændum sem héldu vel utan um rekstur sinn og mannskap allan. Bæjarbragurinn varð eðlilega fyrir miklum áhrifum af veru herstöðvarinnar sem brauðfæddi stóran hluta bæjarbúa og ef fiskurinn brást mátti alltaf eiga von á því að fá vinnu á „Vellinum“. Ekki voru þó allir sáttir við veru hans en látum það nú liggja á milli hluta í þessari frásögn. Ef litið er til þess hvernig uppbygging var á þessum tíma, út frá landbrots– og uppbyggingarsjónarmiði, þá var malarnám úr Stapafelli mikið, svo mikið að mörgum þótti nóg um, enda vil ég fremur kalla það Fellið hálfa, því það ber þess merki að hafa orðið fyrir miklum ágangi, sérlega á uppbyggingarárum flugvallarins.

Árið 1994 varð sameining sveitarfélaga á svæðinu og Keflavík sameinaðist Njarðvík og Höfnum, sem áður fyrr gekk stundum undir nafninu Hollywood. Á þeim tíma var Ellert Eiríksson bæjarstjóri þessa stóra sveitarfélags. Það tók eðlilega smá tíma að aðlaga þessi þrjú sveitarfélög hvert að öðru og er það ferli sennilega enn í fullum gangi. Uppbygging var nokkur en mikið var þó kvartað yfir því að ekki fengjust nægilega margar byggingalóðir og í máli Ólafs nokkurs Thordersen kemur fram að eitt árið hafi einungis fjórum byggingalóðum verið úthlutað. Þetta man ég sem varabæjarfulltrúi á þeim tíma.

Nú ber svo við að fátækt gerir vart við sig í Sjálfstæðisflokknum á svæðinu og menn fara um héruð og sækja mann og annan til að taka nú við þessu mikla og stóra sveitarfélagi sem var svo sannarlega efnilegt fyrir unga menn á uppleið.

Ber svo við að Þorsteinn nokkur Erlingsson sem verið hafði guðfaðir sjálfstæðismanna í Keflavík og síðar Reykjanesbæ átti engan son, þannig að það þurfti að finna kjörson í embættið, þótt yfir voga og víkur þyrfti hann að fara og það gerði hann, enda sæfari mikill og fiskinn með eindæmum. Jæja, til að gera langa sögu stutta, þá fengu Reyknesbæingar kjörsoninn Árna Sigfússon og hann kom svo sannarlega eins og prins á hvítum hesti með fallega konu og fjölskyldu og meira að segja flutti sig alfarið til bæjarins. Eftir það fóru hlutirnir sko að gerast í Reykjanesbæ. Menn tóku strax eftir því hvað Árni hafði einstakt lag á því að vinna með Bandaríkjamönnum og hann og Davíð voru strax búnir að gera samning við bandaríska forsetann um að halda kananum á vellinum og þau boð voru látin út ganga að þeir sem kysu eitthvað annað en D myndu verða þess valdandi að herinn færi. Þetta var svo borðleggjandi dæmi að það hálfa væri nóg. En úps! Þeir fóru og Árni setti á stofn skrifstofu til að bjarga málunum og á þessum tíma fóru menn að byggja. Þeir byggðu og byggðu, bara svona til þess að hafa eitthvað að gera og fluttu m.a. inn fullt af Pólverjum sem voru svo klárir og svona ódýrir að það hafði bara ekkert annað eins sést á þessu guðsvolaða svæði. Jæja, en Árni var ekki lengi í paradís. Þetta var nú bara nokkuð dýrt, þegar allt kom til alls. Það þurfti lóðir og rör og ýmislegt vesen. Það þurfti víst að borga brúsann. Já, en Árni fékk hugmynd ! – Selja og leigja, það var málið, alveg kjörið, já og ekki bara það, þarna, það var hægt að fá „múltí monný“ fyrir Hitaveituna. – Já, hverjum hefði dottið önnur eins snilld í hug, nema honum? Prinsinum sjálfum sem kom á hvíta hestinum alla leið frá Reykjavík.

> Með öðrum orðum. Það þarf að rannsaka hvað er að gerast í Reykjanesbæ.

Já og þetta er fallega útgáfan. Hin er sú að Árni og sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ voru svo frekir að allir hinir í litlu sveitarfélögunum vildu ekki vera með honum og hann var orðinn einn eftir með nokkra sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ, sem ekki einu sinni allir vildu vera með honum. Meira að segja þurfti hann að halda fund í fyrra þegar hann var búinn, með sínum einstaka dugnaði, að selja Hitaveituna, án þess að láta menn vita, til þess einungis að útskýra hvað þetta væri mikil snilld. Hvers vegna þurfa prinsar eins og Árni yfirleitt að útskýra það að þeir ráða? Þegar það er bara þannig.

Með öðrum orðum. Það þarf að rannsaka hvað er að gerast í Reykjanesbæ!




# Marklaus mótmæli

Orkumál

Valborg Steingrímsdóttir
lögfræðingur

Fjárfesting aðila, utan ESB/EES, í orkufyrirtækjum á Íslandi

Í liðnum mánuði kom Elvira Méndez Pinedo, doktor í Evrópurétti, fram með nokkrar góðar ábendingar um afstöðu Evrópuréttar til fjárfestingar aðila utan ESB/EES í orkufyrirtækjum aðildarríkja. Í færslu á bloggi sínu (www.elvira.blog.is) hinn 29. júlí sl. segir hún að aðildarríki ESB/EES geti mótað stefnu sína varðandi rétt erlendra aðila, utan ESB/EES, til þess að fjárfesta í orkufyrirtækjum þeirra. Vakna þá spurningar um réttmæti þess að Magma Energy, sem „skúffufyrirtæki“ í Svíþjóð, eignist meirihluta í fyrirtæki á Íslandi sem stundar annars vegar vinnslu og hins vegar sölu á raforku.

Í samræmi við ákvæði EES-samningsins, sem Ísland er aðili að, og samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, er ekki unnt að meina lögaðilum, sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki EES-samningsins, að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita eða að eiga fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

Skilyrði um heimilisfesti helgast iðulega af skattalegum og réttarfarsástæðum og því verður ekki séð að það skipti höfuðmáli hvort um svokallað „skúffufyrirtæki“ er að ræða eða ekki eða hvort „raunveruleg“ starfsemi fari fram í því aðildarríki þar sem fyrirtækið er skráð, sbr. orðalag í kvöldfréttum RÚV 29. júlí sl. Var í sömu fréttum vísað til almannahagsmuna, umhverfis- og auðlindasjónarmiða um meiri möguleika fyrir aðildarríki til þess að taka þetta meira „varlega“. Magma hefur ekki eignast neinar náttúruauðlindir á Íslandi, HS orka er í starfsemi sinni bundið af tilskildum leyfum, eins og önnur orkufyrirtæki á Íslandi, og háð eftirliti opinberra stofnana. Ég get því ekki séð að fyrrgreind sjónarmið réttlæti að hróflað verði við kaupum sem þegar hafa gengið í gegn og eftir að lögbundinn frestur efnahags- og viðskiptaráðherra til þess að stöðva fjárfestinguna er útrunninn.

### Fjárfesting erlendra aðila í orkufyrirtækjum á Íslandi

Þá hefur borið við að menn séu yfir höfuð mótfallnir fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum orkufyrirtækjum.

Á Íslandi hefur þegar verið innleidd tilskipun Evrópusambandsins 2003/54/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 96/92/EB. Hafa þær tilskipanir báðar verið innleiddar, í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, með íslensku raforkulögunum. Samkvæmt því regluverki eru raforkuvinnsla og raforkusala, þ.e. sú starfsemi sem HS orka stundar, á almennum samkeppnismarkaði. Eins og að framan greinir er ekki hægt að meina lögaðilum, sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki EES-samningsins, að eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita eða að eiga fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

Menn geta að sjálfsögðu verið ósammála þessari löggjöf og viljað víkja frá henni. Þingmenn Vinstri grænna virðast t.d. almennt mótfallnir fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum orkufyrirtækjum, óháð því hvaðan þeir koma. Vekur það áleitnar spurningar í ljósi þess að flestir þeirra greiddu atkvæði með því að fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið og sitja í ríkisstjórn með flokki sem hefur það helst að markmiði að ganga í Evrópusambandið. Vilji þingmenn Vinstri grænna víkja frá regluverki Evrópusambandsins ættu þeir að svara því til á hvaða grundvelli þeir sitja með Samfylkingunni í ríkis-stjórn og hvaða tilgangi atkvæði þeirra um aðildarumsókn þjónaðu.

Í fyrrnefndri bloggfærslu Elviru segir eitthvað á þá leið að stefna Evrópusambandsins í orkumálum heimili undanþágur í þeim tilvikum þegar um einangraða markaði er að ræða, þar sem fyrirtæki séu tengd færri en 100.000 notendum, eins og tilfellið sé á Íslandi. Ísland geti því vikið frá megin fyrirkomulaginu en hafi valið að gera það ekki. Ekki er ljóst hvort Elvira eigi þarna við undanþágur varðandi fjárfestingu „skúffufyrirtækja“ eða fjárfestingu almennt innan EES/ESB. Sú undanþága sem vísað er til á hins vegar aðeins við um fyrirtæki er stunda dreifingu á raforku, sbr. 15. gr. tilskipunar 2003/54/EB, en HS orka stundar vinnslu og sölu raforku.

### Fjárfesting einkaaðila í orkufyrirtækjum á Íslandi

Þess viðhorfs hefur einnig gætt að eignarhald orkufyrirtækja eigi að vera á höndum ríkisins en ekki einkaaðila.

Samkvæmt íslenskum raforkulögum þarf virkjunarleyfi til þess að reisa og reka raforkuver með uppsettu afli 1 MW eða meira og fyrir öll raforkuver sem tengjast dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfi. Það er því svo að jafnvel landeigendur sem eiga auðlindir á landi sínu njóta aðeins takmarkaðs eignarréttar og þurfa, rétt eins og aðrir, að sækja um leyfi til raforkuvinnslu í samræmi við framangreindar viðmiðanir. Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til þess að fá leyfi fyrir raforkuvinnslu, leyfi geta verið skilyrt og leyfishafar sæta víðtæku opinberu eftirliti af hálfu heilbrigðiseftirlits, Samkeppniseftirlitsins og Orkustofnunar. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort um erlendan eða íslenskan aðila er að ræða, allir eru undir einum hatti. Ekkert stendur því í vegi, samkvæmt núgildandi regluverki, að sjálfbær nýting sé höfð að leiðarljósi við leyfisveitingar og eftirlit. Það er meðal markmiða raforkulaganna að efla atvinnulíf í landinu, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Núgildandi löggjöf gerir því ráð fyrir að þessa hluti megi tryggja með leyfisveitingarferli og eftirliti en að ekki þurfi að seilast inn í stjórn fyrirtækja og gera þau að einhvers konar samfélagseign.

Sé eignarhald orkufyrirtækja á höndum ríkis og sveitarfélaga má auðveldlega draga hlutleysi og gagnsæi við leyfisveitingar í efa. Ekki getur það verið til fyrirmyndar að sama sveitarfélag eigi stóran hlut í orkufyrirtæki og gefi út framkvæmdaleyfi til þess sama fyrirtækis vegna virkjunarframkvæmda. Hvað þá að ríkið hafi á höndum sínum orkufyrirtæki, sjái um mat á umhverfisáhrifum og útgáfu virkjunarleyfa. Ekki færi mikið fyrir aðhaldi samkvæmt því fyrirkomulagi. Þingmönnum Vinstri grænna finnst það kannski allt í lagi svo framarlega sem þeir eru í ríkisstjórn en hvað gera bændur þegar Sjálfstæðisflokkurinn kemst næst í ríkisstjórn? Hver segir enda að örfáir stjórnmálamenn séu betur til þess fallnir að fara með stjórn orkufyrirtækja heldur en hverjir aðrir?

### Hver er óttinn?

Eins og fram hefur komið er HS orka, óháð eigendum fyrirtækisins, bundið í starfsemi sinni af íslenskum lögum og regluverki Evrópska efnahagssvæðisins. Fyrirtækið kemur ekki til með að geta nýtt auðlindir landsins með öðrum hætti en önnur orkufyrirtæki á Íslandi. Þá eru orkuviðskipti eftir sem áður á samkeppnismarkaði og getur íbúi í Vesturbænum keypt orku af Fallorku fyrir norðan alveg eins og Orkuveitu Reykjavíkur fyrir sunnan. Mér er því spurn, hvað er það sem menn óttast?





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






Þórður Bachmann segir auðveldara að grilla kjöt í ofni en það sé skemmtilegra að gera það á grilli. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Heilgrillað kjöt safaríkt

**Stutt er síðan Pizza Hut var lokað á Sprengisandi en húsið stóð ekki lengi autt því á morgun opnar Grillhúsið þar sinn þriðja veitingastað. Þórður Bachmann eigandi gefur lesendum uppskrift að prime ribs.**

„Ég heilgrillaði nauta prime ribs. Það er svo þægilegt í undirbúningi,“ segir Þórður Bachmann, annar eigenda Grillhússins. „Þar sem kjötið er heilgrillað verður það sérstaklega safaríkt og gott.“

Þórður segir að bæði sé hægt að gera nauta prime ribs í ofni og á grilli. „Það er auðveldara að gera þetta í ofninum en skemmtilegra á grillinu en það kostar aðeins meiri yfirlegu,“ segir Þórður. Hann ber fram með kjötinu sæta kartöflumús. „Þetta er blanda af sætum og venjulegum kartöflum með beikonbitum,“ útskýrir Þórður og bætir við að ekki þurfi að skammta mikið af henni því hún sé svolítið þung í maga.

Þórður tók við rekstri Grillhússins fyrir um fjórum árum en veitingastaðurinn stækkar á morgun þegar nýr staður opnar á Sprengisandi. „Þetta er viðbót við þá staði sem við erum með fyrir á Tryggvagötunni og Grillhúsið Express í Kringlunni. Þetta verður „rock and roll“ steikhús með góðum mat og stemningu.“ *martaf@frettabladid.is*

## HEILSTEIKT PRIME RIBS ÞÓRÐAR Á GRILLHÚSINU

með grillsósu og kartöflumauki **fyrir 6**

**Prime Ribs**
2,5 kg ungnauta prime ribs
Nýmalaður svartur pipar
Salt

*Kryddið kjötið og steikið á grind í ofni við 230 gráður í tíu mínútur. Takið út og látið ofninn kólna niður í 140 gráður. Steikið áfram í einn til einn og hálfan tíma eða þar til kjötmælir hefur náð 58 til 60 gráðum í miðju kjötinu.*

**Kartöflumauk**
300 g kartöflur
300 g sætar kartöflur
2 dl mjólk
2 dl BBQ-sósa
3 dl rjómi
100 g smjör
3 sneiðar beikon
Salt

*Afhýðið kartöflurnar og sjóðið í mjólk og smá vatni. Sigtið vökvann frá þegar kartöflurnar eru soðnar, merjið í gegnum kartöflupressu. Skerið beikon í litla bita og steikið í potti með smjörinu, bætið rjóma og BBQ-sósu saman við, hitið að suðu, blandið kartöflumaukinu út í og kryddið til með salti.*



**Grillsósa**
3 dl vatn
1 dl edik
½ dl hunang
125 g sykur
2 msk. tómatmauk
1 tsk. paprikuduft
2 tsk. chiliduft
2 dl sterk chilisósa

*Blandið öllu í pott, sjóðið rólega í fimm til sjö mínútur, þykkið með maísenamjöli sem hrært hefur verið út í köldu vatni. Kælið fyrir notkun.*






**GEGNUM** kallast sýning fimm ungra listamanna á Vesturveggnum í Skaftafelli sem opnar í dag klukkan 17. Sýningin stendur til 5. september.




KRIYA YOGA

KYNNINGARFYRIRLESTUR UM KRIYA YOGA

Rajarshi Peter van Breukelen heldur fyrirlestur **13. ágúst kl. 19** í Yogastöðinni Heilsubót , Síðumúla 15. Fyrirlesturinn er öllum opinn og endurgjaldslaus.

INNVÍGSLA OG NÁMSKEIÐ

**14. - 15. ágúst** verður innvígsla í Kriya Yoga og hugleiðslutæknin kennd. Námskeiðið fer fram í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15. Þetta er tækifæri sem áhugafólk um Yoga og andleg fræði vill ekki missa af.

Nánari upplýsingar: 691 8565 (Guðmundur), 897 9937 (Bjarni)





LAGERSALA

no5 st. 40-48 verð kr. 7495.-

no11 st. 41-47 verð kr. 7995.-

no12 st. 41-46 verð kr. 7995.-

no21 st. 36-46 verð kr. 4995.-

Mikið úrval af skóm á alla fjölskylduna Frábær verð

Opið virka daga 12-18 laugardag 12-16

www.xena.is

xena

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040




Snorri Vignisson í Heiðmörk í fögrum flokki Ford-bíla í eigu manna í Fordfélaginu, en sá svarti er árgerð 1953 og sá rauði árgerð 1955. Litli, blái Fordinn er árgerð 1949 með 8 cylindra Big Block-vél og svo Ford Econoline Snorra, árgerð 1993. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Leit að pening í budduna

**Á morgun gefst einstakt tækifæri til að blanda saman skemmtilegum leik og stórbættum efnahag þegar Fordfélagið blæs til spennandi ratleiks í fagurri Heiðmörkinni þar sem gælt verður við bragðlaukana líka.**

„Eini tilgangurinn með ratleiknum er að gera fólki glaðan dag og vekja athygli á Fordfélaginu sem öllum stendur opið, hvort sem þeir eiga Ford, annan bíl eða engan,“ segir Snorri Vignisson, formaður Fordfélagsins, um spennandi leik í Heiðmörk á morgun.

„Það er hagkvæmt fyrir buddu allra að gerast félagi í Fordfélaginu því alls bjóða 108 fyrirtæki allt að 40 prósenta afslátt af vörum sínum, þar á meðal fá Fordfélagar 5 króna afslátt af bensíni Bensínorkunnar og 7 króna afslátt af Skeljungsbensíni, sem munar um í heimilisbókhaldi hvers og eins,“ segir Snorri, sem er félagi í bæði FÍB og 4x4 þar sem greiða þarf árviss félagsgjöld, en í Fordfélaginu greiðist aðildargjald aðeins einu sinni og svo ekki söguna meir.

„Fordfélagið var stofnað sem góðgerðarfélag því við höfum ekkert við peninga frá öðrum að gera. Ég er búinn að vera í björgunarsveitum í 30 ár, hef starfað fyrir Sameinuðu þjóðirnar og Rauða krossinn erlendis og er löngu farinn að hugsa á góðgerðarnótum. Íslendingar þurfa enda mikla búbót núorðið, enda kvarta þeir mjög yfir þjóðfélagsástandinu. Því fannst mér tímabært að gera þeim glaðan dag sem þennan og létta þeim heimilisútgjöld í leiðinni með aðild að Fordfélaginu,“ segir Snorri sem flautar til leiks klukkan 10 í fyrramálið.

„Í ratleikinn þarf fjórar manneskjur á einum bíl, keppnisskap og létt skopskyn. Keppendur fá svo kort þar sem merktar eru inn vísbendingar að spurningum sem leynast um alla Heiðmörk. Þá verður vel séð um næringu keppenda sem allir fá mat frá Hróa hetti, kók, nammi og ís meðan á leiknum stendur. Fornbíla- og Mustangklúbburinn verða í Heiðmörk og vinningar ríkulegir; stórar bensínúttektir, gps-tæki, bílaskoðanir og allt milli himins og jarðar.“

Skráning í ratleik Fordfélagsins fer fram á öllum stöðum Hróa hattar í Reykjavík, Mosfellsbæ, Selfossi og Kópavogi.

Nánari upplýsingar á www.fordfelagid.is.

*thordis@frettabladid.is*


ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

AÐEINS FJÖGUR VERÐ Í BÚÐINNI

50–70% AFSLÁTTUR

1.990 • 3.990 • 4.990 • 5.990

NÝ SENDING AF SKOKKUM BEINT Á ÚTSÖLUNA

MINDX

Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11–16

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

FJÖRÐUR www.fjordur.is





Síðustu dagar útsölunnar

Kíktu á útsöluna í vefverslun

www.lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design - gamla sjónvarpshúsið - Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 13. ágúst 2010




## GJÖRNINGUR Á NORÐURPÓLNUM

Melkorka Ólafsdóttir og Daníel Bjarnason eru meðal þeirra fjölhæfu listamanna sem skipa kammersveitina Ísafold. Sveitin kemur fram á sviðslistahátíðinni artFart í næstu viku.

+ TÍSKUVIKAN Í KAUPMANNAHÖFN + SAMFESTINGAFÁR Í REYKJAVÍK + STÚDÍÓ AKKERI LÍFGAR UPP Á TILVERUNA + NAUTNASEGGIR Á EYRARBAKKA





MSI CX605-023N
- 2.2GHz Intel Pentium T4500 örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 320GB SATA diskur
- 15.6" LED breiðskjár
- Vefmyndavél og DVD/CD skrifari
- ATI HD5470 1GB DDR3 skjákort
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 129.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ það er ennþá sumar!

## ELÍN EYÞÓRSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

Ég er að spila á 13fest á Venue í kvöld, þar sem kemur fram fullt af flottum listakonum. Á laugardagskvöldið verð ég svo með kveðjutónleika á Rosenberg því ég er að flytja til New York. Þar verð ég með bandi og líka koma fram Ellen Kristjáns, Myrra Rós, Feldberg og Pikknikk. Þetta verður góð helgi.



helgin MÍN

### Tískuvikan af stað

Tískuvikan í Kaupmannahöfn fór af stað í vikunni en þar er verið að sýna tískustraumana vor og sumar 2011. Íslendingar flykkjast á viðburðinn að venju og verður Kaupmannahöfn full af íslensku tískuelítunni fram yfir helgi. Fatahönnuðir landsins freista þess að selja hönnun sína út fyrir landsteinana. Þar á meðal er tískuparið Gunnar og Kolla hjá Andersen og Lauth.



### Frumsýning í Köben

Annað tískupar sem verður í Kaupmannahöfn er Magni og Hugrún hjá kron by KronKron en merki þeirra hefur gengið vel á erlendri grund. Magni og Hugrún ætla að selja skólínu sína, nýja sokkabuxnalínu og svo ætla þau að frumsýna fatalínu merkisins sem er væntanleg í búðir með vorinu.



### Líka fyrir börnin

Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig íslenskri hönnun verður tekið af erlendu innkaupafólki. Það eru ekki bara föt fyrir fullorðna fólkið á sýningunni því þar hefur íslenskur barnafatnaður líka sína fulltrúa. Bæði barnafatamerkin Igló og Sunbird eru með sölubása á sýningunni. Annars eru flestar fataverslanir landsins með fólk á sínum vegum til að kaupa inn sumarfatnaðinn fyrir næsta ár, enda danska tískuvikan sú besta í Skandinavíu.



þetta HELST

Vinkonurnar Tinna Pétursdóttir og Hjördís Ýr Ólafsdóttir reka saman Stúdíó Akkeri:

# LÍFGA UPP Á VERÖLDINA

„Þetta er fyrirtæki utan um okkar eigin hönnun, en við tökum líka að okkur verkefni fyrir aðra. Það má segja að við gerum allt frá því að búa til boðskort í afmæli til þess að skapa heildarútlit fyrir fyrirtæki,“ segir Tinna Pétursdóttir, sem ásamt Hjördísi Ýr Ólafsdóttur rekur Stúdíó Akkeri.

Fyrstu vörur þeirra eru að koma í sölu í Bókabúð Máls og menningar á næstu dögum, en það eru litríkir límmiðar sem nota má til að skreyta veggi, barnaherbergi, eldhús eða hvað sem manni dettur í hug. Á næstunni er svo von á fleiri vörum. „Við erum meðal annars með veggspjöld og óróa á teikniborðinu sem von er á á næstunni,“ segir Hjördís.

Þær Tinna og Hjördís hafa þekkst lengi en þær voru meðal annars báðar við nám við hönnunarskólann IED í Mílanó fyrir nokkrum árum. Þar var Tinna í mastersnámi í umbúðahönnun en hún hafði áður klárað B.A. gráðu í grafískri hönnun við sama skóla. Hjördís lærði iðnhönnun og bætti svo við sig mastersnámi í grafískri hönnun í Ástralíu. „Þótt við höfum ekki byrjað á sama stað þá tónar námið okkar vel saman og sameinast skemmtilega hjá okkur,“ segir Hjördís og Tinna heldur áfram: „Við vorum búnar að vera hvor í sínu horninu að pukrast í vetur, en fórum svo á stefnumót og komumst að því að okkur dreymdi nokkurn veginn sömu draumana. Við höfum svipaðan stíl og fílósífíu sem endurspeglast í því sem við erum að gera.“



**Gaman í vinnunni** Hönnunartvíeykið Tinna og Hjördís hefur gaman af samvinnunni, enda hafa þær líkan smekk og viðhorf til lífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hönnun þeirra einkennist af fallegum litum og formum og jákvæðni og gleði skín í gegn. „Við viljum skapa stóra hluti úr litlu. Þeir þurfa ekki alltaf að vera flóknir – réttu litirnir í réttu samhengi geta gert ótrúlega mikið fyrir annars hefðbundið rými,“ segir Tinna.

Þær Tinna og Hjördís halda líka úti bloggi á vefslóðinni http://blog.studioakkeri.com/ sem auðvelt er að fyllast innblæstri yfir, enda stútfullt af fallegum hlutum, sniðugum hugmyndum, og ýmsu öðru sem gleður augað. *- hhs*

Arna Ösp og David reka kaffiskýlið Bakkabrim á Eyrarbakka:

# Lífrænt fyrir nautnaseggi

Niðri við gömlu bryggjuna á Eyrarbakka opnuðu þau Arna Ösp Magnúsardóttir og David Kelley nýverið kaffiskýlið Bakkabrim í litlu 30 fermetra húsi. Húsið byggðu þau sjálf, sem er í anda staðarins, enda allur matur sem þar er seldur lífrænn og búinn til frá grunni af þeim sjálfum. Eitt af því sem í boði er á Bakkabrimi eru pikknikkkörfur og teppi, sem gestir geta tekið með sér í göngutúr, til dæmis á nærliggjandi strönd, sem minnir helst á útlendar baðstrendur.

Þau Arna og David leggja mikla áherslu á gæðakaffi. „Það var eiginlega aðalástæðan fyrir því að við ákváðum að opna kaffihús, að okkur langaði að geta skotist og fengið okkur virkilega gott gæðakaffi!“ segir Arna og bætir við að þeim sé annt um umhverfið. Því séu öll götumál úr lífrænt niðurbrjótanlegum efnum og megi því fara beint í safnhauginn með grænmetinu þegar búið er úr bollanum.




**Kaffifólk** Þau Arna og David leggja mikla áherslu á að bjóða gæðakaffi í kaffiskýlinu sínu á Eyrarbakka, enda miklir kaffiunnendur sjálf. MYND / ÚR EINKASAFNI

Bakkabrim er opið frá 10 til 22 alla daga. Um helgina er aldamótahátíð á Eyrarbakka og verður margt um að vera á staðnum. Þangað er tilvalið að skreppa í helgarbíltúr, kíkja við í kaffiskýli þeirra Örnu Aspar og Davids í leiðinni og ná sér í einn rjúkandi götubolla. *- hhs*

### ✻ augnablikið



**HEIDI KLUM** Hvort sem það eru súperstjörnur heimsins eða tískustelpurnar í Reykjavíkur þá elska þær allar samfestinga. Ofurfyrirsætan Heidi Klum sást í einum slíkum á göngu í Brooklyn á dögunum.

SANYL
ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Nýjar Haustvörur
59.900,-
Legubekkur
Þægilegur og fallegur hvíldarstaður
19.900,- Skemill
Margir litir, mjúk áferð
NÝTT haust 2010
Stóll 38.900,-
Rómantísk stemning og þægindi
NÝTT haust 2010
Sófar og stóll
Klassísk og vönduð hönnun
89.900,-
59.900,-
119.900,-
NÝTT haust 2010
Stóll 29.900,-
Skemmtilegt nýtt útlit á stólum
NÝTT haust 2010
Púðaverð
45x45 1.490,- til 2.990,-
60x60 3.990,-
hringlaga 1.990,- til 2.990,-
Púðar
raðaðu saman litum og munstri
NÝTT haust 2010
Púðar
Það er klassi yfir hvítu og ljósbrúnu
NÝTT haust 2010
Ódýra hornið
Teketill 1.190,-
Litríkir og lokkandi katlar
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# MEÐ TÓNLISTINA Í NÝ RÝMI

**Melkorka Ólafsdóttir og Daníel Bjarnason eru á meðal stofnenda Kammersveitarinnar Ísafoldar, sem samanstendur af ungum og efnilegum hljóðfæraleikurum. Kammersveitin er á meðal þeirra sem koma fram á sviðslistahátíðinni artFart og setur hún upp gjörning í Norðurpólnum ásamt nokkrum vídeólistamönnum þann 18. ágúst næstkomandi.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Arnþór Birkisson

Kammersveitin var stofnuð árið 2003 og er eitt af markmiðum sveitarinnar að koma samtímatónlist á framfæri við almenning. Ísafold gaf út sína fyrstu plötu árið 2007 sem hlaut mikið lof gagnrýnenda og ári síðar hlaut hún Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins í flokki sígildrar- og samtímatónlistar.

Ásamt því að vera einn af stofnendum Ísafoldar er Melkorka einnig flautuleikari sveitarinnar. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í tónlist frá Listaháskóla Íslands vorið 2004 og hefur síðan þá sótt tíma hjá ýmsum virtum flautuleikurum víða um heima. NývERIÐ hreppti hún fjórða sætið í hinni alþjóðlegu Carl Nielsen tónlistarkeppni sem þykir einstaklega góður árangur. Daníel er hljómsveitarstjóri og þykir eitt efnilegasta tónskáld sem komið hefur fram undanfarin ár. Hann lauk prófi í tónsmíðum og hljómsveitarstjórnun við Tónlistarskólann í Reykjavík vorið 2003 og stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórnun í tónlistarskóla í Þýskalandi, þaðan sem hann útskrifaðist með hæstu einkunn. Aðspurð segja þau kammersveitina hafa byrjað sem hálfgert sumarverkefni nokkurra ungra og efnilegra tónlistarmanna.

**Daníel:** „Við stofnuðum Ísafold árið 2003. Á þeim tíma vorum við flest að klára tónlistarnám hér á Íslandi og þetta byrjaði sem hálfgert sumarverkefni. Okkur fannst líka vanta vettvang þar sem ungt tónlistarfólk gæti komið saman og spilað góða músík.“

**Melkorka:** „Fyrsta sumarið ferðuðumst við í rútu í kringum landið og spiluðum í þorpum og bæjum, en þetta hefur þróast mikið síðan þá og nú höfum við unnið að mjög fjölbreyttum verkefnum með mismunandi listamönnum.“

## SJÓNRÆN TÓNLIST

Ísafold setjur upp gjörning í tengslum við artFart-sviðslistahátíðina. Gjörningurinn samanstendur af lifandi tónlist og vídeóverkum sem unnin eru af myndlistarmönnunum Unu Lorenzen, Henrik Linnet, Ingibjörgu Birgisdóttur, Söru Gunnarsdóttur og Anne Harild. Tónlistin sem Ísafold flytur tilheyrir svonefndri spektralstefnu sem er tileinkuð hljóðtíðnipælingum og hljóðeðlisfræði. Ekki er um hefðbundna tónleika að ræða heldur er þetta eins konar opið hús og er sýningargestum frjálst að koma og fara eftir hentisemi. Spektraltónlist þykir nokkuð sjónræn og þannig varð til hugmyndin að fá vídeólistamenn til liðs við sveitina og úr varð þessi einstaki gjörningur þar sem lifandi tónlist er flutt við verk listamannanna.

**Melkorka:** „Spektraltónlist er mjög sjónræn og margir myndlistarmenn eru hrifnir af þessari músík og þannig kom hugmyndin um að blanda þessu tvennu saman. Það sem er kannski óvenjulegt er að tónlistin kom fyrst, svo myndin, oftast er það öfugt. Við höfum haft mikinn áhuga á að brjóta upp þetta hefðbundna tónleikaform og með því viljum við reyna að ná til breiðari hóps og um leið gefa fólki tækifæri til að upplifa tónlist í öðru samhengi.“

**Daníel:** „Við vorum einu sinni með tónleika á Kjarvalsstöðum sem voru settir upp eins og myndlistarsýning. Sýningargestir gengu á milli sala þar sem mismunandi tónverk voru leikin og það heppnaðist mjög vel.“

Er þetta form framtíðin í tónleikahaldi?

**Daníel:** „Ég held ekki að það komi í staðinn fyrir önnur hefðbundnari tónleikaform, þetta er frekar góð viðbót við það. Mér finnst mjög skemmtilegt að fara með þessa tónlist út úr tónleikasalnum og inn í ný rými sem bjóða upp á nýja nálgun og kannski nýja hlustun.“

Eitt verkanna sem flutt verður í Norðurpólnum er eftir tuttugu og sex ára gamalt breskt tónskáld, Ed Finnis. Hann er sérfræðingur í spektralstefnunni og mun halda fyrirlestur um hugmyndafræði stefnunnar klukkan 20.00 sama kvöld.

## MENNING MIKILVÆG

Kammersveitin Ísafold hefur komið saman á hverju ári frá stofnun og segir Melkorka það gefa meðlimum sveitarinnar tækifæri til að koma reglulega heim og spila saman.

**Melkorka:** „Við höfum verið með verkefni á hverju sumri frá 2003 og fyrir hrun komum við einnig saman yfir jólin.“

Daníel segir meðlimi sveitarinnar ávallt tilbúna til að koma heim og að hingað til hafi gengið ágætlega að ná öllum saman þó auðvitað komist ekki alltaf allir. Það getur þó verið dýrt að fljúga hingað til lands auk þess sem minna er um styrki eftir hrun og því hefur sveitin brugðið á það ráð að koma af stað styrktarsöfnun.



**Setja upp gjörning** Daníel Bjarnason og Melkorka Ólafsdóttir eru á meðal stofnenda Kammers legustu hljóðfæraleikurum landsins.

**Melkorka:** „Þar sem stór hluti af Ísafoldarhópnum býr erlendis getur verið erfitt að koma fólki heim til að spila og því höfðum við hugsað þennan tónlistargjörning sem eins konar fjáröflunarleið fyrir okkur. Við viljum gera þetta svolítið skemmtilegt og ætlum meðal annars að vera með súpu og drykki á boðstólnum sem hægt er að kaupa aukalega,“ segir Melkorka og bætir við að hornleikari sveitarinnar, Ella Vala Ármannsdóttir, muni sjá um súpugerðina.

Aðspurð telur Melkorka það sjaldan hafa verið jafn mikilvægt og nú að hlúa að menningu en bætir við að það sé alls ekki erfiðara að ná eyrum manna eftir hrun. „Gildi manna og áherslur hafa breyst, fólk leitar í áhugaverða hluti sem auðga líf þess, hluti sem ekki endilega kosta mikla peninga,“ segir hún. Daníel samsinnir þessu og svarar neitandi þegar hann er inntur eftir því hvort erfitt sé að vera tónlistarmaður í dag. „Nei, það er ekki erfiðara að vera tónlistarmaður eftir hrun en það er erfiðara að finna styrki. Reykjavíkurborg hefur þó verið dugleg við að styðja við bakið á okkur en maður verður líka að finna nýjar leiðir til að safna fé.“

Þið þurfið þá að vera dugleg að finna ykkur verkefni?

**Daníel:** „Maður er bæði duglegur að finna sér verkefni og svo finna verkefnin mann líka,“ segir hann brosandi.

## UPPLIFUN

Þar sem meðlimir Kammersveitarinnar Ísafoldar eru búsettir víða um heim fá þau aðeins nokkra daga til að æfa sig saman fyrir





VORUM AÐ OPNA FULLA BÚÐ AF GLÆSILEGRI HAUSTVÖRU

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

# ENSKI BOLTINN

FÖSTUDAGUR 13. ÁGÚST 2010



MYND/VALLI

SPORT 2
enski boltinn

VIÐ FÆRUM ÞÉR ENSKA BOLTANN Á STÖÐ 2 SPORT 2

Síminn
ICELANDAIR
1011 ...þegar þér hentar
OPIN KERFI 25 ára

# Ógleymanlegur dagur í enska boltanum

**Hefur þú aldrei farið til Englands á fótboltaleik? Fréttablaðið hefur tekið saman tíu punkta sem hafa ber í huga þegar farið er á leik á Englandi. Þetta er nefnilega smá ólíkt því að fara á leik í Pepsi-deildinni… rúmlega smá.**

### EKKI MÆTA SVANGUR Á VÖLLINN

Bragðlaukar Breta eru af allt öðrum toga en annarra Evrópubúa. Matarmenningin í og kringum fótboltaleikvanga landsins er síðan sér kapituli út af fyrir sig. Þar er botninn skafinn. Mörgum finnst kannski sjarmerandi að borða fisk og franskar upp úr dagblaðapappír, saltaðan hamborgara sem líkist helst skósóla eða bara kjötvöru sem þú hefur aldrei séð áður og veist ekkert hvaðan kemur. Það er ekkert að því að smakka en við mælum ekki með því að fólk mæti svangt á völlinn.

### EKKI VERA MEÐ ÓSKYNSAMLEGAR ATHUGASEMDIR

Bretinn er kaþólskari en páfinn þegar kemur að fótboltanum segir Guðjón Þórðarson. Fótboltinn er heilagur fyrir mörgum og það borgar sig ekki að vera með óþarfa skot eða ögranir í garð annarra áhorfenda, ekki einu sinni þó það sé meint í góðlátlegu gríni. Það gæti endað illa. Fótbolti er ekki bara leikur þar sem 22 karlmenn í stuttbuxum sparka bolta sín á milli … þarna er hann trúarbrögð og líf margra og skap fer algjörlega eftir genginu hjá þeirra liði.

### EKKI MÍGA Á ALMANNAFÆRI

Þótt það virðist vera mikill hressleiki og frjálsræði fyrir utan völlinn þá er þetta ekki útihátíð. Ekki gera eins og Selfyssingurinn sem ákvað að kasta af sér vatni rétt fyrir utan völlinn fyrir leik. Eina sem hann uppskar var afskipti lögreglunnar og hann jú endaði á því að missa af leiknum. Ekki mjög sniðugt.

### EKKI MÆTA MIÐALAUS

Það er algjört lykilatriði að tryggja sér miða áður en þú ferð út… nema þú sért á leiðinni á Morecambe – Rotherham. Þetta er ekki eins og hér heima þar sem þú veifar bara þúsundkalli í hliðinu og ert mættur inn. Það getur verið algjört basl að redda sér miða þegar út er komið og ef það er orðið uppselt þá er þetta bara spurning um að kaupa miða á svörtu og láta arðræna sig eða skella sér á krá rétt hjá og horfa á leikinn þar. Borgar sig líka að tryggja það að maður sitji innan um stuðningsmenn síns liðs í stúkunni!

### EKKI VERA ÓSKIPULAGÐUR/LÖGÐ

Á leikdegi þá kollvarpast samfélagið kringum völlinn. Í kringum marga leikvanga er ýmsum götum og öðrum samgönguæðum lokað. Það borgar sig því að vita nákvæmlega hvernig þú ætlar að koma þér til og frá vellinum ef þú vilt losna við langa göngutúra og stress. Ekki hika við að spyrja til vegar … ekki heldur hika við að spjalla við leigubílstjóra um fótbolta. Þeir hafa allir sterkar skoðanir!



**Mikið stuð á pöllunum** Harðir stuðningsmenn Liverpool fagna hér marki sinna manna á Old Trafford. MYND/AFP

### MÆTTU TÍMANLEGA!

Íslendingar eru heimsmeistarar í að mæta seint á völlinn. Í Pepsi-deildinni er oft þriðjungur áhorfenda sestur þegar dómarinn flautar til leiks. Þetta gengur ekki alveg upp í ensku úrvalsdeildinni. Stemningin kringum vellina fyrir og eftir leik er ómissandi hluti af upplifuninni. Það fer nánast heill dagur í einn fótboltaleik og borgar sig því að mæta sem fyrst og gefa sér góðan tíma í að rölta kringum leikvanginn, skoða minjagripabúðir og forðast það að stíga á skít frá ógnarstórum lögregluhestum.

### FINNDU BARINN MEÐ STÓRU B-I

Áður en þú mætir til leiks er skylda að finna út á hvaða bar heitustu stuðningsmennirnir hittast fyrir leik. Forðastu eftirlíkingar, við erum að tala um barinn sem inniheldur mennina sem eru til í að deyja fyrir klúbbinn alla daga. Stuðningsmenn allra liða eiga svona heimavöll þar sem söngvar eru kyrjaðir, dansað uppi á borðum, andstæðingarnir niðurlægðir og skálað í söngvatni. Bretar eru bestir í þessum flokki.

### KLÆDDU ÞIG UPP

Til að taka virkan þátt í stemningunni borgar sig algjörlega að fara alla leið í klæðaburðinum. Á Englandi er hægt að kaupa alls konar merkt þínu liði; nærbuxur, sólgleraugu, axlarbönd og fyndna hatta svo fátt eitt sé nefnt. Til að vera sem hressastur er um að gera að vera merktur þínu liði frá toppi til táar.

### LÆRÐU SÖNGVANA

Til að vera eins virkur stuðningsmaður og mögulegt er þá er um að gera að læra helstu söngva þíns liðs áður en mætt er á völlinn. Það er hægt að finna allt með hjálp google og youtube. Sérstaklega er mikilvægt að læra níðsöngvana um erkióvini félagsins og andstæðinga, þeir eru skemmtilegastir.

### VERTU ALLTAF MEÐ MYNDAVÉL

Til að minningarnar lifi sem lengst borgar sig að vera með myndavélina og hleypa þínum innri bol upp á yfirborðið. Þú gætir rekist á Frank Lampard í lyftu eða séð Gary Neville að borða muffins í verslunarmiðstöð og því borgar sig að vera alltaf með vélina til taks. Svo er gaman að eiga mynd af sér með lukkudýrinu, vallarþulnum eða lögregluhesti. *-egm*

# Við tökum þrjú örugg stig á Anfield á sunnudaginn

Opin kerfi er eitt fjögurra fyrirtækja sem undirritaði á sunnudaginn samning til þriggja ára um kostun á útsendingum Stöðvar 2 Sport 2 á enska boltanum. Gunnar Guðjónsson, forstjóri Opinna kerfa, sem undirritaði samninginn fyrir hönd þeirra, segir enska boltann samrýmast fyrirtækjabragnum, „enda búum við yfir sterkri liðsheild, sem býr yfir miklum krafti og höfum verið að spila sóknarbolta, þrátt fyrir efnahagshrunið. Þetta er verðmætur markhópur því þarna eru áhorfendur í hátíðarskapi að horfa á stjörnurnar sínar.“ Gunnar segir útsendingu og myndvinnslu sem henni fylgir skapa fjölmörg tækifæri fyrir Opin kerfi og ljóst að mikill fótboltabragur verður á Opnum kerfum á næstu misserum. „Hjá 365 er mjög fagmannlega staðið að íþróttaútsendingum og landslið sérfræðinga í íþróttalýsingum er jákvæð tenging fyrir Opin kerfi sem hafa það að leiðarljósi sínu að bjóða upp á landslið sérfræðinga hvað snertir upplýsingatækni og þarfir henni tengdar.“



**Gunnar Guðjónsson** MYND/GVA

Spurður um enska boltann í vetur telur Gunnar þetta verða ár Liverpool. „Það er ljóst að kapphlaupið verður á milli fimm liða. Man Utd, Man City, Arsenal, Chelsea og svo þeirra sem munu sigra, Liverpool. Eftir nokkur mögur ár er komið að mínu liði. Með kínverska ríkið sem eiganda, Englending í brúnni og Íslending í miðverðinum stenst ekkert lið Rauða hernum snúning. Ég mun hefja hátíðina með forleik á laugardag þar sem FH verður Visa bikarmeistari og síðan tökum við þrjú örugg stig á Anfield á sunnudag móti Arsenal.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Ábyrgðarmaður:** Einar Skúlason
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471 og Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 5125439
Forsíðumyndin er af Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni ásamt hópi ungra fótboltaiðkenda í Knattspyrnuskóla Þróttar. Verslunin Jói útherji lánaði treyjur ensku liðanna fyrir myndatökuna.



Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940
SHIMANO
25% afsláttur í ágúst


Shimano tvíhendupakkar með
25% afsl. út ágúst
Shimano er einn allra stærsti stangar framleiðandi í heiminum í dag og hafa tvíhendurnar og hjólin borið af hvað varðar gæði og hönnun. (ath. hægt er að prufa stangirnar á grasbletti við verslunina).
Brasstúbur og flugur
Allar helstu Túpurnar á aðeins
395 kr.
Allar laxaflugur á
350 kr.
Straumflugur á
295 kr.
Besta verðið í bænum?

Veiðiportið betri verð í 7 ár.
20 ára reynsla í fluguhnýtingum tryggir gæðin.

# THE ENGLISH PUB

Beinar útsendingar
Lifandi tónlist öll kvöld



EINN HEIMA MEÐ ÁSKRIFT



Á ENSKA BARNUM MEÐ FÉLÖGUNUM

ÞAÐ ER *SKEMMTILEGRA* AÐ VERA Á ENSKA BARNUM

**ENSKI BOLTINN BYRJAR 14.08.2010**

THE ENGLISH PUB

# Fimm heitustu félagsskiptin í sumar

**Við lítum á nokkra spennandi leikmenn sem höfðu félagaskipti í eða innan úrvalsdeildarinnar.**




### David Silva, Manchester City

*Keyptur frá Valencia á 25 milljónir punda / 24 ára miðjumaður/vængmaður*

Kom ekki mikið við sögu hjá Spánverjum á heimsmeistaramótinu í sumar. Er að fara að leika í fyrsta sinn utan Spánar en hann var orðaður við fjölmörg stórlið í sumar, þar á meðal Chelsea, Manchester United og Barcelona. Peningavél City vann þá samkeppni.

### Yaya Toure, Manchester City

*Keyptur frá Barcelona á 24 milljónir punda / 27 ára miðjumaður*

Fílabeinsstrendingurinn er mættur til City eftir þrjú ár í herbúðum Barcelona. Þessi sterki varnarsinnaði miðjumaður hittir þar fyrir eldri bróður sinn, Kolo Toure. Hjá City gera menn gríðarlegar væntingar til Yaya og borga honum laun eftir því.




### Javier Hernandez, Manchester United

*Keyptur frá Guadalajara á óuppgefna upphæð / 22 ára sóknarmaður*

„Chicharito“ er fyrsti Mexíkóinn til að spila fyrir Manchester United. Njósnarar félagsins hafa fylgst með þessum ógnarhraða leikmanni um nokkurt skeið. Það var ákveðið að drífa í að ganga frá kaupum á honum fyrir HM. Það var eins gott því hann lék virkilega vel á mótinu og verðmiðinn hefði hækkað verulega.




### Marouane Chamakh, Arsenal

*Fenginn til Arsenal frá Bordeaux á frjálsri sölu / 26 ára sóknarmaður*

Chamakh er fæddur og uppalinn í Frakklandi en leikur þó fyrir landslið Marokkó. Hann vann deild og bikar með Bordaux áður en hann samþykkti tilboð Arsenal. Skoraði sitt fyrsta mark í búningi Arsenal í æfingaleik gegn AC Milan.

### Joe Cole, Liverpool

*Fenginn til Liverpool frá Chelsea á frjálsri sölu / 28 ára vængmaður/ sókndjarfur miðjumaður*

Cole fór öfuga leið miðað við Yossi Benayoun og ákvað að ganga til liðs við Liverpool á frjálsri sölu. Cole á 56 landsleiki að baki fyrir England og eru flestir á því að Liverpool hafi sýnt klókindi með því að fá hann. Steven Gerrard segir Cole vera betri en Lionel Messi en svo langt göngum við ekki.



## Aðrir sem ber að gefa gaum:

Ben Foster – Til Birmingham frá Man Utd
Mame Biram Diouf – Til Blackburn frá Man Utd (lán)
Jermaine Beckford – Til Everton frá Leeds
Yossi Benayon – Til Chelsea frá Liverpool
Milan Jovanovic – Til Liverpool frá Standard Liege
Sol Campbell – Til Newcastle frá Arsenal
Dan Gosling – Til Man City frá Everton
Jerome Boateng – Til Man City frá Hamborg
Pablo Ibanez – Til WBA frá Atletico Madrid
Pablo Barrera – Til West Ham frá Pumas
Antolin Alcaraz – Til Wigan frá Club Brugge
Mauro Boselli – Til Wigan frá Estudiantes

Enski boltinn er hjá okkur!



Jói útherji
síðan 1999
Ármúla 36 – 108 Reykjavík
s. 588 1560
www.joiutherji.is

# Verður betri en nokkru sinni

Verslunarkeðjan 10-11 hefur verið samstarfsaðili við 365 um enska boltann síðustu fjögur árin og ákvað að endurnýja samninginn í vikunni til næstu þriggja ára.

Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri 10-11, segir ástæðuna fyrir samstarfinu vera gríðarlegan áhuga viðskiptavina á enska boltanum: „Alla mánuði ársins sem enski boltinn rúllar býður 10-11 viðskiptavinum sínum upp á leik sem gengur út á að kaupa einhverja vöru og þá eiga menn þess kost að vinna sér inn miða fyrir 2 á leik í enska boltanum. Flugmiðar fyrir 2 fylgja einnig með í kaupunum þannig að vinningurinn er veglegur. Þessir leikir hafa verið gríðarlega vinsælir hjá okkur og eru í kringum 10.000 manns sem taka þátt í hverjum mánuði.“ Sigurður minnti á að verslanir 10-11 eru 23 talsins og eru opnar allan sólarhringinn. Svangir fótboltaunnendur geta því nálgast allt sem þeir þurfa með boltanum þegar þeim hentar. Spurður um knattspyrnuveturinn sagðist Sigurður sannfærður um velgengni Man. United: „Ég er klár á því að Man. United muni koma sterkir inn í ár og endurheimta titilinn. Það mun vekja athygli að Chelsea mun missa sjálfstraustið og enda í fjórða sæti deildarinnar í lok tímabils. Annars mun deildin verða betri en nokkru sinni og allir skemmta sér hið besta yfir enska boltanum í vetur.“



**Sigurður Reynaldsson**



**Klárir í Sunnudagsmessuna á sunndögum** Hjörvar Hafliðason og Guðmundur Benediktsson sjá um nýjan fótboltaþátt á Stöð 2 Sport 2 þar sem farið verður yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. MYND/VALLI

# Á að vera gaman þegar fjallað er um skemmtilegustu íþrótt heims

**Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason stýra þættinum Sunnudagsmessan þar sem umferð helgarinnar í enska boltanum er krufin til mergjar.**

„Það getur allt gerst í þættinum, það er alveg á hreinu,“ segir Guðmundur Benediktsson sem ásamt Hjörvari Hafliðasyni sér um nýjan fótboltaþátt sem er á Stöð 2 Sport 2 alla sunnudaga. Þarna leiða saman hesta sína tveir vinsælustu fótboltasérfræðingar landsins í dag. Þátturinn ber nafnið Sunnudagsmessan og er á dagskrá eftir síðasta leik dagsins.

„Hann spyr og ég kem með svörin,“ segir Hjörvar. „Þessi þáttur segir helstu sögu helgarinnar í enska boltanum. Oft á tíðum spila bestu liðin á sunnudögum en ekki laugardögum. Á þessum tíma náum við heildarmyndinni af helginni.“

Gummi og Hjörvar verða þó ekki einir. „Upplagið er að þriðja hjólið verði alltaf með okkur. Stefnan er að hafa alltaf nýjan og nýjan aðila en ef við römbum á einhvern mjög góðan þá höldum við honum bara,“ segir Gummi.

„Við munum renna yfir alla leikina en leggja alla áherslu á þá stærri. Öll mörkin verða sýnd en svo verður hitt á léttu nótunum. Þetta er skemmtilegasta íþrótt heims og það á að vera gaman þegar fjallað er um hana. Svo ætlum við að henda inn sprengjum af og til svo fólk hafi um eitthvað að tala.“

Stefnan er að áhorfendur taki virkan þátt og geti sent inn sínar hugleiðingar. Þá verða hetjur og skúrkar helgarinnar í brennidepli og ýmislegt fleira en þeir félagar eru fullir af hugmyndum.

„Við munum vera með ýmsar nýjungar í íslensku knattspyrnusjónvarpi. Til dæmis ætlum við að leyfa stuðningsmönnum liðanna á Íslandi að láta ljós sitt skína,“ segir Gummi og Hjörvar bætir við: „Það verður náð í einhverja tvo menn til að deila um eitthvað ákveðið efni. Við tveir skerum síðan úr um hvor stóð sig betur í rökræðunum.“

Þeir félagar hafa verið í boltanum allt sitt líf og báðir fylgst með enska boltanum af ástríðu síðan þeir muna eftir sér.

„Bikarúrslitaleikirnir voru alltaf teknir upp heima og fengu að rúlla í tækinu,“ segir Hjörvar. „Sterkasta minning mín úr barnæsku sem tengist enska boltanum er þó leikur Liverpool og Arsenal 1989, þegar Michael Thomas tryggir Arsenal sigurinn í deildinni. Sá leikur var í beinni útsendingu á RÚV og Arsenal þurfti að vinna 2-0 og Tomas skorar seinna markið á lokasekúndunum.“

Gummi var umkringdur Liverpool-mönnum þegar hann ólst upp. „Mín fyrsta minning úr enska boltanum er eiginlega bara Bjarni Fel. Síðan var eins og Liverpool væri að vinna alltaf og allir héldu bara með Liverpool. Það var eins og það væri bara ákveðið á þessum tíma að allir héldu með Liverpool. Allir jafnaldrar mínir fyrir norðan fóru þessa leið og ganga enn þennan veg,“ segir Gummi.

Það má búast við líflegum þáttum hjá þeim félögum í vetur en við fengum þeirra álit á ýmsum hliðum ensku úrvalsdeildarinnar eins og sjá má að neðan.

*elvargeir@frettabladid.is*

## GUMMI VS HJÖBBI

**Hvaða þjálfari mun fjúka fyrstur eftir að tímabilið hefst?**
HH: „Christ Hughton hjá Newcastle.“
GB: „Ég segi að það verði Roberto Mancini.“

**Hvað vinnur Blackpool marga leiki í vetur:**
HH: „Þeir vinna alveg þrjá leiki.“
GB: „Fjóra leiki.“

**Hvaða leikmaður deildarinnar fer mest í taugarnar á ykkur?**
HH: „Rafael da Silva. Ég þoli hann ekki. Svo er Paul Robinson hjá Bolton fífl.“
GB: „Það er enginn lengur því sá maður sem ég þoli ekki féll í vor. Hann heitir Michael Brown.“

**Vinnur Liverpool titil í vetur?**
HH: „Já, þeir taka einn. Hvort það verður bikarinn eða Europa league skal ég ekki segja. En það er erfitt að segja meðan eignarhaldið er í óvissu.“
GB: „Þeir gætu gert það. En eins og staðan er nákvæmlega í dag sér maður þá ekki geta unnið deildina. Maður veit samt ekki hvað gerist næstu daga varðandi eignarhaldið.“

**Hver verður markakóngur á tímabilinu?**
HH: „Fernando Torres, Liverpool number nine.“
GB: „Ég tippa á Tevez.“

**Fer Fabregas í janúar?**
HH: „Nei hann fer mánaðamótin maí-júní 2011.“
GB: „Ég er að sjá í spilunum sama samkomulag og þegar Ronaldo frestaði um ár að fara. Hann fer því næsta sumar.“

**Er liðið hjá Manchester United of gamalt?**
HH: „Vandamálið hjá United er ekki aldurinn heldur vantar ferskleika og sköpun á miðjuna.“
GB: „Nei. Ég veit það sjálfur að menn verða bara betri. Það er ekki eins og þessir elstu menn séu látnir spila hvern einasta leik og ekki eru þeir þreyttir eftir landsleiki. Gömlu mennirnir voru bestu menn United á síðasta tímabili heilt yfir ásamt Rooney.“



**Er hægt að dæma Chelsea á döprum árangri undirbúningstímabilsins?**
HH: „Nei. Hins vegar er áhyggjuefni hvað hefur komið fyrir fyrirliðann John Terry. Hann átti erfitt uppdráttar á HM og verið afar slakur á undirbúningstímabilinu. Hann er stóra spurningamerkið hjá Chelsea því hann verður að vera lagi.“
GB: „Það er ekki hægt að dæma Chelsea á því nei.“

**Besti markvörður deildarinnar?**
HH: „Reina hjá Liverpool ber höfuð og herðar yfir aðra markverði deildarinnar. Næstir koma svo van der Sar, Howard og Petr Cech.“
GB: „Petr Cech er aftur farinn að finna sig og fær mitt atkvæði.“

**Mest spennandi að fylgjast með?**
HH: „David Silva hjá City.“
GB: „Gareth Bale hjá Tottenham vaknaði loks á síðasta tímabili.“

**Vanmetnasti leikmaður deildarinnar:**
HH: „Leon Osman hjá Everton.“
GB: „Margir hjá Everton fá ekki það hrós sem þeir eiga skilið. Ég vel þó Clint Dempsey hja Fulham.“

**Ofmetnasti leikmaður deildarinnar:**
HH: „Benoît Assou-Ekotto hjá Tottenham og Javier Mascherano sem Liverpool er vonandi að fara að losa sig við. Get ekki dæmt á milli þeirra.“
GB: „Theo Walcott er gríðarlega ofmetinn.“




Guðjón Þórðarson vann bikarkeppni neðrideildarliða með Stoke á Wembley árið 2000 en bikarinn var þá kallaður Auto Windscreens Shields Trophy eða Framrúðubikarinn upp á íslenskuna. MYND/AFP

# Þarf meira en

**Guðjón Þórðarson þekkir enska boltann betur en flestir hér á landi enda**

Það hefur verið sagt að þjóðaríþrótt Íslendinga sé enski boltinn enda margir sem hafa alist upp við að eiga sitt uppáhaldslið þar í landi. En í hverju liggur sérstaða enska boltans?

„Það er gegndarlaus ástríða fyrir fótboltanum í Englandi," segir Guðjón Þórðarson. „Úrvalsdeildin er náttúrlega bara alþjóðleg deild og ég sá tölur um að um 2/3 af spilurunum þar séu af erlendum uppruna. Enski boltinn er samt ekki bara úrvalsdeildin því ekki má gleyma hinni hörðu keppni í neðri deildunum. Það eru í raun fimm atvinnudeildir í landinu, þetta er þvílíkur iðnaður."

Guðjón segir fólk yfirleitt eiga erfitt með að gera sér grein fyrir stærðargráðu fótboltans á Englandi. „Einn af vendipunktunum í lífi fólks þarna úti er þegar leikjaplanið er gefið út. Þá velja menn hvaða útileiki þeir ætla að fara á og taka hálfan sumarfrísdag fyrir þá leiki því margir leikirnir eru á virkum dögum. Að vera stuðningsmaður á Englandi er bara lífsstíll, þú keyrir upp og niður landið til að sjá liðið þitt spila," segir Guðjón.

„Mörg trúarbrögð eru mjög heit en stuðningsmenn þarna úti eru kaþólskari en páfinn þegar kemur að fótboltanum. Þetta er í raun einstakt. Það eru fótboltaklúbbar út um allt þarna."

### PENINGAVÉLIN VILL MEIRA

Eins og fleiri þá reiknar Guðjón með mun harðari toppbaráttu þennan veturinn en þá síðustu. „Fyrir tveimur til þremur árum voru bara tvö lið að keppast um efsta sætið, Chelsea og Man U. Hin liðin voru langt á eftir í fjármögnun. Það sem gerðist á þeim tíma var að Arsene Wenger var mjög klókur í sínum innkaupum og síðan hefur Manchester City komið inn í þetta," segir Guðjón en fleiri lið en áður setja stefnuna á toppinn.

„Það er klárt að við erum að sjá Chelsea og United sem þessi líklegustu lið, Arsenal á að vera með sterkara lið en í fyrra því ungu leikmennirnir eru orðnir árinu eldri. Peningavél City vill meira fyrir snúð sinn en hún fékk síðasta tímabil, það er klárt að Mancini er búinn að fá dýrmætan tíma. Svo sjáum við hvað Tottenham gerði í fyrra. Stóra spurningarmerkið er svo hvernig raðast hjá Liverpool."

Talað hefur verið um að lykilmenn Manchester United séu orðnir of gamlir. „Það er ekki hægt að ætlast til lengur að Giggs og Scholes dragi vagninn hjá United. Þá hefur gengið illa að finna eftirmann van der Sar í markinu og það er ekki auðvelt. Hann er á sama stalli og Schmeichel var á sínum tíma. Þeir verða að kaupa sér toppklassa markmann," segir Guðjón.

„Það voru brotalamir í leik liðsins síðasta tímabil en á móti kemur að yngri leikmenn hafa verið sterkir á þessu undirbúningstímabili. Þeir hafa verið að koma öflugir inn. En þegar í hörkuna er komið og þú þarft að keyra þig í gegnum þessa dimmu og grimmu mánuði yfir veturinn þá þarftu eitthvað meira til en ballerínur frá Brasilíu tiplandi á tánum á miðjunni. Við höfum ekki enn séð neinn koma í staðinn fyrir Roy Keane hjá Man U. Sennilega er það eintak bara ekki til lengur. Ætli hann yrði ekki settur bara á rítalín ef hann myndi finnast."

**● MOEYS BESTI STJÓRI BRETLANDSEYJA** Guðjón sér ekki önnur lið en þau sem nefnd hafa verið blanda sér í þessa toppbaráttu. „Það er óvissuástand hjá Aston Villa. Kannski taldi Martin O'Neill að hann



hefði náð því út úr liðinu sem hægt er," segir Guðjón sem hefur mikið álit á knattspyrnustjóra Everton.

Ef við skoðum hvað liðin hafa verið að gera undanfarin ár er einn stjóri sem hefur of lítið verið talað um miðað við hve frábær hann er og hve gott starf hann hefur verið að vinna. Hann hefur náð meiru út úr hverju pundi sem hann hefur milli handanna en nokkur annar. Þetta er David Moyes sem er sennilega besti knattspyrnustjóri Bretlandseyja," segir Guðjón.

„Hann getur ekki borgað laun sem komast nálægt þeim sem toppliðin borga. Ef hann nær að vera í og við Evrópusæti er hann að gera betri hluti en efni standa til."

**● HUNGRAÐIR EFTIR HÖRMULEGT HM** Arfadapurt gengi enska landsliðsins á HM hefur verið mikið í umræðunni á Englandi. „Bretarnir hafa talað um að deildin sé að skemma landsliðið en ég held að mörgu leyti að þeir séu að skemma það sjálfir. Ef einhver nær að sparka boltanum með vitrænum hætti í nokkrar vikur þá er hann orðinn heimsklassa leikmaður í enskum fjölmiðlum. Svo hafa agamál verið stórt vandamál í enska hópnum og það er ekkert að breytast," segir Guðjón.

„Fyrir mótið var ég með áhyggjur af enska landsliðinu þótt ég vonaði að þeim myndi vegna vel. Ég hafði áhyggjur af vörn og markvörslu. Robert Green varð að gríni strax í upphafi, John Terry var úti á túni og Wayne Rooney týndur og tröllum gefinn. Álagið á leikmenn í ensku deildinni er hrikalegt og hvergi spilaðir eins margir leikir og þar. Þeir sem spila mest geta verið að spila 60-70 leiki á ári."

Guðjón á von á því að þeir leikmenn sem voru í vonbrigðaliði Englands á HM mæti mjög grimmir til leiks á nýju tímabili. „Ensku leikmennirnir eru mjög hungraðir í að sýna að þeir séu góðir fótboltamenn því þeir gerðu sér skömm til á HM," segir Guðjón Þórðarson.

# United-liðið tekur þetta í vor

Icelandair er eitt fjögurra fyrirtækja sem undirritaði samning á sunnudaginn til þriggja ára um kostun á útsendingum Stöðvar 2 Sport 2 af enska boltanum.

Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður markaðs- og viðskiptaþróunar Icelandair undirritaði samninginn fyrir hönd Icelandair. Hann segir enska boltann mikilvægan fyrir Icelandair, „við fljúgum 13 ferðir á viku til London og 4 ferðir til Manchester, þannig að við flytjum fjölda fólks á leiki í enska boltanum í vetur." Hann bendir á þægilegar tengingar við þessar tvær borgir ef fólk vill ferðast víðar, þar sem lestarkerfið er mjög gott og svo er alltaf hægt að leigja bíl. „Það er líka hægt að blanda saman ólíkri afþreyingu, eins og golfi og fótbolta, kíkja í leikhús eða verslanir, allt eftir áhuga fólks."



Guðmundur Óskarsson MYND/VALLI

Guðmundur segir það ógleymanlega upplifun að fara á leik í enska boltanum, „það er söngurinn, nálægðin við leikinn og leikmennina. Það er allt annað en að sjá leikinn í sjónvarpi. Það er tilvalið að gefa slíka ferð sem gjöf eða að skipuleggja ferð með vinahópnum. Margir feður ákveða að fara með syni sína eða dætur á leik. Þetta eru ógleymanlegar stundir." Icelandair mun skipuleggja sérferðir á valda heimaleiki West Ham og á fjölmarga stórleiki í góðu samstarfi við Vita sport og ÍT ferðir.

Að lokum var Guðmundur spurður um hvaða lið muni hampa enska meistaratitlinum í vor. „United á eftir að taka þetta. Chelsea hefur misst of marga mikilvæga leikmenn og mun lenda í öðru sæti. Man. City mun síðan fylgja skammt á eftir og Arsenal tekur fjórða sætið."

# tiplandi ballerínur

**með reynslu úr sjálfri hringiðunni. Hann spáir spennandi baráttu um enska meistaratitilinn.**

**TERRY VERÐUR AÐ TAKA TIL HJÁ SÉR**

Chelsea hefur titil að verja. „Það hefur verið sagt að ef þú ætlir að verða meistari þurfir þú tvo leikmenn í hópinn sem eru jafn góðir og bestu leikmennirnir þínir til að viðhalda hungrinu og pressunni á hinum leikmönnunum. Hættan er sú þegar þú verður meistari að þú verðir saddur og sæll. Það eru bara sterkir leikmannahópar og sterkir stjórnendur sem ná að verja titla sína,“ segir Guðjón.

Stuðningsmenn Chelsea hafa áhyggjur af fyrirliða sínum sem hefur ekki verið svipur hjá sjón síðustu mánuði. „John Terry verður að taka til hjá sér og einbeita sér að fótboltanum. Hann verður að láta aðra hluti eiga sig. Það er algjört lykilatriði fyrir Chelsea. Þegar Mourinho var byggði hann liðið upp á öflugum og öguðum varnarleik og við sáum Chelsea ekki tapa eftir að hafa náð forystu. Lyklarnir í þeim pakka voru Petr Cech og Terry.“

Arsenal náði að halda Cesc Fabregas innan sinna raða en Guðjón telur liðið ekki nægilega sterkt til baka. „Ég held að Arsenal geti nýtt sér þá reynslu sem ungu leikmennirnir lögðu inn á reikninginn síðasta tímabil. Ég hef þó verið þeirrar skoðunar að liðið þurfi að fá sér mjög sterka miðverði og helst markmann. Ef þeir hefðu náð því væri Arsenal með lið sem væri þyngra í baráttunni en í fyrra. Ég held að þeir verði í þessari baráttu en liðið er svolítið brothætt.“

Guðjón telur að það verði erfitt fyrir Liverpool að komast inn í pakkann. „Ég kannast nú aðeins við Roy Hodgson og menn hafa talað um að hann sé endurfæddur. Ég hef nú aldrei litið á hann sem endurfæddan því hann er búinn að vera að gera góða hluti í langan tíma. Það sem hann klikkaði á þegar hann var hjá Blackburn var að hann ætlaði að fara að æfa eins og með Evrópulið. Hann kallaði mannskapinn inn á morgnana til æfinga, svo áttu menn að borða og leggja sig áður en þeir mættu aftur á æfingu seinni partinn,“ segir Guðjón.



**Guðjón Þórðarson hefur trú á nýja stjóra Liverpool.**

„Þetta kunnu Bretarnir ekki. Þeir voru vanir tveggja til þriggja tíma æfingu hjá þjálfaranum en ekki að þetta væri brotið upp með því að hafa tvær æfingar. Hodgson áttaði sig svo á því að þetta eru hlutir sem gengu bara ekki.“

**ÓLÍK STEFNA NÝLIÐANNA**

Nýliðarnir í deildinni koma inn með ansi ólík markmið. „Blackpool er ekki að fara inn í þessa deild með það sem aðalmarkmið að vera þar. Félagið á eftir að klára að byggja völlinn sinn og laga fullt af hlutum. Það mun nota það nýja fé sem það fær fyrir að vera þarna til að skjóta stoðum undir innri uppbyggingu. Sjálfsagt hafa þeir engar áhyggjur af því hvort þeir falli því þeir bara telja það víst. Svona er hugsunin og áherslurnar hjá þessum liðum ólík,“ segir Guðjón.

„Þegar Barnsley komst upp í úrvalsdeildina á sínum tíma þá notuðu þeir peningana til að laga völlinn og laga æfingasvæðið. Svo féllu þeir bara en nýttu sér peningana til að setja styrkari stoðir undir klúbbinn.“

Newcastle er hins vegar komið til að vera. „Newcastle er enginn smá klúbbur og er með um og yfir 50 þúsund manns á leikjum hjá sér, það er sérstök upplifun að fara á leiki hjá þeim á St James´Park. Newcastle verður alltaf stór klúbbur en það er bara spurningin hvernig þeim tekst til. Þeir eiga skilyrðislaust að vera meðal stóru liðanna. Ég er að vonast til að Newcastle nái að festa sig í sessi. Þetta eru ástríðufullir stuðningsmenn sem eru trúir sínum klúbbi,“ segir Guðjón.

*elvargeir@frettabladid.is*

# Ensku mörkin beint í símann

Síminn, sem er einn styrktaraðila enska boltans á Stöð 2 Sport 2, býður upp á nýja þjónustu fyrir áhugamenn um enska boltann. Nú geta áskrifendur fengið mörkin send beint í símann og berast þau innan við tveimur mínútum eftir að boltinn hafnar í markinu í Englandi.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir að boðið verði upp á fjórar mismunandi leiðir við að fá umfjöllun um leikina í enska boltanum senda í símann: „Í fyrsta lagi verður hægt að fá mörk uppáhaldsliðanna í símann og berast þau innan við tveimur mínútum eftir að þau hafa verið skoruð. Í öðru lagi verður hægt að fá upphitunarþátt sendan fyrir hvern leik, sem fer yfir uppstillingu liðanna, tölfræði og árangur á tímabilinu. Í þriðja lagi er hægt að fá samantekt á helstu atriðum úr leik rétt eftir að honum lýkur og í fjórða lagi er hægt að fá samantekt með mörkum og helstu atvikum í lok leikdags á aðalleikdegi hverrar umferðar.“ Langflestir 3G-símar munu geta tekið við mörkunum og gjaldið verður hóflegt. Annaðhvort verður þjónustan innifalin í áskriftarleiðinni „Netið í símann“ eða notandinn greiðir fyrir hvert mark eða samantekt sem er send í símann. Sævar sagðist aðspurður telja að knattspyrnuáhugamenn myndu fagna aukinni þjónustu og sagðist sjá fram á skemmtilegan og spennandi fótboltavetur. „Mitt lið, Arsenal, á eftir að vinna deildina að þessu sinni og verður það fyrst og fremst fyrir tilstilli Arshavins, sem mun blómstra í vetur. Chamakh, sem kom frá Bordeaux í sumar, mun gera góða hluti og sömuleiðis Fabregas, þó hann verði ekki sami yfirburðamaður í liðinu og hann var síðasta vetur,“ sagði Sævar Freyr að lokum.



**Sævar Freyr Þráinsson** MYND/XXXXX




# United vinnur titilinn í vor

Ef spá íþróttafréttamanna Stöðvar 2 og Fréttablaðsins fyrir ensku úrvalsdeildina rætist mun Manchester United endurheimta meistaratitilinn úr höndum Chelsea.

Tveir spá Chelsea titlinum en aðrir spáðu því allir að lærisveinar Sir Alex Ferguson muni bera sigur úr býtum. Liverpool er aðeins spáð sjötta sætinu en er reyndar skammt á eftir Tottenham sem er í því fimmta.

Fjögur efstu liðin fá sæti í Meistaradeild Evrópu en liðin í sætum 5–7 fara í Evrópudeildina. Liðin sem enda í 4. og 7. sæti þurfa reyndar að fara í gegnum forkeppni fyrst.

Fróðlegt verður að fylgjast með fallbaráttunni. Menn hafa nánast enga trú á að Blackpool haldi sæti sínu en liðið kom öllum á óvart, þar á meðal leikmönnum þess, þegar það vann sér inn sæti í úrvalsdeildinni. Það kemur frá sjávarbæ sem er staðsettur 64 km norðvestur frá Manchester.

Liðið var síðast í efstu deild 1971 en það afrekaði fyrir um 50 árum að vinna FA-bikarinn. Breskir fjölmiðlar fagna því að fá knattspyrnustjórann Ian Holloway upp í efstu deild en hann er frægur fyrir að vera mjög opinskár og hnyttinn í viðtölum. Honum tókst að koma Blackpool upp í úrvalsdeildina á sínu fyrsta tímabili við stjórnvölinn. *- egm*



Manchester United vann enska meistaratitilinn þrjú ár í röð frá 2007 til 2009 og ætti að endurheimta hann aftur í ár. MYND/AFP

**● SPÁIN FYRIR NÆSTA-TÍMABIL** Hér fyrir neðan má sjá samanlagða spá allra íþróttafréttamanna Stöðvar 2 Sport 2 og Fréttablaðsins. Úlfarnir, West Brom og Blackpool munu falla samkvæmt henni en allir sem tóku þátt spáðu Blackpool falli og aðeins einn spáði þeim ekki neðsta sæti deildarinnar. Liðið sem spáð er efsta sætinu fær 20 stig, annað sætið 19 og svo framvegis.

| | | |
|---|---|---|
| **1.** | **Man Utd** | **138 stig** |
| 2. | Chelsea | 134 |
| 3. | Arsenal | 125 |
| 4. | Man City | 118 |
| 5. | Tottenham | 113 |
| 6. | Liverpool | 112 |
| 7. | Everton | 99 |
| 8. | Aston Villa | 88 |
| 9. | Sunderland | 73 |
| 10. | Fulham | 70 |
| 11. | Birmingham | 65 |
| 12. | Blackburn | 61 |
| 13. | West Ham | 56 |
| 14. | Stoke | 53 |
| 15. | Newcastle | 51 |
| 16. | Bolton | 49 |
| 17. | Wigan | 29 |
| 18. | Wolves | 19 |
| 19. | WBA | 16 |
| 20. | Blackpool | 9 |



**● 240 LEIKIR Í HÁSKERPU Í VETUR** Eins og menn þekkja eru leikir sýndir í hverri viku í háskerpu á Stöð 2 Sport 2. Alls verða sýndir 240 leikir í beinni í háskerpu í vetur í ensku deildarkeppninni. Það verður því nóg framboð í vetur á enskum bolta í bestu gæðum.





...veitarinnar Ísafoldar, sem skipuð er mörgum efni-

tónleikana í Norðurpólnum. Melkorka segir það þó ekki koma að sök því flest séu þau búin að æfa sinn part í nokkurn tíma. Þegar þau eru innt eftir því hvort þau hlakki til kvöldsins svara þau bæði játandi.

**Melkorka:** „Ég hlakka mikið til. Norðurpóllinn er skemmtilega hrátt húsnæði og býður upp á marga möguleika. Myndböndin eru að tínast í hús og eru mjög flott. Þetta verður upplifun!“

**Daníel:** „Við vonumst líka eftir góðri mætingu og lofum mikilli stemningu.“

Gjörningurinn hefst klukkan 19.00 og verður hvert myndbandsverk flutt að minnsta kosti tvisvar sinnum á milli klukkan 19.00 og 23.00. Nánari efnisskrá má nálgast á vefsíðum artFart og Ísafoldar.

Kammersveitin Ísafold:

# FULL AF HÆFILEIKAFÓLKI



**Kammersveitin Ísafold var stofnuð árið 2003 og var fyrsta verkefni sveitarinnar tónleikaferð um landið. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og hefur hljómsveitin haldið fjölda tónleika og tekið þátt í ýmsum verkefnum. Ísafold sérhæfir sig í flutningi samtímatónlistar og er markmið sveitarinnar að þessi tónlist nái til eyrna sem flestra.**

**Meðlimir Ísafoldar hafa allir skarað fram úr á sínu sviði og sumir hafa hlotið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir störf sín. Á meðal þeirra er fiðluleikarinn Elfa Rún Kristinsdóttir sem hlaut fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach-tónlistarkeppninni í Leipzig árið 2006. Hún var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2006 og hlaut einnig hvatningarverðlaun Evrópska menningarsjóðsins Pro Europa sama ár. Auk þess hlaut sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir nýverið fyrstu verðlaun í einleikarakeppni Cleveland Cello Society.**

**Sveitin gaf út sína fyrstu plötu árið 2007 og innihélt hún meðal annars verk eftir Schönberg, Sørensen og Takemitsu. Ári síðar hlaut Ísafold Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar og sama ár var Kammersveitin valin Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar.**


Signatures Of Nature

náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

FRÁBÆR TILBOÐ UM HELGINA



**NATURESCENT**

*Organic farming, 65 % lífrænn grunnur, 35 % náttúrulegur, engin rotvarnarefni og án allra kemískra efna. Hentar fyrir alla. Verð frá 1.690-4.590 kr.*



**PARABEN FREE**

*99.97% náttúruleg. Engin litarefni, inniheldur jurtir,steinefni, aloe vera, spirulina. Fyrir allar húðgerðir. Verð frá 2.190-6.590 kr.*

**EFNISINNIHALD:**

*aloa vera barbadensis, steinefni, rasbberrys, möndlur, c-vítamín, e-vítamín, green tea, laufasafi, a-vítamín, spirulina, camomile, magnesium, lemongrass, olive olía, lavender, fruit olía, coconut, jojoba olía*

Ég var búin að vera í rugli með húðina á mér vegna mikilla hitabreytinga og var búin að vera hjá húðsjúkdómalækni og á sterkum lyfjum þar sem ég var gjörn á að fá útbrot og þurrkubletti. Eftir tvær vikur með Mineral Flowers línunni hætti ég á lyfjunum. Húðin á mér er hefur aldrei verið heilbrigðari og fallegri. Ég mæli sérstaklega með gelinu til að hreinsa húðina fyrir svefninn.

Mineral Flowers línan er náttúruleg og einstaklega góð við íslenskar aðstæður þar sem aska, skyndilega hita- og rakabreytingar eru daglegt brauð. Þessi dásamlegu krem hafa losað mig við öll útbrot og húðlæknaheimsóknir. Whoop whoop fyrir því!



**Þorbjörg Marinósdóttir**
Blaðakona, bloggari og rithöfundur

**signaturesofnature.is**

Verslun okkar er í Smáralind
2. hæð við D-inngang. Sími 511-10-09

# tíðin

✻ líf í tuskunum



**SKÓLATASKA** Nú er rétti tíminn til að velja sér skólatösku fyrir veturinn. Þessi klassíska leðurtaska fæst í Topshop og myndi sóma sér vel utan um splunkunýjar og ilmandi skólabækur.



**Tóna saman** Stefanía Eysteinsdóttir og Katrín Bragadóttir taka sig vel út í samfestingi.





**Alls konar** Samfestingarnir í Nostalgíu eru af hinum ýmsu gerðum - stuttir og síðir, fínir og hversdagslegir, einlitir og skræpóttir.

Tískuverslunin Nostalgía er full af samfestingum af ýmsum gerðum:

## SAMFESTINGAFÁR

Í gærkvöldi var haldin heljarinnar veisla í Nostalgíu á Laugaveginum, til að fagna komu nýrra klæða og haustsins. Það má gera ráð fyrir því að þaðan hafi margar stelpur snúið með eins og einn samfesting í poka. Dagný Berglind Gísladóttir, verslunarstjóri í Nostalgíu, segir að hálfgert samfestingaæði hafi gripið um sig á götum Reykjavíkurborgar í sumar, og ekkert bendi til þess að úr því ætli að draga með haustinu. „Margar stelpur eru búnar að átta sig á hvað það er þægilegt að vera í samfestingi. Svo eru þeir oftast mjög klæðilegir og auðvelt að tóna þá upp og niður," útskýrir Dagný.

Hún segir allar mögulegar gerðir af samfestingum í gangi, stuttir og síðir, einfaldir og mjög skrautlegir. Allt sé leyfilegt. „Í sumar hafa stuttir samfestingar verið mjög vinsælir og þeir verða það áfram í vetur, við þykkar sokkabuxur og grófa skó. En svo eru síðu samfestingarnir líka að koma sterkir inn. Við erum með mikið úrval núna af öllum týpum - einföldum, fínum, hversdagslegum, doppóttum, og röndóttum ... og hjá okkur eru engir tveir eins, enda hver flík sérvalin inn hjá okkur."

Og Dagný fullyrðir að strákunum þyki samfestingarnir líka flottir. „Það er algengt að strákar komi með kærustunum sínum að máta og ég hef tekið eftir því að þeim finnst þeir bara flottir. Enda mótar vel fyrir vextinum í samfestingi og þeir eru bara mjög klæðilegir."

*- hhs*




Skemmtileg leið til að safna áheitum

Ef þú ætlar að hlaupa til góðs í Reykjavíkurmaraþoninu getur þú búið til skemmtilegt myndband af þér á **hlaupastyrkur.is**. Myndbandið getur þú sent til vina og vandamanna með tölvupósti, á Facebook eða Twitter og vakið athygli á þinni áheitasöfnun.

Skráðu þig strax til leiks og byrjaðu að safna áheitum.

Íslandsbanki

- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

heilsuakademían

# Landsins mesta úrval námskeiða:




Herþjálfun
Lífsstílsnámskeið
Karlapúl
Fit-Pilates
Box brennsla

TRX
Rope Yoga
Pole Freestyle
Sci-Fi
Opnir tímar

Gymstick Nordic
Walking
Herþjálfun Unglíða
Eitt L.Í.F.
Betra L.Í.F.

Tarzan námskeið
Breakdans
Dans
Sundskóli
Gæsanir/Steggjanir

## Næstu námskeið hefjast mánudaginn 16 ágúst. Allra síðustu sumarnámskeiðin.

**Frábært haust tilboð**
**Árskort í tækjasal aðeins 35.990 kr.**



Heilsuakademían Egilshöll - 594 9666 - ha.is - ha@ha.is

# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR



**Kristín Rós Hákonardóttir, fyrrverandi sunddrottning**



1 Vakna og fæ mér góðan morgunmat með mínum heittelskaða í Fussen í Þýskalandi.



2 Skoða Neuschwanstein-kastala og ganga til baka í gegnum skóga og engi í glampandi sól og hita.

3 Liggja í sólinni við laugarbakkann með stóran ferskan ávaxtasafa og góða bók.



4 Fara í spa og gott nudd.



5 Út að borða á fínum veitingastað og njóta lífsins.





gló motion

Ný námskeið að hefjast
www.ropeyogasetrid.is
sími 535 3800

ROPE YOGA



HANDKLÆÐI - NÝ SENDING
ÓTRÚLEGT VERÐ

30x30 cm kr. 99,-
50x100 cm kr. 499,-
70x140 cm kr. 995,-
Baðmottur 50x85 cm kr. 1.090,-



ELLEFU LITIR

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

## Tilkynningar

### Tilboð óskast í veiðisvæði

Tilboð óskast í veiðisvæði Steinsmýrarvatna sem tilheyra jörðinni Syðri –Steinsmýri frá og með veiðiárinu 2011. Svæðið er 4 stanga svæði og er veiðitíminn frá 1 apríl – 10 október. Leyfilegt agn er fluga og spúnn, eingöngu fluga á vorinn.

Veiði á síðasta ári var um 1.200 fiskar, bæði sjóbirtingur, bleikja og urriði. Veiðihús fylgir svæðinu og er það 2 herbergja með svefnlofti. Allur almennur búnaður er í húsinu ásamt heitum potti og vöðluskúr. Allar nánari upplýsingar gefur Skúli í síma 892 3318, en einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.steinsmyrarvotn.is.

Tilboð sendist á netfangið steinsmyrarvotn@simnet.is eða til Skúla Baldursson Syðri- Steinsmýri 880 Kirkjubæjarklaustri.

Hægt er að senda inn tilboð til 10 september 2010 og áskiljum við okkur rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

## Atvinna

LANGAR ÞIG AÐ VINNA Á SKEMMTILEGUM LIFANDI STAÐ?

HLUTASTÖRF/ ALLAR STÖÐUR

Óskum eftir hressu skólafólki í vetur. Kvöld- og helgarstörf. Lágmarksaldur 20 ára.

KOKKUR/ GRILLARI

Óskum eftir rekstrarstjóra á aðra vakt á veitingastað okkar. Unnið er á kokkavöktum. Viðkomandi þarf að hafa stjórnunar- og skipulagshæfileika og hreinlæti í fyrirrúmi. Góð laun fyrir réttan aðila.

PIZZUBAKARI

Óskum eftir reyndum pizzubakara í fullt starf.

Umsóknir sendist á oddur@saffran.is

SAFFRAN




## Húsnæði í boði

6 herbergja einbýli á 2 hæðum nálægt Hlemm til leigu. Sími 661 5219.

Til leigu f. 60+. 2 herb á eftirsóttum stað í kópav. Mjög gott útsýni og yfirb svalir. V. 110 þús, innifalið í leigu er húsgj, þrif á sameign og hiti. Þvotta-og uppþvottavél og ísskápur. Mat og kaffisala er í húsinu. Skammtímaleiga kæmi til greina. S. 696 9952.

Herbergi til leigu á Laugavegi 143, V. 40þ. og líka 45þ, 50þ. 55þ. og 60þ. S. 895 2138.

2ja herb. íbúð til leigu í vesturbæ Hafnarfj. Íbúðin er í tvíbýli á n.h. sér inngangur, garður og pallur. Íbúðin er rúmgóð, 1 stórt herbergi, 1 lítið herbergi Stór stofa og rúmgott eldhús en baðherbergið er lítið. Íbúðin er laus strax og hægt að koma að skoða hana. Leiguverð 115.000, hundur velkomin ef hann geltir ekki Upplýsingar í síma 6951676

Til leigu 3ja herb.íbúð. Hraunbæ Reykjavík. Sjá nánar á buseti.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir tveggja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Er 26 ára Siglfirðingur og vantar húsnæði í nálægð við HÍ til að geta klárað sálfræðinám mitt í vetur. Er reyklaus, reglusöm og heiðarleg. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. Hafið samband við Ingibjörgu í síma 8571042 eða á ish9@hi.is

## Sumarbústaðir



**Sumarbústaðarhlið**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd ofl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. S. 486 1810 vig@vig.is www.vig.is

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Veggsport heilsurækt. Starfsmann vantar á dagvakt í afgreiðslu. Nánari upplýsingar s:577-5555 Veggsport heilsurækt. Stórhöfða 17, Rvk.

smart sólbaðstofa Grensásvegi 7 s: 533-3350

Óskum eftir að ráða starfsmann í fullt starf. Vinnutími 8-16 og 16 til 23:30 Leitum að einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði í starfi og er stundvís. Aldurstakmark 18 ár. Umsóknir skulu berast á www.smartsol.is

The Purple Rabbit

Laglegar, ófeimnar konur geta hagnast ágætlega á fegurð sinni og kynþokka með því að spyrða saman möguleikum PurpleRabbit.is og símatorgs Rauða Torgsins. Frekari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

JOLLI

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að hressu og duglegu starfsfólki til starfa í fullt starf og hlutastarf. Aðeins reglusamt og samviskusamt fólk kemur til greina. Vinna sem hentar vel með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Kornið**

**Störf með skóla og sumarafleisingar 2011. Vantar helgarstarfsmenn. Umsóknar sendist á nonni@kornid.is. Íslensku kunnátta skilyrði.**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum.**

**Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.**

**Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is**

**Saga Film óskar eftir heimilum til nota í sjónvarpsseríu.**
**Einbýli, fjölbýli í hverfi 105. Um ræðir dagsleigur. Upplýsingar í síma 822 2504 eða á sveinnvidar@hive.is**

NAUTHÓLL Bistro

Nauthóll leitar að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum í fulla vinnu við þjónustustörf. Aldurstakamark: 20 ára Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á nautholl@nautholl.is

Vanur/traustur starfskraftur óskast á bar hér í borg, einnig er leitað að snyrtilegum dyravörðum. Uppl. S. 863 5090. Kvöld og næturv.

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. tekjumöguleikar 100-300 þús á mánuði í aukavinnu, 25 ára og eldri. Uppl gefur Gísli í 553 6688 eða gisli@tmi.is

Ridingguide/trainer/help for the Danish island Rømø. As fast as possible we need help with our 12o Icelandic horses. Riding, training and taking care of them, maintaining the buidlings, shooing etc. Possibility for job for your partner as we also have a hotel and camp site. Possibility for accommodation. Engish is it a must. Therese Thøgersen 004523458649

## Atvinna

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

### LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM HJÁ SKÓLUM EHF

#### Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi

- Leikskólakennara, uppeldismenntaðan starfsmann eða með reynslu af að vinna með börnum í 100% stöðu.
- Aðstoðar Matráður frá 9-16 eða 12-16.



Nánari upplýsingar gefur
Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri
kor@skolar.is , sími 570 4940

#### Heilsuleikskólinn Hamravellir í Hafnarfirði

- Deildastjóra 100% staða.
- Fagstjóri í hreyfingu 75% staða.
- Matráður 75% staða.



Nánari upplýsingar gefur
Ragnheiður Gunnarsdóttir skólastjóri
hamravellir@skolar.is , sími 424 4640

#### Ungbarnaleikskólinn Årsól í Reykjavík, skóli á „heilsubraut"

- Deildarstjóri í 100% staða.
- Leikskólakennara, uppeldismenntaðan starfsmann eða með reynslu af að vinna með börnum í 100% stöðu.



Nánari upplýsingar gefur
Berglind Grétarsdóttir skólastjóri
arsol@skolar.is , sími 563 7730

Allir skólarnir vinna eftir heilsustefnunni, þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi. Mikið er lagt uppúr góðum samskiptum, jákvæðni, áhuga og frumkvæði. Við erum að leita að leikskólakennara eða starfsfólki með uppeldismenntun og/eða með reynslu af að vinna með börnum. Umsóknir er hægt að nálgast á heimasíðu okkar á www.skolar.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Norsk skógarkattalæða tapaðist úr norðurbænum í Hafnarfirði, en býr í grafarholti. Andrá er inniköttur og gæti hafa falið sig í þvottahúsum eða kjöllurum. Ef einhver hefur orðið hennar var, vinsamlegast hafið samband í S. 770 6688.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Samkynhn KK ath: Rúmlega sextugur karlmaður vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8478.

53 ára kona vill kynnast karlmanni sem jafnvel vill leigja með henni íbúð. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8886.

Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur verið miðstöð íslendinga í ævintýraleit í rúmlega 10 ár. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9922. Konur heyra auglýsingar karla frítt í s. 555-4321.

**PurpleRabbit.is**
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

59 ára ekkjumaður óskar eftir kynnum við trausta konu. Búsettur á norðurlandi. Svör berast til 365 miðla undir „ekkjumaður"

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# FARTÖLVU TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




**4BLS BÆKLINGUR**
STÚTFULLUR AF NÝJUM FARTÖLVUTILBOÐUM

**0% VEXTIR**
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI

**OPIÐ ALLA HELGINA**
14-15 ÁGÚST

**ÍS FYRIR ALLA**
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

emmessís

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**
FÖSTUDAG 10:00 - 19:00
LAUGARDAG 11:00 - 18:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

**PÁLL BERGÞÓRSSON VEÐURFRÆÐINGUR ER 87 ÁRA**

*„Frá sjónarmiði landbúnaðar er sannmæli, sem oft hefur verið haldið fram, að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims.“*

***Páll Bergþórsson gegndi starfi veðurstofustjóra frá árinu 1989 til ársloka 1993. Hann fæddist í Fljótstungu á Hvítársíðu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13 ÁGÚST 1987

## *Verslunarmiðstöðin Kringlan opnuð*

Þennan dag fyrir 23 árum opnaði Kringlan dyrnar fyrir viðskiptavini. Kringlan var ein af fyrstu verslunarmiðstöðvunum sem byggðar voru í Reykjavík en áður höfðu minni verslunarkjarnar eins og Kjörgarður, Austurver, Suðurver og Glæsibær verið byggðir. Kringlan var þó fyrsta eiginlega verslunarmiðstöðin með tugi verslana og innri göngugötu á tveimur hæðum.
Bygging Kringlunnar hófst árið 1985 en hvatamaður að byggingu hennar var Pálmi Jónsson, gjarnan kenndur við Hagkaup. Byggingin var tæpir 30 þúsund fermetrar að stærð á þremur hæðum og störfuðu um 90 fyrirtæki þar til að byrja með. Starfsmenn voru um 600 talsins.
Árið 1991 var Borgarkringlan opnuð, minni verslunarmiðstöð milli Kringlunnar og Borgarleikhússins. Þær voru síðar tengdar saman í eina byggingu með um 4000 fermetra millibyggingu. Í kringlunni eru nú starfræktar yfir 170 verslanir, veitinga- og þjónustustaðir. Kringlan er stærsta verslunarmiðstöð í Reykjavík.



**MERKISATBURÐIR:**

**1900** Minnisvarði um Ottó Wathne, útgerðarmann á Seyðisfirði, afhjúpaður.
**1908** Hans Reck jarðfræðingur og Sigurður Sumarliðason bóndi ganga á Herðubreið fyrstir manna.
**1950** Minnismerki um Jón biskup Arason afhjúpað á Hólum í Hjaltadal.
**1961** Bygging Berlínarmúrsins hefst.
**1992** 600 manns sækja fyrsta útibíóið hér á landi, sýnd var myndin Grease.
**1993** Kvikmyndin Jurassic Park frumsýnd.
**2004** Björk syngur á opnun Ólympíuleikanna í Grikklandi.



†

**Brynjólfur G. Vilhjálmsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 10. ágúst.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Eygló Ingvadóttir**
**Guðmundur Brynjólfsson** **Björk Hjaltadóttir**
**Gísli Brynjólfsson** **J. Margrét Ingólfsdóttir**
**Skúli Brynjólfsson**

†

*Bróðir okkar,*

**Teitur Þorleifsson,**

Álfaskeiði 64, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala Hafnarfirði miðvikudaginn 28. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar Sólvangs Hafnarfirði og St. Jósefsspítala Hafnarfirði.

**Guðmundur Þorleifsson og fjölskylda**
**Gróa Þorleifsdóttir og fjölskylda**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru,*

**Estherar Lárusdóttur.**

Sérstakar þakkir til þeirra er komu að umönnun hennar síðustu mánuðina.

**Bragi Jóhannsson** **Áslaug Kristinsdóttir**
**Þóra Ester Bragadóttir** **Sverrir G. Pálmason**
**Hanna Björk Bragadóttir** **Andreas Nyman**
**Bergur Már Bragason** **Hrafnhildur Örlygsdóttir**
**og langömmubörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**SÖGUSETUR ÍSLENSKA HESTSINS:** STARFSEMIN UNDIR EITT ÞAK Á HÓLUM

# Byggt sem hesthús og hlaða

Starfsemi Söguseturs íslenska hestsins er nú komin undir eitt þak á Hólum í Hjaltadal. Af því tilefni verða opnaðar tvær sýningar á Hólahátíð annað kvöld.
„Sögusetur íslenska hestsins er alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins,“ útskýrir Arna Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri sögusetursins, en að setrinu standa Hólaskóli og Byggðasafn Skagfirðinga. Arna segir það mikinn áfanga að koma starfseminni undir eitt þak en meðal verkefna setursins eru heimildasöfnun og fræðslustarf af ýmsu tagi.
„Við miðlum með margvíslegum hætti svo sem fyrirlestrum, ráðstefnum, málþingum og sýningarhaldi og setjum upp lifandi viðburði. Einnig höfum við byggt upp öflugan ljósmyndabanka og það gerir starf okkar sýnilegra að vera komin á einn stað.“
Húsnæðið sem um ræðir stendur í hjarta Hólastaðar og var byggt árið 1931 sem hesthús, hlaða og geymsla. Það á því vel við starfsemi sögusetursins. Arna og hennar fólk fékk húsið afhent á vordögum og hafa unnið hörðum höndum í sumar við að koma því í stand.
„Þetta er reisulegt hús sem við höfum gert alveg upp og opnuðum meðal annars milli hæða. Þetta er búin að vera mjög skemmtileg vegferð og ég hef verið sérstaklega heppin með allt starfsfólk sem unnið hefur að uppbyggingunni. Vinnudagarnir voru langir en skemmtilegir og allir lögðust á eitt. Við stofnuðum meðal annars hollvinasamtök í kringum vinnuna en allt samfélagið hérna hefur reynst okkur vel og gefið fé, muni og timbur til vinnunnar.“
Arna segir Sögusetur íslenska hestsins einu stofnunina sinnar tegundar í heiminum. Hún bendir á að útlendingar hafi mikinn áhuga á íslenska hestinum og hann sé vinsælasti fulltrúi okkar á erlendri grund.
„Við megum ekki gleyma því að það eru fleiri íslenskir hestar á erlendri grundu en hér heima. Við eigum að nýta okkur hestinn til að fá jákvæða umfjöllun um Ísland en fólk sem hefur áhuga á íslenska hestinum hefur líka áhuga á landi og þjóð og íslenski hesturinn er nátengdur þjóðlífinu frá því land byggðist. Við opnum því klukkan 18 annað kvöld, annars vegar fyrsta hluta af þremur um sögu íslenska hestsins á tímabilinu 1900 til 1950 og hins vegar sérsýningu með ljósmyndum og vídeóverki sem Helgi Thoroddsen, nemandi við Listaháskóla Íslands hefur haft veg og vanda af en auk hans eiga Gígja Einarsdóttir og Jón Hilmarsson ljósmyndir á sýningunni. Við reiknum með að hér verði mjög líflegt á svæðinu á morgun og tilvalið fyrir fólk að líta við.“ **heida@frettabladid.is**



**ÁFANGASIGUR** Starfsemi Söguseturs íslenska hestsins fékk aðsetur í gömlu hesthúsi og hlöðu á Hólum í Hjaltadal. Allir lögðust á eitt við að gera húsið upp að sögn Örnu Bjargar Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra Söguseturssins. MYND/HELGI THORODDSEN

# Gæran í fyrsta sinn í Skagafirði

Tónlistarhátíðin Gæran 2010 verður haldin í fyrsta sinn á Sauðárkróki í dag og á morgun í húsnæði Loðskinns, Borgarmýri 5.
„Við vorum fimm ættuð að norðan sem settumst niður og vorum sammála um að setja þyrfti upp tónlistarhátíð á Norðurlandi. Upp frá því fór boltinn að rúlla og nú er svo komið að 22 hljómsveitir munu stíga á svið á hátíðinni,“ segir Pétur Ragnar Pétursson, forsprakki Gærunnar.
Meðal flytjenda á hátíðinni eru Davíð Jóns, Svavar Knútur, Myrká, Múgsefjun, Biggi Bix, Geirmundur Valtýsson, Hælsæri og Dalton svo fáir einir séu nefndir.
Einnig verður boðið upp á bíósýningar í Bifröst laugardag og sunnudag fyrir hátíðargesti. Þar verða sýndar Handan við sjóinn sem er heimildarmynd um íslenska tónlist, The Stars May Be Falling … but the stars look good on you, heimildarmynd um tónlistarmanninn Ólaf Arnalds, og Where's the Snow?! sem er glæný heimildarmynd um Airwaves-hátíðina.
Tvö böll verða í Mælifelli um helgina en á föstudagskvöldið spilar Bermúda fyrir dansi en Dalton á laugardagskvöldið.
„Svo er frítt í sund fyrir þá sem kaupa miða á hátíðina,“ segir Pétur glaðlega og vonast til að Gæran verði árlegur viðburður.
Nánari upplýsingar má nálgast á www.gæran.is.



**BERMUDA** Tvö böll verða á Mælifelli í tengslum við hátíðina en 22 hljómsveitir stíga á svið í dag og á morgun í húsnæði Loðskinns á Sauðárkróki.

**Lokadagar sumarútsölunnar í Merkja Outlet**

# 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

**Engar undantekningar ... gildir líka fyrir nýjar vörur**

Afslátturinn er veittur af Outlet-verðum!




Stærsta Outlet landsins!

**MERKJA OUTLET**

KORPUTORGI

Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400


VISA BIKARINN 2010
FH: Matthías Vilhjálmsson og Heimir Guðjónsson   KR: Bjarni Guðjónsson og Rúnar Kristinsson
f ó k u s / Ljósmynd Grímur Bjarnason
FH - KR
Úrslitaleikur karla
Laugardaginn 14. ágúst kl. 18.00 á Laugardalsvelli


VALITOR
KSÍ
Línurnar lagðar fyrir úrslitaleiki helgarinnar
Úrslitaleikur kvenna
Sunnudaginn 15. ágúst kl. 16.00 á Laugardalsvelli
Stjarnan - Valur
Stjarnan: Sandra Sigurðardóttir og Ólafur Þór Guðbjörnsson Valur: Katrín Jónsdóttir og Freyr Alexandersson

ÓTRÚLEG VERÐ!

Verðin hjá Eymundsson eru svo ótrúleg að sumt kostar bara ekki neitt.




STÍLABÆKUR ÞESSAR NÝJU FLOTTU!

Stílabækur A5, rúður og línur, margir litir

Ótrúlegt verð: 291 kr. stk. Áður 388 kr.

Keyptu þrjár og þá færðu fjórðu bókina á

Ótrúlegu verði: 0 kr.



SPILASTOKKUR

Frír stokkur fyrir alla sem versla skólavörur

Ótrúlegt verð: 0 kr.

Tilboð gilda til og með 16. ágúst eða á meðan birgðir endast

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Einkaritari læknisins

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Ég stend frammi fyrir erfiðu verkefni þessa dagana, verkefni sem ég humma fram af mér, ræski í rot og reyni að gleyma þegar færi gefst.

**ANNAÐ** hvort þarf ég að kaupa mér stærri íbúð sem er hægara sagt en gert, eða (ég ráðlegg viðkvæmum lesendum að hætta hér), henda bókum!



**AF HVERJU** í ósköpunum er svona erfitt að henda bókum? Þetta er jú ekkert annað en pappír, aðeins veglegri en dagblaðapappírinn sem flýtur út af heimilinu í tonnatali ár hvert og enginn sér eftir. Mér finnst ég hins vegar alltaf fremja helgispjöll ef ég læði einni og einni bók ofan í blaðberann minn. Jafnvel trosnuðu eintaki af Einkaritari læknisins frá 1964 (lesin í spað af mörgum kynslóðum, því miður, og sek um að valda ýmsum vonbrigðum á unglingsárunum þegar ég skúraði á spítala og augu mín mættu engu nema eigin brostinni endurspeglun í sápufroðu skúringafötunnar og stöku bekken á ganginum) límist við hendurnar og mér finnst ég mest harðbrjósta kona í heimi þegar ég sleppi henni ofan í endurvinnslutunnuna.

**ÉG HEF** reynt að selja bækurnar sem eiga ekki stað í hjarta mínu lengur, gefa þær, lána í þeirri von að gleymist að skila þeim og gleyma þeim á strætóstoppistöðvum eða flugvöllum í þeirri von að einhver finni þær og búi þeim betra og kærleiksríkara heimili en ég hef upp á að bjóða. Allar þessar aðgerðir eru sársaukafullar, eins og að „gleyma“ kettinum sínum í öðru hverfi í þeirri von að einhver taki hann upp á arma sína og maður þurfi ekki að horfast í augu við sannleikann sjálfur.

**EN ÞAÐ** er ekkert skrýtið að það sé erfitt að henda bók, þó það sé bara blettótt og rifin smábarnabók sem enginn hefur ánægju af lengur.

**HVER** bók inniheldur heim, jafnvel þó það sé bara heimurinn þar sem Bóbó bangsi borðar morgunmat og reimar á sig skóna. Hver bók er sköpunarverk höfundar og hönnuðar (til dæmis þess sem málaði ofan í ljósmyndina af Fabio utan á „Ástir og örlög í kjötborðinu“) og hver bók er líka minning um hvenær hún var keypt eða hver gaf hana og þó mest um hvenær hún var lesin og hver las hana. Sjálf hef ég bæði gott og gaman af því að vera stundum minnt á stelpuna sem las Einkaritarann spjaldanna á milli.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tónlist ★★★

**Er einhver að hlusta?**
Nóra




## Gott byrjendaverk

Er einhver að hlusta? er fyrsta plata Reykjavíkursveitarinnar Nóru sem var stofnuð fyrir nokkrum árum, en fór að láta að sér kveða með tónleikahaldi árið 2008. Nóra er fimm manna popphljómsveit sem er leidd af systkinunum Auði og Agli Viðarsbörnum. Þau syngja, en að auki spilar Auður á hljómborð og Egill á gítar. Aðrir meðlimir eru bassaleikarinn Hrafn, trommuleikarinn Bragi og Frank sem spilar á ýmis hljóðfæri.

Tólf frumsamin lög með íslenskum textum eru á plötunni. Tónlistin er indípopp og það hefur verið töluvert lagt í bæði lagasmíðarnar sjálfar og útsetningarnar. Mörg laganna eru flott upp byggð, t.d. með innspili og stigmögnun. Það setur líka svip á plötuna að það er bæði kvenrödd og karlrödd í framlínunni. Stundum syngja systkinin saman, stundum hvort í sínu lagi. Þá setja aukahljóðfæri; strengir og blástursshljóðfæri, svip á nokkur laganna.

Er einhver að hlusta er býsna gott byrjendaverk. Lögin eru svolítið missterk, en sveitin er hiklaust efnileg og sýnir á köflum fína takta, t.d. í upphafslaginu Apóteles, smellinum Sjónskekkju og í lögunum Hæðir og Opin fyrir morði. Vonandi eru nógu margir að hlusta svo við fáum aðra plötu frá Nóru. Ég er sannfærður um að hún verður enn þá betri.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Metnaðarfullar lagasmíðar og útsetningar setja svip á þetta fína byrjendaverk.

# Vill endurvekja miðnæturbíó



**POWER-MIÐNÆTURSÝNING** Sylvester Stallone, Bruce Willis og Mickey Rourke leika í The Expendables. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég held að þessar myndir séu algjörlega málið. Það er fínt að enda bíósumarið með þeim," segir Tómas Valgeirsson hjá síðunni Kvikmyndir.is.

Hún stendur fyrir tveimur power-miðnætursýningum í Laugarásbíói í kvöld og annað kvöld. Fyrst verður sýnd Scott Pilgrim vs The World, sem er byggð á myndasögunum um Scott Pilgrim, og kvöldið eftir harðhausamyndin The Expendables með Sylvester Stallone, Jet Li, Bruce Willis, Mickey Rourke og Jason Statham í helstu hlutverkum. Báðar myndirnar verða frumsýndar hérlendis síðar í mánuðinum.

Tómas vonast til að áhuginn fyrir miðnætursýningum hér á landi muni aukast með þessum sýningum. „Það er óneitanlega ákveðin stemning á slíkum sýningum. Okkur finnst skrítið að þetta hafi ekki verið gert oftar því við höfum nánast alltaf náð að fylla salinn þegar við höfum haft sýningar á þessum tíma," segir hann.



**TÓMAS VALGEIRSSON** Tómas vonast til að áhuginn fyrir miðnætursýningum eigi eftir að aukast hér á landi.

Tómas bætir við að allar þær myndir sem Kvikmyndir.is hefur forsýnt hafi komist á lista bíósíðunnar Imdb.com yfir 250 bestu myndir allra tíma. Þar má nefna Inglorious Basterds, Inception, District 9 og Kick-Ass. „Við erum alltaf með ákveðnar gæðakröfur sem við reynum að halda í. Það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur." - fb



**MÚGSEFJUN** Hljómsveitin Múgsefjun er á leiðinni í stutt tónleikaferðalag.

# Múgsefjun í tónleikaferð

**Múgsefjun hefur sent frá sér nýtt lag sem nefnist Þórðargleði. Þetta er annað lagið sem heyrist af væntanlegri plötu hljómsveitarinnar sem kemur út næsta vetur. Af þessu tilefni heldur Múgsefjun í stutta tónleikaferð. Sveitin spilar á tónlistarhátíðinni Gærunni á Sauðárkróki í kvöld og svo verður hún á Gamla bauk á Húsavík annað kvöld. Ferðinni lýkur með tónleikum á Faktorý í Reykjavík í næstu viku. Þar koma Nóra og Nista einnig fram. Tónleikarnir um helgina verða þeir fyrstu hjá Múgsefjun eftir vel heppnaða tónleikaferð til Þýskalands og Danmerkur í vor.**

# Kanye West og Bon Iver

**Næsta plata rapparans Kanye West gæti innihaldið samstarf með hljómsveitinni Bon Iver. Samkvæmt vefmiðlinum Stereogum.com sendi West flugvél á eftir Justin Vernon, forsprakka Bon Iver, sem flaug með hann til Havaí, þar sem West tekur upp plötuna.**

**Í sama miðli er greint frá því að West hafi lýst yfir áhuga á að nota vel þekkt Bon Iver-lag í einu af lögum sínum. Plata Wests er væntanleg í nóvember og hefur hlotið vinnutitilinn Good Ass Job. West fer ávallt sínar leiðir og segir í nýlegu viðtali að hann sé undir áhrifum Radiohead og níu tommu naglans Trents Reznor.**



**Í SÓLINNI** Kanye West tekur nú upp plötu í sólinni á Havaí.



NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SALT | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 4, 6, 8 og 10 | L |
| 22 BULLETS | 8 og 10.15 | 16 |
| THE KARATE KID | 5 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D | 4 - ÍSLENSKT TAL | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| SORCERER´S APPRENTICE | 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1 - 1:50 - 3:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST AIRBENDER-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:50 | 7 |
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl tal | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SALT LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 3.30 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 6.50 - 9 - 11.10 | 14 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 6 (650 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| GROWN UPS | kl. 8 - 10.20 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |




**ÉG ER GÓÐUR** Simon Cowell leggur orð í belg á góðgerðarsamkomu í London í september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Greiðir fyrir að virðast vera geðveikt fínn gaur

**Neikvætt efni um Simon Cowell virðist hafa þurft að víkja fyrir því jákvæða í niðurstöðum leitarvéla á borð við Google.**

POPPBRANSINN

Nýtir Simon Cowell þjónustu fyrirtækis sem hagræðir niðurstöðum leitarvéla?

Dálkahöfundurinn Frank DiGiacomo hjá dagblaðinu New York Daily News segir í nýjum pistli að Idol-dómarinn Simon Cowell hagræði niðurstöðum á leitarvélum eins og Google til að líta vel út. Simon er reyndar ekki sakaður um að sitja sveittur við lyklaborðið heldur nýtir hann þjónustu sérstakra fyrirtækja sem hagræða niðurstöðum leitarvéla fólki í hag. Fyrirtækin kallast SEO, eða Search Engine Optimization.

DiGiacomo segist hafa heimildarmenn í herbúðum Cowells sem segjast vera sannfærðir um að hann nýti þjónustu fyrirtækjanna. Talsmaður Cowell, hin breska Ann-Marie Thompson, vísar þessum ásökunum á bug og segist finna lykt af samsæriskenningu. Það þarf þó aðeins að slá nafn Cowells í leitarvél til að berja dýrðina augum. Óvísindalegt próf Fréttablaðsins leiddi til að mynda í ljós að þegar nafnið Simon Cowell er slegið inn í Google-leitarvélina birtast neikvæðu fréttirnar ekki á fyrstu síðunum. Flestar fréttirnar fjalla um góðgerðarmál Cowell, frægð hans og frama – sem er óumdeilanlegur. Það væri gott og blessað ef hann væri ekki jafn umdeildur maður og hann sannarlega er.

Bloggarinn Hans Ebert vann eitt sinn hjá útgáfurisunum EMI og Universal. Hann bloggar reglulega um tónlist og 5. ágúst síðastliðinn útskýrði hann hvers vegna American Idol verði betra án Simon Cowell. Hann sagði Cowell vera Söruh Palin tónlistarbransans og að hann þyki ekki töff í heimalandi sínu Englandi. Þá segir hann skoðanir Cowells á tónlist ávallt höfða til lægsta samnefnarans. Samkvæmt heimildum Franks DiGiacomo var færsla Eberts „tekin úr sambandi“ skömmu eftir að hún var skrifuð vegna brots á notendaskilmálum Wordpress-bloggþjónustunnar. Eftir tólf klukkutíma birtist færslan á ný. Ebert rannsakaði málið og komst á snoðir um SEO-fyrirtæki frá Bangalore á Indlandi sem sér um að *fylgjast með* fréttum af frægu fólki.

Ebert kaus að tjá sig ekki um málið, en í grein DiGiacomo er sagt að lögfræðingar séu að skoða málið. Talsmaður Cowells bregst hins vegar ókvæða við, segir málið algjöran þvætting. „Ef Simon hefði eitthvað á móti því sem birtist á Netinu væri ég búinn að heyra af því.“

atlifannar@frettabladid.is


LJÓÐ LÍNU SAFN






Eldri ljóðabækur hins margverðlaunaða skálds og rithöfundar, SIGURÐAR PÁLSSONAR, hafa verið ófáanlegar um árabil. Hér koma þrjár þeirra – *Ljóðlínudans, Ljóðlínuskip* og *Ljóðlínuspil* – út í nýrri safnbók.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


Útsalan hefst í dag
Opið til 20:00 í kvöld
40% af öllum vörum
NIKITA™
Laugavegur 56
101 Reykjavík
www.nikitaclothing.com

## > Jón Guðni farinn til PSV

Framarinn og U-21 árs landsliðsmaðurinn Jón Guðni Fjóluson fór í gær til Hollands til þess að skoða aðstæður hjá hollenska stórliðinu PSV Eindhoven næstu daga. Félagið er sagt hafa mikinn áhuga á þessum fjölhæfa leikmanni sem átti algjöran stórleik í vörn Íslands gegn Þýskalandi á miðvikudag. Hann hefur einnig leikið einkar vel með Frömurum og þá skiptir engu máli hvaða stöðu hann er látinn spila.



**sport**

sport@frettabladid.is

**FRAMARINN STEFÁN BALDVIN STEFÁNSSON:** MEIDDIST AFTUR MJÖG ALVARLEGA OG VERÐUR LENGI FRÁ

# *Er ekki óheppnasti handboltamaður landsins*

Hinn lunkni hornamaður Fram, Stefán Baldvin Stefánsson, verður væntanlega ekkert með Frömurum í vetur eftir að hafa slitið hásin á æfingu í vikunni.

„Ég var að taka af stað og þá var eins og það væri sparkað aftan í mig þó svo það væri enginn nálægt. Þetta var sárt en ég gerði mér strax grein fyrir því hvað hefði gerst. Hef séð svona gerast og veit hvernig það lýsir sér," sagði Stefán Baldvin svekktur.

„Það er talað um að sinin sjálf jafni sig á hálfu ári. Þá á ég eftir að komast í form og styrkja sinina. Það er því frekar hæpið að ég nái að spila eitthvað í vetur," sagði Stefán en þetta er mikið áfall fyrir Framara enda missti liðið annan vinstri hornamann á dögunum er Guðjón Finnur Drengsson ákvað að ganga í raðir Selfoss.



Það verður seint sagt að lukkan leiki við Stefán Baldvin í handboltanum því á síðasta vetri skaddaðist hann mjög illa á auga er hann fékk putta í augað. Hann hefur síðan þurft að leika með hlífðargleraugu.

„Ég er með 20 prósent sjón á auganu og það lagast líklega ekki meira," sagði Stefán en hann ætlar ekki að hætta í boltanum þó mótlætið sé mikið.

„Þegar ég hætti þá mun ég hætta á eigin forsendum. Ég hef ekki áhuga á því að enda ferilinn svona," sagði hinn 28 ára gamli Stefán sem þvertekur fyrir að vera orðinn óheppnasti handboltamaður landsins og hafi þar með tekið við kyndlinum af hinum seinheppna Stjörnumanni, Vilhjálmi Halldórssyni.

„Ég á nokkuð í land með að ná honum. Hef ekki enn dottið ofan af þaki og ökklabrotnað í píptesti," sagði Stefán léttur en hann segist vera mjög jákvæður þrátt fyrir allt mótlætið.



**LEIFUR** Tók þrjú stig á Njarðtaksvelli í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

1. deild karla í knattspyrnu:

## Víkingar komust aftur á toppinn

**FÓTBOLTI** Víkingar unnu botnlið Njarðvíkur 1-2 í 1. deild karla í knattspyrnu í gær. Liðið er þar með komið aftur á toppinn og hefur eins stigs forystu á Leikni sem á leik til góða. Daníel Hjaltason kom Víkingi yfir en Saka Mboma jafnaði. Sigurður Egill Lárusson skoraði svo sigurmarkið í seinni hálfleik.

Þá vann Fjölnir 1-0 sigur á Gróttu á heimavelli með sjálfsmarki Seltirninga. - hþh

U18 ára liðið á HM:

## Tap í fyrsta leik

**HANDBOLTI** Íslenska U18 ára landsliðið í handbolta tapaði fyrir Slóvenum í fyrsta leik sínum á HM í gær. Lokatölur voru 34-31 en staðan í hálfleik var 15-15. Akureyringurinn Guðmundur Hólmar Helgason var besti maður leiksins en hann skoraði sex mörk og Sveinn Sveinsson var markahæstur með sjö mörk. Geir Guðmundsson skoraði fimm og Víglundur Þórsson fjögur. Ísland mætir Sviss í dag. - hþh



**MARK RÚRIKS EKKI NÓG** Rúrik Gíslason í baráttunni í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landslið Liechtenstein:

## Tíu sinni betri á móti Íslandi

**FÓTBOLTI** Landsliði Liechtenstein hefur gengið vel í leikjum gegn Íslandi undanfarin þrjú ár og tölfræði landsliðs Liechtenstein síðustu árin segir að liðinu gangi tíu sinnum betur á móti íslenska landsliðinu heldur en á móti öðrum knattspyrnuþjóðum.

Ísland og Liechtenstein hafa mæst fjórum sinnum frá og með árinu 2007. Hvor þjóð hefur unnið einn leik og tvisvar hafa liðin gert jafntefli. Markatalan er 5-4 Liechtenstein í vil.

Liechtenstein hefur spilað 21 landsleik á móti öðrum þjóðum en Íslandi á þessum tíma, 19 þeirra hafa tapast og liðið hefur náð í tvö jafntefli á móti Aserbaídjan og Finnlandi. Sigurhlutfallið í þeim leikjum er aðeins fimm prósent á móti fimmtíu prósent sigurhlutfalli á móti Íslandi. - óój

# Strákarnir eru betri en þeir halda

**Eftir erfiða tíma með A-landsliðinu hefur Eyjólfur Sverrisson náð frábærum árangri með ungmennalandsliði Íslands. Hugmyndir þjálfarans um spilamennsku liðsins endurspegluðust í stórsigrinum á Þjóðverjum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska ungmennalandsliðið spilaði einn besta leik sem íslenskt landslið hefur spilað undanfarin ár gegn Þjóðverjum á miðvikudag. Spilamennska liðsins í 4-1 sigrinum á Þjóðverjum var frábær, sama hvernig á hana er litið.

Eyjólfur Sverrisson, þjálfari liðsins, hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig hann vill að liðið spili. Leikaðferð hans gekk fullkomlega upp og endurspeglar hvað býr í liðinu.

„Strákarnir eru meðvitaðir um hvað þarf til að ná árangri. Það er með liðsheildinni. Ef það næst eiga einstaklingarnir möguleika á að blómstra, eins og strákarnir hafa gert hver á sinn hátt. Mér finnst mikilvægt að hver og einn nýti styrk sinn fyrir liðið. Þannig eru allir mikilvægir liðinu, sama hvað þeir heita og sama með hvaða liði þeir spila. Strákarnir eru samheldnir í þessu, það er enginn merkilegri en annar. Það er engin spurning að þetta er eitthvað sem þeir þurfa að læra ef menn ætla að ná árangri," segir Eyjólfur.

Þjálfarinn segist velja í leikmannahópinn og byrjunarliðið eftir því hvernig hann vill spila. „Mín hugmynd er að neyða andstæðinginn til að spila inn á miðjuna og vera þéttir fyrir þar. Á miðjunni viljum við vinna boltann og vera tilbúnir í að spila góðar skyndisóknir eftir fyrirfram ákveðnum leiðum. Ég vildi búa til gott lið sem væri með það á hreinu hvernig góðar skyndisóknir eru spilaðar. Við viljum spila skemmtilegan og góðan fótbolta," segir Eyjólfur og er ljóst að vel hefur tekist til.

„Íslensk landslið hafa oft verið þekkt fyrir að liggja í vörn og treysta á föst leikatriði til að skora. Við viljum frekar sækja hratt og vera ákveðnir og grimmir fram á við," segir þjálfarinn sem hefur einnig unnið mikið í sjálfstrausti liðsins.

„Ég sagði við strákana á sínum tíma að þeir væru betri en þeir héldu. Þeir verða að hafa trú á sinni getu, ef þeir hafa hana ekki hefur hana enginn. Þú skapar þinn veg sjálfur þó svo að aðrir geti hjálpað þér við það," sagði þjálfarinn.



**ÁNÆGÐUR** Eyjólfur brosir hér í leiknum gegn Þjóðverjum, og hafði ríka ástæðu til. Spilamennska liðsins í 4-1 sigrinum var frábær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég leyfi mönnum að taka ákvarðanir inni á vellinum og ég krefst þess að þeir standi og falli með þeim. Mér er alveg sama þó að menn geri mistök einu sinni og einu sinni, það kemur fyrir hjá öllum, líka þeim bestu á HM. En hvernig menn bregðast við mistökunum skiptir mig máli, ég vil að menn haldi áfram og hengi ekki haus, menn verða bara að halda áfram."

Árangur liðsins undir stjórn Eyjólfs hefur verið góður. Liðið tapaði gegn Tékkum í fyrsta leik riðilsins en hefur ekki tapað leik síðan. Það gerði jafntefli við Þjóðverja úti og vann Norður-Íra og San Marínó tvisvar. „Árangurinn kemur mér ekki endilega á óvart, en hann er samt framar öllum björtustu vonum. Við fengum lítinn undirbúning fyrir leikinn gegn Tékkum og þá vorum við ekki búnir að stilla liðið saman. Þar keppti allt annað lið en við vorum fljótir að finna réttu blönduna. Eftirleikurinn var auðveldur," segir Eyjólfur.

**Eyjólfur og landsliðin:**

**U21-liðið 2004-2005 í undank. EM:**
10 leikir: Fjórir sigrar, eitt jafntefli, fimm töp.
**A-liðið 2006-2007 í undankeppni EM:**
14 leikir: Tveir sigrar, fjögur jafntefli, átta töp.
**U21-liðið 2009-2010 í undank. EM:**
7 leikir: Fimm sigrar, eitt jafntefli, eitt tap.

Hann stýrði liðinu einnig í undankeppni EM árin 2004 og 2005. Þar náði liðið ágætum árangri og vann meðal annars Svía og Búlgara tvisvar. Það lenti í fjórða sæti riðilsins sem Krótar, þá með mann eins og Luka Modric innanborðs, unnu.

Eyjólfur tók svo við A-landsliði Íslands en það gekk ekki vel. Hann stýrði liðinu í tvö ár og þá aðeins í fjórtán leikjum. Undir hans stjórn vann Ísland tvo leiki, gerði fjögur jafntefli og tapaði átta leikjum, sem gerir 29 prósent árangur.

„Tíminn með A-landsliðinu var mjög erfiður tími fyrir mig. Það var margt sem gekk ekki upp þar. Margir hlutir voru heftandi fyrir allt liðið og allan undirbúning. Það var í raun aldrei friður í starfinu, þetta var erfitt alveg frá byrjun. En við reyndum bara að kyngja því en þetta gekk ekki upp," segir Eyjólfur.

Hann segist ekki hafa verið smeykur við að taka aftur við ungmennalandsliðinu eftir tímann með A-liðinu. „Alls ekki. Ég hef næga vitneskju um alþjóðlegan bolta og þekki þetta alveg," segir þjálfarinn sem hefur ekki leitt hugann að því hvort hann hefði áhuga á að taka við A-landsliðinu aftur. „Það hefur ekki einu sinni hvarflað að mér. Mér líður mjög vel núna sem þjálfari og finnst þetta mjög gaman. Ég er að reyna að gefa eitthvað af mér til strákanna og finnst það ganga vel," segir Eyjólfur Sverrisson.

hjalti@frettabladid.is



**UTAN VALLAR**
**Henry Birgir Gunnarsson**
segir sína skoðun

# *Stjörnustælar hörundssára framherjans ná hámarki*

Stærsta knattspyrnustjarna Íslandssögunnar, Eiður Smári Guðjohnsen, sannaði endanlega í vikunni hversu hörundssár hann er með því að neita að tala við íslenska fjölmiðla í aðdraganda leiks Íslands og Liechtenstein sem og eftir leikinn.

Eiður hefur iðulega tekið gagnrýni íslenskra fjölmiðla illa. Skiptir engu þó sú gagnrýni hafi verið af afar skornum skammti í gegnum tíðina og ekkert í líkingu við það sem gerist erlendis.

Það er því erfitt að lesa annað út úr stöðunni en það megi ekki gagnrýna hann. Þá fari hann í fýlu. Það er sérstakt í ljósi þess að líklega enginn íslenskur íþróttamaður hefur fengið skrifaðar eins margar lofgreinar um sjálfan sig og Eiður.

Ég velti því síðast fyrir mér hvort þetta fjölmiðlabann sé aumkunarverð tilraun til þess að kúga íslenska fjölmiðla til þess að sleikja hann upp. Ef svo er þá mun það ekki virka. Eiði, líkt og öðrum, verður hampað þegar tilefni er til og að sama skapi verður hann gagnrýndur er hann þykir ekki standa sig. Það er eðli íþróttaumfjöllunar.

Eiður Smári er ekki hafinn yfir gagnrýni frekar en aðrir. Staðreyndir málsins eru þær að hann átti skelfilega lélegan síðasta vetur. Hrökklaðist markalaus með skottið á milli lappanna frá Monaco eftir arfaslaka frammistöðu til þess eins að taka sæti á bekknum hjá Tottenham.

Þar átti hann fáa spretti og skoraði aðeins tvö mörk allt tímabilið. Hvað landsliðið snertir átti hann enga gullleiki í þeim leikjum sem hentaði honum að spila. Það var því hægt að skrifa fátt jákvætt um hann síðasta vetur.



Með þessu fjölmiðlabanni gerir Eiður lítið annað en að valda sínum fjölmörgu aðdáendum á Íslandi vonbrigðum. Krakkarnir sem líta upp til hans, og greiða sig inn á leiki til að sjá hann spila, vilja lesa um skoðanir hans og framtíðarplön.

Hann hefur greinilega lítinn áhuga á að sinna þessu fólki og kýs frekar að vera í fýlu þar sem honum finnst greinilega að íslenskir fjölmiðlamenn séu svo vondir við sig. Þetta er ekkert annað en leiðinlegir stjörnustælar.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Matthew Broderick

„Að eignast barn breytir viðhorfi þínu til tengdaforeldranna. Ég elska að fá þau í heimsókn núna. Þau taka börnin og ég get farið út“.

***Matthew Broderick fer með eitt aðalhlutverka í myndinni The Cable Guy ásamt Jim Carrey. Myndin hefst kl. 20.50 á Stöð 2.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FÆR SÉR CROISSANT OG KAFFI

# *Morgunverður hjá Tiffany´s*

Hin stórskemmtilega mynd Breakfast at Tiffany´s með Audrey Hepburn í aðalhlutverki var á dagskrá sjónvarpsins fyrir stuttu. Ég hafði séð hana áður en gat ekki sleppt því að horfa á hana aftur. Saga hinnar léttkærulausu Holly Golightly er hressandi og skemmtileg, að ekki sé talað um fallegu fötin, perlufestarnar, túberaða hárið og húsgögnin, en myndin er frá árinu 1961. Hún gerist í New York og Holly Golightly býr í lítilli íbúð ásamt nafnlausum ketti, sem hún kallar bara Kött. Hún geymir símann sinn ofan í ferðatösku til að dempa hringinguna og sófinn hennar er baðkar á fótum sem búið er að saga hliðina úr. Holly Golightly djammar öll kvöld og fer út með ríkum mönnum sem hún yfirgefur að morgni dags. Þá fær hún sér kaffi og croissant meðan hún kíkir í búðargluggana í Tiffany´s og



horfir á demantshringa og men. Heima hjá sér finnur hún síðan inniskóna sína inni í ísskáp og dregur út eldhússkúffu sem hún notar sem þrep til að komast upp í efri skáp þar sem hún geymir vodkaflösku. Með hana tyllir hún sér svo á eldhúsbekkinn með fæturna ofan í vaskinum til að fá sér sopa. Hún er heillandi og hispurslaus í allri framkomu og lætur sem hún sé tiltölulega einföld og ekki alveg með á nótunum. Ég hef þó grun um að það sé meira í hana spunnið. Hún vingast við huggulegan ungan mann, rithöfund sem flytur inn í húsið hennar og saman skottast þau um borgina en eru samt ekki kærustupar. Myndin endar þó eins og maður vonar því þrátt fyrir að vera staðráðin í að finna sér ríkan karl til að giftast, sama hvernig hann lítur út, endar Holly Golightly samt með unga, sæta rithöfundinum.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.40** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **20.00** You Don't Mess With The Zohan STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Biggest Loser SKJÁREINN



▶ **21.45** NCIS: LA STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** Football Legends - Bobby Charlton STÖÐ2 SPORT2

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Áfangastaðir - Óteljandi íslenskt** (3:12) Þáttaröð eftir Sigurð Sigurðarson og Guðberg Davíðsson.

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Svarfaðardalur** (12:24) Þáttaröð eftir Magnús Magnússon.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fyndin og furðuleg dýr (24:26)**

**17.35 Fræknir ferðalangar (58:91)**

**18.00 Leó (20:52)**

**18.05 Manni meistari (10:13)**

**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Ástin fæst ekki keypt** (Can't Buy Me Love) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1987. Ronald Miller er orðinn langþreyttur á því að vera lúði og fær eina af vinsælustu stelpunum í skólanum til að hjálpa sér að leysa vandann.

**21.45 Andspyrna** (Defiance) Bandarísk bíómynd frá 2008. Gyðingabræður í hernámi nasista í Austur-Evrópu flýja inn í skóga Hvíta-Rússlands og reisa þar þorp ásamt rússneskum andspyrnumönnum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.00 Wallander – Ljósmyndarinn** (Wallander: Fotografen) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Nine Months**

**10.00 Mr. Woodcock**

**12.00 How to Eat Fried Worms**

**14.00 Nine Months**

**16.00 Mr. Woodcock**

**18.00 How to Eat Fried Worms**

▶**20.00 You Don't Mess with the Zohan**

**22.00 The Banger Sisters**

**00.00 Stay Alive**

**02.00 The Truth About Love**

**04.00 The Banger Sisters**

**06.00 Four Weddings And A Funeral**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Kalli litli Kanína og vinir, Hvellur keppnisbíll, Lalli

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Beauty and the Geek** (4:10)

**11.00 60 mínútur**

**11.50 Amne$ia** (1:8)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (10:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (218:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (219:300)

**15.25 Wonder Years** (7:17)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

▶**17.58 The Simpsons** Níunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (8:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.

**19.40 The Simpsons** (8:21) Tuttugasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu.

**20.05 Here Come the Newlyweds** (6:6) Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í allskyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð.

**20.50 The Cable Guy** Sprenghlægileg mynd um manninn sem kemur inn á heimili fólks og tengir sjónvarpskapalinn.

**22.25 Easy** Eldheit rómantísk gamanmynd um unga konu sem er með allt sitt á hreinu í vinnunni en tvo í takinu og allt í steik í einkalífinu.

**00.00 Glaumgosinn**

**01.20 Tombstone** Einn allra vinsælasti vestri síðari ára.

**03.25 16 Blocks** Hörkuspennandi hasarmynd.

**05.05 American Dad** (8:20)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**14.35 Turning Stone Resort Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni skoðuð í þaula.

**15.30 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**15.55 PGA Championship 2010** Útsending frá PGA Championship mótinu í golfi en til leiks eru mættir flestir af bestu kylfingum heims.

**19.00 PGA Championship 2010** Bein útsending frá öðrum keppnisdegi á PGA Championship mótinu í golfi.

**00.00 London High Roller 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker þar sem mæta margir af bestu og snjöllustu spilurum heims.

**00.50 London High Roller 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en til leiks mæta margir af bestu og snjöllustu spilurum heims.

**01.40 Bayern - Real Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**18.45 Wigan - Arsenal** Útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

▶**22.00 Football Legends - Charlton** Í þessum þáttum eru skoðaðir margir af fremstu knattspyrnumönnum sögunnar. Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton.

**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina i knattspyrnu.

**23.00 Stoke - Tottenham** Útsending frá leik Stoke og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.35 Sumarhvellurinn** (9:9) (e)

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Dynasty (**11:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Sumarhvellurinn** (9:9) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Dynasty** (12:30)

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Three Rivers** (10:13) (e)

**19.00 Being Erica** (13:13) Skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.

**19.45 King of Queens** (5:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

▶**20.10 Biggest Loser** (16:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Þeir fimm keppendur sem eftir eru halda til Ástralíu þar sem þeir taka þátt í kapphlaupi um Sydney.

**21.35 Bachelor** (2:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.

**23.05 Parks & Recreation** (15:24) (e)

**23.30 Law & Order: Special Victims Unit** (1:22) (e)

**00.20 Life** (17:21) (e)

**01.10 King of Queens** (5:13) (e)

**01.35 Last Comic Standing** (7:11) (e)

**02.20 Premier League Poker II** (2:15) Skemmtilegt pókermót þar sem 12 af sterkustu pókerspilurum heims reyna með sér.

**04.05 Girlfriends** (19:22) (e)

**04.25 Jay Leno** (e)

**05.10 Jay Leno** (e)

**05.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin í sumarskapi.

**21.00 Golf fyrir alla** Við spilum 4. og 5. braut með Hansa, Jonna og Bjarka.

**21.30 Eldum íslenskt** Það gerist ekki betra íslenska nýmetið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### The Cable Guy



Sprenghlægileg mynd um manninn sem kemur inn á heimili fólks og tengir sjónvarpskapalinn. Við fylgjumst með því þegar hann kemur inn á heimili Stevens, gerir sig heimakominn og setur allt á annan endann. Sagan er bráðsnjöll og leikur Jims Carreys engu líkur.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Here Come The Newlyweds**
**Stöð 2 kl. 20.05**

Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í alls kyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð. Reynir þar ekki aðeins á hæfni þeirra og úrræðasemi á öllum mögulegum sviðum heldur einnig sambandið sjálft og hversu vel hin nýgiftu pör ná að vinna saman og þekkja hvort annað.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Stimpilklukkan
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Jazzhátíð Reykjavíkur 2010
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir frammúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Oprah's Big Give** (4:8) Stórmerkileg þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin og hún lætur tíu ólíka einstaklinga keppa innbyrgðis í gjafmildi. Þeir fá til umráða umtalsverða fjármuni sem þeir geta ráðstafað að vild til góðgerðamála og þeirra sem virkilega þurfa á aðstoð að halda og í raun að láta alla þeirra villtustu drauma rætast.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.45 NCIS: LA** (1:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

**22.30 The Closer** (7:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson sem ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**23.15 The Forgotten** (4:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.

**00.00 Oprah's Big Give** (4:8)

**00.45 The Doctors**

**01.30 Fréttir Stöðvar 2**

**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Vicar of Dibley **12.40** Fawlty Towers **13.10** Fawlty Towers **13.40** My Family **14.10** My Family **14.40** Last of the Summer Wine **15.10** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** ,Allo ,Allo! **18.00** Harry And Paul **18.30** The Visitor **19.00** Saxondale **19.30** The Inspector Lynley Mysteries **20.15** The Jonathan Ross Show **21.05** Harry And Paul **21.35** Come Dine With Me **22.00** The Jonathan Ross Show **22.50** Primeval **23.40** Come Dine With Me

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** Rabatten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Høvdingebold **14.05** Radiserne **14.30** AF1 - alle for 1 **14.50** Alfred **15.00** Mad i kassen **15.15** Klassen 2.b **15.30** Fredagsbio **15.40** Alfons Åberg og hans ganske særlige fest. **15.50** Lillefinger - Kortspillet **16.00** Jan i Island **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Rush Hour 2 **20.55** Anacondas: Jagten på blodorkidéen **22.30** En særlig sag

## NRK 1

**12.20** Uteliv om høsten **12.50** Solens mat **13.20** Tradisjonshandverk **13.30** Verdensserien i sandvolleyball **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Friidrett **20.00** Toppidrettsveka **20.20** Tause vitner **21.05** Kveldsnytt **21.20** Tause vitner **22.15** Hotel Babylon **23.10** Little Britain USA **23.35** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**13.00** Såna är mammor **13.30** Mat och grönt på Friland **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Djursjukhuset **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Din plats i historien **16.50** Lanthandeln **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Val 2010. Demokratifesten **20.00** Jersey Girl **21.40** Nightmares and dreamscapes **22.25** Sommarkväll med Anne Lundberg **23.25** Kriminaljouren





# GRILLJÓN HUGMYNDIR

**Gott í matinn** vörurnar frá MS eru nákvæmlega það sem þarf til þess að gera grillmatinn girnilegri. Það er hægt að gera óteljandi margar útgáfur af ferskum grillsósum með sýrðum rjóma, matreiðslurjóma, grískri eða hreinni jógúrt. Rifni gráðaosturinn og piparosturinn eru líka góðir í sósur eða bara ofan á hamborgarann. Prófaðu svo sýrðan rjóma eða jógúrt með grilluðum ávöxtum. Gefðu hugmyndafluginu lausan tauminn við grillið í sumar!

GOTT Í MATINN ER Á facebook VERTU MEÐ!

Skráðu þig í **Gott í matinn** netklúbbinn og vertu með okkur á **Facebook**!

**www.gottimatinn.is**

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mínar grillvenjur eru ekki flóknar. Ég er mest fyrir svínakjöt, snitzel eða kótilettur og meðlætið er bara það sem hendi er næst.“*

Hjörtur Geirsson tónlistarmaður.



**LÁRÉTT**
**2.** stagl, **6.** bor, **8.** vafi, **9.** segi upp, **11.** tveir eins, **12.** kvenflíka, **14.** brennivídd, **16.** pot, **17.** hylli, **18.** leyfi, **20.** ekki heldur, **21.** þefa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kast, **3.** drykkur, **4.** syndafyrirgefning, **5.** fjallaskarð, **7.** glitra, **10.** nögl, **13.** hallandi, **15.** bakhluti, **16.** ónn, **19.** klaki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stag, **6.** al, **8.** efi, **9.** rek, **11.** ll, **12.** pilsa, **14.** fókus, **16.** ot, **17.** ást, **18.** frí, **20.** né, **21.** nasa.
**LÓÐRÉTT: 1.** varp, **3.** te, **4.** aflausn, **5.** gil, **7.** leiftra, **10.** kló, **13.** ská, **15.** stél, **16.** ofn, **19.** ís.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. 25,5 prósent.
2. Benedikt Stefánsson.
3. 34 ár.


**Sýningar á leikritinu Hallveig ehf. í Reykholti.**

14. ágúst kl. 17:00
21. ágúst kl. 17:00
28. ágúst kl. 17:00

Miðapantanir á heimasíðu http:// hallveig.sida.is og í síma 690 1939



**Gerðu góðverk í dag**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Vera tók upp lag í fríinu í París

Vera Sölvadóttir, tónlistar- og kvikmyndagerðarkona, tók nýverið upp lag með franska tónlistarmanninum Bertrand Georges, sem starfar undir nafninu Audible, og verður lagið gefið út á smáskífu innan skamms.

„Ég bjó í París á námsárum mínum og var þá í hljómsveit með Bertrand. Hann er með eigin útgáfu og sækist eftir því að vinna með tónlistarmönnum frá hinum ýmsu löndum og taka upp lög sem sungin eru á mismunandi tungumálum. Lagið sem ég tók upp með honum er þó á frönsku, það er ballaða og heitir á íslensku Fuglarnir og Róbert,“ útskýrir Vera. Hún tók upp lagið í síðasta mánuði á meðan hún heimsótti Parísarborg og er lagið þegar fáanlegt á Netinu. Hún segir Bertrand Georges vera nokkuð þekktan tónlistarmann í Frakklandi og hefur hann gefið út nokkrar hljómplötur með tónlist sinni og er ný hljómplata með honum væntanleg innan skamms.

Vera segist hafa gaman af því að vinna með öðrum listamönnum að tónlist, en sjálf er hún í tónlistartvíeykinu BB & Blake ásamt leikaranum Magnúsi Jónssyni. „Mér finnst mjög gaman að vinna að tónlist með hinum ýmsu tónlistarsnillingum. Þessa dagana er ég að semja tónlist fyrir stuttmynd ásamt Jarþrúði Karlsdóttur sem er afskaplega gaman,“ segir Vera sem leikstýrir einnig myndinni.

Aðspurð segir hún BB & Blake hafa legið í hálfgerðum dvala undanfarið þar sem Magnús er fluttur til Akureyrar vegna vinnu, en hann leikur í The Rocky Horror Picture Show. „Við munum sinna tónlistinni betur þegar ég endurheimti hann í vetur,“ segir Vera glöð í bragði. Hægt er að hlusta á lagið á vefsíðunni www.soundcloud.com/verawonder.

-sm



**SYNGUR Á FRÖNSKU** Vera Sölvadóttir, tónlistar- og kvikmyndagerðarkona, tók upp lag með franska tónlistarmanninum Bertrand Georges fyrir stuttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VÖRUBÍLSTJÓRI Í HJÁVERKUM** Jóhanna Eva Gunnarsdóttir keyrir vörubíl og hannar föt undir sínu eigin merki, JEG Fashion. FRÉTTABLAÐIÐ/

### JÓHANNA EVA GUNNARSDÓTTIR: FÉKK FYRSTU SAUMAVÉLINA FIMM ÁRA

# Ungur vörubílstjóri tekur þátt í fatahönnunarkeppni

„Ég er búin að hafa áhuga á saumaskap síðan ég man eftir mér og fékk mína fyrstu saumavél fimm ára,“ segir vörubílstjórinn Jóhanna Eva Gunnarsdóttir.

Jóhanna Eva tekur þátt í fatahönnunarkeppni á vegum Iceland Fashion Week í byrjun september. Hún hefur lagt stund á fatahönnunarnám í Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbraut í Breiðholti og nú síðast í Tækniskólanum. Hún hefur verið með merkið sitt JEG Fashion í kollinum í smá tíma og saumað aðeins fyrir sína nánustu. „Ég sá þessa Martini-fatahönnunarkeppni auglýsta fyrir nokkru og ákvað að sækja um. Svo var haft samband við mig í byrjun vikunnar og mér boðið að taka þátt,“ segir Jóhanna. „Ég veit ekki hver verðlaunin eru enn þá en það verða bæði íslenskir og erlendir dómarar að dæma okkur sem taka þátt en hver og einn hönnuður sýnir sjö flíkur.“

Jóhanna segist hafa tekið meiraprófið um leið og hún gat eða þegar hún var 18 ára. „Bróðir minn var að fara og ég ákvað að skella mér með honum. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á bílum,“ segir Jóhanna og bætir við að hún hafi verið eins og grár köttur í kringum vinnuvélar og gröfur í sveitinni hjá ömmu sinn og afa á yngri árum. Hún er eina stelpan sem vinnur hjá Gámaþjónustunni við keyrslu og ber vinnufélögum sínum vel söguna. „Þetta er mjög líkamlega erfið vinna og það finnst mér fínt. Eina er að ég vil hafa minn bíl fyrir mig því mér finnst betra að vera með hreint í kringum mig í bílstjórasætinu,“ segir Jóhanna og hlær.

Aðeins tvær vikur eru til stefnu í sjálfa keppnina en Jóhanna er hvergi bangin. „Ég fer bara að spýta í lófana núna. Mér finnst flottast þegar flíkur sýna kvenlegu línurnar svo það má segja að hönnun mín einkennist af svoleiðis sniðum.“ Aðspurð hvort hún mundi velja fatahönnun eða vörubílaakstur sem framtíðarstarf svara Jóhanna: „Bæði. Ég er heppin að geta nú þegar sinnt og starfað við bæði áhugamál mín.“

alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Frétt þýska vikuritsins Der Spiegel um handboltamenn þar í landi hefur vakið talsverða athygli. Þar er handboltahetjan **Logi Geirsson** sagður stórskuldugur, en hann vísar því á bug í samtali við Morgunblaðið. Logi segir að ansi margar rangfærslur séu í grein Der Spiegel og ein þeirra sé sú að hann búi hjá vini sínum. Hann mun skýra ítarlega frá málinu í bók sinni 10.10.10 sem kemur út eftir tæpa tvo mánuði. Þar mun fólk fá að lesa sannleikann í málinu.



Og það er alltaf nóg að gerast í bókabransanum. Spennusagan Sólstjakar eftir **Viktor Arnar Ingólfsson** kemur út á vegum tékkneska forlagsins Moba á næstu misserum. Bókin sem kom út fyrir síðustu jól hefur þegar vakið talsverða athygli erlendra útgefenda. Moba-menn létu sér ekki nægja nýjasta krimma Viktors heldur tryggðu sér einnig sögu eftir Stellu Blómkvist, Morðið í alþingishúsinu. Sá dularfulli höfundur ku vinna að nýrri bók, en sú síðasta kom út árið 2006 …

Nágrannar Tékka í vestri, Þjóðverjar, eru einnig spenntir fyrir íslenskum bókum en þeir virðast hneigðari fyrir sögulegan fróðleik. Þannig var samið um útgáfu á bók Vésteins Ólasonar, Samræður á söguöld, við forlagið Ludwig Verlag og kollegar þeirra hjá Bouvier Verlag keyptu Wagner og Völsunga eftir Árna Björnsson. Þá gefur forlagið Orlanda út ævisögu **Vigdísar Finnbogadóttur** eftir Pál Valsson og ævisaga Snorra Sturlusonar, skráð af Óskari Guðmundssyni, kemur út hjá Böhlau Verlag.



- afb

# Papa Roach hermir eftir Búdrýgindum

Lag bandarísku rokksveitarinnar Papa Roach, Change Or Die, sem kom út í fyrra þykir líkjast Ósonlagi hljómsveitarinnar Búdrýginda frá árinu 2003 furðu mikið.

„Það er margt þarna sem er mjög svipað,“ segir Axel Haraldsson, forsprakki Búdrýginda, spurður um líkindin með lögunum. „Lagið byrjar eiginlega alveg nákvæmlega eins. Ég fór bara að hlæja þegar ég heyrði þetta. Þetta var bara fyndið,“ segir hann og telur líklegt að Papa Roach hafi heyrt í Búdrýgindum á Youtube og orðið fyrir áhrifum.

Svo skemmtilega vill til að hljómsveitin Hjaltalín, sem Axel og Viktor Orri Árnason úr Búdrýgindum eru einnig meðlimir í, spilar á tónlistarhátíð í Ungverjalandi á laugardaginn ásamt Papa Roach. „Kannski maður reyni að hitta þá og fá prósentur. Gítarleikarinn í Búdrýgindum er líka að klára BA í lögfræði. Ef það verða eftirmál af þessu fer hann bara í mál,“ segir Axel í léttum dúr. „Eða kannski fær maður Jakob Frímann til að setja saman nefnd til að meta þetta. Við sjáum hvernig þetta fer.“

Þrátt fyrir að lítið hafi heyrst í Búdrýgindum undanfarin ár er hljómsveitin ekki hætt og stefnir á tónleika í byrjun september.

- fb



**JACOBY SHADDIX** Söngvari Papa Roach gæti hafa heyrt í Búdrýgindum á Youtube. NORDICPHOTOS/GETTY



**BÚDRÝGINDI** Byrjunin á Change Or Die er mjög svipuð Ósonlaginu með Búdrýgindum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skósprengja
# Í fullum gangi

mánudag - föstudag 11 - 18,
laugardag 11 - 16
og sunnudag 13-17

LÁGMARK
**50%**
afsláttur

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

Vörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Enginn Adolf Ingi á HM

Íþróttafréttamaðurinn **Adolf Ingi Erlingsson** hefur verið fastagestur í stofum landsmanna þegar lýsingar frá leikjum íslenska landsliðsins í handbolta eru annars vegar. En nú er svo komið að hann verður fjarri góðu gamni á næstu tveimur heimsmeistaramótum eftir að 365 keypti sýningarréttinn að þeim. Almenningur hefur hingað til skipst í tvo hópa þegar Adolf Ingi er á skjánum. Sumir finna honum flest til foráttu en aðrir telja hann hreinlega ómissandi innan um strákana okkar. Fari svo að Stöðvar 2-menn kveiki á perunni og tryggi sér krafta hins reynslumikla Adolfs Inga fyrir næsta mót myndi hann feta í fótspor fótboltasérfræðingsins Hjörvars Hafliðasonar sem skipti nýlega yfir til Stöðvar 2 Sport 2 frá Sjónvarpinu.



### Auglýsir moppur í Noregi

Fegurðardrottningin **Unnur Steinsson** hefur vakið athygli í norsku sjónvarpi undanfarnar vikur. Unnur fer nefnilega með aðalhlutverkið í auglýsingu fyrirtækisins Jif á moppum. Þykir Unnur beita moppunni af mesta fagmennsku í auglýsingunni og taka sig vel út.



- fb / mþl

### Mest lesið visir.is

1. Loftsteinadrífa skellur á jörðinni, ætti að sjást vel á Íslandi
2. Málið orðið flóknara en áður
3. „RÚV glopraði keppninni úr höndum sér"
4. Áfengisdrykkja danskra unglingsstúlkna veldur áhyggjum
5. Slys sem beðið var eftir
6. Ofbeldismenn sitji ekki eins og kóngar heima

Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Dorma býður betur



HANDKLÆÐI - NÝ SENDING
ÓTRÚLEGT VERÐ
ELLEFU LITIR

30x30 cm kr. 99,-
50x100 cm kr. 499,-
70x140 cm kr. 995,-
Baðmottur 50x85 cm kr. 1.090,-





69.900,-
Frábær svefnsófi með rúmfatageymslu!



69.900,-
Hægindastóll í tau



20% afsláttur
Stillanlegt heilsurúm



2.900,-
Sængurverasett




20% afsláttur
Serta heilsurúm



149.000,-
Interbed 160x200



YANKEE CANDLE
a passion for fragrance
Yfir 40 ilmtegundir



5.900,-
Barnasæng 70x140 cm



14.900,-
Dúnsæng

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA
– býður góða nótt
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is